

allt

SIGURÐUR AXEL SVEINSSON

Smíðar allan daginn

• atvinna í MIÐJU BLAÐSINS ▶



PORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR

Leiðbeinir fólki með betra mataræði

FANN ÁSTINA Í AMERÍKU HELGARVIÐTAL 30 ▶



NÝR KONUNGLEGUR!

ÍSKALDUR
FAXE
ROYAL

LÉTTUR ÖLLARI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. október 2005 - 264. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR



Það má ætíð treysta Royal

Royal lyftiduft og búðingar hafa fylgt þjóðinni í 65 ár. Fréttablaðið kynnti sér Royal og sögu þess.

MATUR 28

Steig ekki langt frá pólitíkinni


Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hefur verið mikið í umræðu manna á meðal þessa vikuna. Frá því að hann hóf störf á blaðinu hefur hann verið vakinn og sofinn yfir útgáfu þess.



MADUR VIKUNNAR 16

Haukur Ingi skuldaði Fylki

Fjórir lykilmenn hjá Fylki skrifuðu undir nýja samninga við félagið í gær og þar á meðal var Haukur Ingi Guðnason sem Fylkismenn stóðu þétt bak við í gegnum mjög erfið meisli.



ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



FER AÐ RIGNA VESTAN TIL eftir hádegi. Fram að því víða bjart með köflum. Þykkar smá saman upp á landinu með vaxandi sunnan átt. Víða væta í kvöld og nótt. Hlín-andi veður þegar líður á sídegili.

VEÐUR 4

Arfavitlaus hagstjórn

Fyrirtæki sem byggja afkomu sína á erlendri mynt líða fyrir hátt gengi krónunnar og hækkandi stýrivexti. Gengi krónunnar styrkist enn frekar og Seðlabankinn hefur tilkynnt um hækkun stýrivaxta á þriðjudag.

EFNAHAGSMÁL „Hagstjórnin er eins arfavitlaus og hægt er að hugsa sér,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri útgerðarfélagssins Brims á Akureyri. Guðmundur segir vandann vera heimatilbúinn því ríkið eigi bæði Íbúðalánasjóð sem dæli út peningum og Seðlabankann á hinum endanum. Hann telur að þessar aðferðir eigi eftir að leggja útflutningsgreinarnar í rúst. „Afleiðingarnar koma bara ekki í ljós alveg strax, en þær verða mjög alvarlegar til lengri tíma lítið,“ segir Guðmundur. Í sama streng tekur Stefán

Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Íslandsferða. Hann segist sjá fram á versnandi hag ferðaþjónustu í kjölfar hækkunar á stýrivöxtum. „Því sterkari sem krónan er, þeim mun verri verða aðstæður okkar. Við erum trúlega í um fimmtán prósentum verri aðstöðu núna en fyrir ári síðan vegna gengisþróunarinnar,“ segir Stefán. Hann útskýrir að verið sé að keppa við þjónustu í öðrum löndum þar sem gengi er stöðugt. Þannig sé um að ræða ytri aðstæður í rekstrinum sem valdi verðhækkunum og minni eftirspurn.

Viðar Viðarsson, framkvæmdastjóri EJS, segist ekki viss um að gengið hafi allt að segja fyrir þá sem flytja vörur inn. „Þó að gengið styrkist eða veikist þýðir það bara batnandi eða versnandi aðstæður fyrir alla sem eiga í innflutningi,“ segir Viðar. Hann segir áhuga sinn fremur beinast að gengisþróun þeirra gjaldmiðla sem hann og samkeppnisaðilarnir eru að nota. Viðar segir viðskiptavinum fyrirtækisins njóta hagstæðrar gengisþróunar.

- óká / sjá síðu 4

Lögmaður 365 prentmiðla: Snýst um tján-ingarfrelsið

LÖGBANN Lögbann var í gær sett á birtingu tölvupósta sem Jónína Benediktsdóttir fékk og sendi og Fréttablaðið hefur haft undir höndum.

„Í mínum huga þá er þetta mál sem varðar ekki sérstaklega Fréttablaðið eða þessi tölvugögn heldur snýst það miklu frekar um það hvar mörk tjáningarfrælsisins liggja,“ segir Jón Magnússon, lögmaður 365 prentmiðla. 365 prentmiðlar hyggjast fá banninu hnekk fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Jón segir að ef það takist ekki sé ljóst að persónuverndarákvæðið sé farið að ná langt umfram tján-ingarfrelsið.

„Þá erum við komin í mikinn vanda. Þá er spurning hvort eðlileg fjölmiðlun fái þrífist og hvort hægt sé að halda uppi eðlilegri lýðræðislegri starfsemi og upplýsingamiðlun í landinu. Það finnst mér meginatriðið í málinu.“

Jón segir lögbannið óvenju viðtækt. „Ég veit ekki dæmi þess að áður hafi verið lagt lögbann á upplýsingar sem þegar hafa verið birtar – það er mjög sérstakt.“

- th / sjá síðu 2

Vistvænar greftranir:

Líkin verða frostþurrkuð

SVÍÐIÐ Yfirvöld í bænum Jönköping í Svíþjóð hyggjast bjóða upp á umhverfisvænar jarðarfarir árið 2007. Aðferðin er þróuð af vistfræðingum og felst í því að líkin verða frostþurrkuð og þeim þannig breytt í duft.

Með þessu móti verður hægt að grafa grynri grafir og hinar jarðnesku leifar byrja að næra jarðveginn innan nokkurra vikna. Kirkjan hyggst styðja þessa áætlun og telur aðferðina ekki óskylda líkbrennslu. Breska ríkisútvarpið BBC greinir frá. ■



BESSASTAÐIR BADAÐIR BLEIKU LJÓSI Í tilefni þess að október er helgaður árveknisátaki um brjóstakrabbamein kveiktu forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og kona hans, Dorrit Moussaieff, á bleikum ljóskösturum í gær. Bessastaðir verða lýstir fram á mánudag.

Innflutningur á tilraunadýrum hefur nálega tvöfaldast:

Á fjórða þúsund tilraunamýs fluttar inn

VÍSINDI Innflutningur á dýrum sem notuð eru við tilraunir hefur snaraukist á síðustu árum. Ólíkt því sem gerist í nágrannalöndunum hafa dýraverndunarsinnar ekki beint spjótum sínum að íslenskum tilraunastofum enda gilda mjög strangar reglur um meðferð dýranna.

Dýr eru notuð við ýmiss konar tilraunir hér á landi, sérstaklega á sviði lyfjafraeði og lækningar. Tilraunadýr eru hins vegar ekki ræktuð hérlandis heldur eru þau flutt inn frá Danmörku.

Að sögn Eggerts Gunnarssonar, dýralæknis á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, hefur innflutningurinn vaxið hröðum skrefum. Þannig voru ríflega þrjú þúsund til-



MÝSLA Mýs eru notaðar við ýmiss konar tilraunir hérlandis. Flestar tengjast læknis- og lyfjafraeði.

raunamýs fluttar til landsins í fyrra, samanborið við 1.500 árið áður, en auk þess voru um sex hundruð rottur fluttar hingað inn árið 2004.

„Menn eru einfaldlega að gera sér grein fyrir að dýr geta verið hentug í þessu skyni,“ segir Eggert.

Mjög strangar reglur gilda um meðferð dýranna. Þannig kveður reglugerð á um að einungis megi nota dýr í tilraunum „ef ekki eru þekktar aðrar hagkvæmar og hentugar leiðir“ og er þess gætt í hvívetna að dýrin þjáist eins lítið og mögulegt er. Tilraunadýranefnd, sem í situr síðfræðingur, fjallar um hverja einustu tilraun og einungis þeir sem hafa tilskilin réttindi fá að inna tilraunina af hendi.

- shg

Frjáls íbúðalán

4,15% verðtryggðir vextir

FRJÁLSSI

Mögnuð tilboð á nýjum vörum

NÚ LÍKA Á MÁNUÐAGUM!

29. sept. - 3. okt.

Kaup hlaup

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



SPURNING DAGSINS

Bragi, er Barnaverndarstofa komin í útrás?

„Það má segja það því starfsaðferðir okkar hafa vakið athygli víða. Opnunina í Svíþjóð ber þó hæst en ég hef grun um að Barnahús verði opnuð víðar í framtíðinni.“

Barnahús, að íslensku fyrirmynd, var opnað í Svíþjóð í gær. Bragi Guðbrandsson er forstöðumaður Barnaverndarstofu.



ÓSHLIÐ Vegagerðin mun nú þegar hefjast handa við rannsóknir og undirbúning jarðgangagerðar undir Óshlíð.

Samgöngubót fyrir vestan:

Jarðgöng lögð undir Óshlíð

SAMGÖNGUR Ríkisstjórnin samþykkti í gær að ráðist verði þegar í stað í undirbúning jarðgangagerðar undir Óshlíð á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Síðastliðnar vikur hefur grjóthrun færst mikið í vöxt á Óshlíðarveginum, eina veginum til Bolungarvíkur, en mest er grjóthrunið á vorin og haustin.

Bygging ganganna á að hefjast næsta haust. Gert er ráð fyrir því að göngin verði um 1.220 metra löng og munu þau liggja milli Einbúa og Hrafnakletta. Áætlaður kostnaður er um 1.000 milljónir. ■

Framboð til öryggisráðs SP:

Stöndum við framboðið

STJÓRN MÁL „Við munum halda okkur við það framboð sem þegar hefur verið ákveðið,“ segir Geir H. Haarde utanríkisráðherra. Fjallað var um framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á ríkisstjórnarfundum í gærmorgun og aftur á fundi utanríkisnefndar í gær.

Geir segir að gera megi ráð fyrir að kostnaðurinn verði um það bil 210 milljónir króna fram til ársins 2008. „Það fer svo eftir því hvort við náum framboði eða ekki hvað tekur við. Það gæti orðið kostnaður upp á 100 milljónir hvort árið fyrir sig sem við sætum í ráðinu,“ bætir Geir við. - **sj**

Slippstöðin á Akureyri hefur óskað eftir gjaldþrotaskiptum:

Starfsmenn standa vörð um vinnusvæðið

GJALDÞROT Lögmaður Slippstöðvarinnar á Akureyri óskaði í gær eftir því að félagið yrði úrskurðað gjaldþrota og mun Héraðsdómur Norðurlands eystra taka gjaldþrotabeðnina fyrir á mánudaginn.

Slippstöðin hefur átt í alvarlegum fjárhagserfiðleikum frá því í sumar sem rekja má til verkefnis sem Slippstöðin tók að sér við Kárahnjúkavirkjun, í undirverktöku fyrir þýska fyrirtækið DSD Stahlbau. Starfsmenn Slippstöðvarinnar eiga inni tveggja til fjögurra vikna vanguardin laun og til að þrýsta á um greiðslu þeirra komu þeir í gær í veg fyrir að flutningabíll á vegum Landsvirkjunar og DSD kæmist út

af athafnasvæði Slippstöðvarinnar. Í bílnum eru verkfæri og annar búnaður sem starfsmenn Slippstöðvarinnar notuðu við vinnu sína við Kárahnjúkavirkjun og átti að flytja aftur austur.

Þrátt fyrir að Slippstöðin stefni í þrot er flutningabíllinn enn kyrrsettur á Akureyri og verður það væntanlega fram yfir helgi þangað til héraðsdómur hefur tekið afstöðu til gjaldþrotabeðninnar. - **kk**

VARÐSTAÐA Starfsmenn Slippstöðvarinnar lokuðu athafnasvæði fyrirtækisins á Akureyri í gær og um helgina ætla þeir að standa vörð um vinnusvæðið til að koma í veg fyrir að verðmæti, sem tryggt geti launagreiðslur þeirra, verði fjarlægð.



Lögbann á birtingu fréttu úr tölvupósti

Sýslumaðurinn í Reykjavík setur lögbann á birtingu tölvupósts Jónínu Benediktsdóttur sem Fréttablaðið hefur haft undir höndum. Aðför að rit- og málfrelsi, segir fréttaritstjóri Fréttablaðsins. Skýrt brot á lögum, segir lögmaður Jónínu.

LÖGBANN Lögbann hefur verið sett á birtingu fréttu úr tölvupósti sem Fréttablaðið hefur haft undir höndum. Tölvupóstarnir sem um ræðir snerta Baugsmálið.

Skömmu fyrir hádegi í gær komu fulltrúar sýslumanns á ritstjórn blaðsins með lögbannskröfuna og úrskurð um að tölvupóstarnir yrðu afhentir þeim. Með þeim var Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Jónínu Benediktsdóttur, sem fór fram á lögbannið. Niðurstaðan varð sú að fulltrúar blaðsins afhentu sýslumanni tölvupóstana.

„Það hefur verið gerð aðför að Fréttablaðinu og ekki bara Fréttablaðinu heldur ritfrelsi og málfrelsi,“ segir Sigurjón Magnús Egilsson, fréttaritstjóri Fréttablaðsins. „Það er ekki nóg með að Fréttablaðið megi ekki birta fréttir úr þessum gögnum heldur hefur því einnig verið meinað að vitna í eldri fréttir sem byggja á upplýsingum úr þeim.“

Sigurjón Magnús segir að ástæðan fyrir því að gögnin voru afhent sýslumanni sé að hann telji algjörlega ómögulegt að rekja hvaðan gögnin komi.

„Ef minnsti vafi hefði leikið á því hefði ekki komið til greina að afhenta gögnin. Ef við hefðum neitað því að afhenta þau hefði sýslumaður kallað á lögreglu.“

Sigurjón Magnús segir að Fréttablaðið hafi einungis birt það úr þessum gögnum sem hafi haft mikið fréttagildi, en sleppt alfarið þeim hluta sem lúti að



SÝSLUMAÐUR Á SKRIFSTOFU FRÉTTARITSTJÓRA Skömmu fyrir hádegi í gær mætti sýslumaður ásamt lögmanni Jónínu Benediktsdóttur á skrifstofu fréttaritstjóra Fréttablaðsins.

viðkvæmu einkalífi þeirra sem hlut eiga að máli.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Jónínu, segir að Jónína eigi rétt á því að gögnin séu tekin og birting þeirra stöðvuð. Lögin geri engan greinarmun á því hvert innihald gagnanna sé.

„Það er bundið í lög að það megi ekki taka ófrjálsri hendi einkagögn manna og hagnýta þau án heimildar með þeim hætti sem Fréttablaðið hefur gert. Þetta kemur skýrt fram í lögum um fjarskipti og í almennum hegningarlögum er

lagt bann við því að hnýsast í einkagögn manna.“

Lögbannið er lagt á fyrirtækið 365 prentmiðla sem þýðir að aðrir fjölmiðlar í eigu þess, eins og til dæmis DV, Hér og nú og Birta, verða að hlýða því. Lögbannið er bráðabirgðaaðgerð og því hefur lögfræðilega ekki verið lagður neinn dómur á það hvort krafan sé réttmæt. Hróbjartur og Jón Magnússon, lögmaður 365 prentmiðla í málinu, takast á um það í Héraðsdómi Reykjavíkur á næstu dögum.

trausti@frettabladid.is



VIÐ KOMUNA TIL ÍSAFIJARÐAR Vilhelm Þorsteinsson kemur Akureyrinni til hafnar.

Akureyrin EA-110:

Í skrifuna á Halamiðum

SJÁVARÚTVEGUR Akureyrin EA-110 fékk í skrifuna á Halamiðum í gær. Að sögn Kristjáns Vilhelmssonar hjá útgerðinni Samherja á Akureyri var það Baldvin Þorsteinsson EA-10 sem dró Akureyrina inn í Skutulsfjörð en annað Samherjaskip, Vilhelm Þorsteinsson EA-11, kláraði verkið og kom Akureyrinni að bryggju í Ísafjarðarhöfn.

Kristján segir allt hafa gengið að óskum við björgunina, á Ísafirði verði gert við og svo haldi menn aftur ótrauðir til veiða. - **sj**



UMFERÐARSLYS Mikil umferðarteppa varð þegar ökumaður bifhjólssmi stjórna á því í gær.

Bílslys í Ártúnsbrekku:

Tveir slasast

SLYS Ökumaður og farþegi á bifhjólslösuðust þegar ökumaðurinn missti stjórn á hjólinu og ók utan í að minnsta kosti tvo bíla í Ártúnsbrekku síðdegis í gær. Báðir voru fluttir á slysavárðsstofu, en þeir beinbrotnuðu báðir illa í slysinu og gengust undir aðgerðir. Ökumenn og farþegi í bifreiðunum tveim voru allir fluttir á slysa-deild með minni háttar meðslu.

Umferð um Ártúnsbrekkuna tafðist mikið til vesturs á meðan verið var að sinna fólkinu og koma bifhjólslu af veginum. ■

Ólöglegt olíusamráð:

Fleiri ætla í bótamál

SJÁVARÚTVEGUR Heldur hefur fjölgað í hópi útgerðarfélaga sem hyggjast sækja bætur fyrir dómi vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna. Einungis eitt félag hefur þó enn lýst þeirri fyrirætlan sinni opinberlega, en það er Guðmundur Runólfsson hf. á Grundarfirði.

Samkvæmt heimildum blaðsins verður hvert félag að gera upp við sig sjálft hvort það vilji í mál við olíufélögin, en svo verða mál-in rekin saman með aðstoð Landsambands íslenskra útvegsmanna. Einn heimildarmaður blaðsins taldi að vænn hópur útgerðarfélaga ætlaði sér í mál vegna samráðsins. - **óka**

VEFSMÍÐI

Dreamweaver MX 2004

Dreamweaver er eitt vinsælasta vefsmíðaforrit á markaðnum í dag enda bæði fjölbreytt og afar einfalt í notkun. Á þessu námskeiði verður farið í helstu grunnatriði Dreamweaver og hvernig má nota það til að búa til vefsíður og halda þeim við.

Einnig verður kennt notkun margmiðlunarfnis og javascript til að krydda vefsíður ásamt faglegri uppsetningu skráa á vefsvæði. Í lok námskeiðsins búa nemendur til fullkláraðan vef og læra hvernig á að setja vefsíður inn á Netið. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Lengd námskeiðs 31 kennslustund. Kennir mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl 17:30 - 21:00. Hefst 10. okt og lýkur 26. okt. Verð kr. 29.000,- (Kennslubók innifalinn)

TÖLVUSKÓLINN PEKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Blaðamannafélagið mótmælir:

Sýslumaður á ekkert erindi inn á ritstjórnarstofur

LÖGBANN Stjórn Blaðamannafélags Íslands mótmælti í gær aðgerðum sýslumannsins í Reykjavík þegar hann fór inn á fréttastofu Fréttablaðsins og krafðist þess að fá afhent gögn.

„Ég held það séu afar fáir, ef nokkrir, blaðamenn á Íslandi sem er ekki misboðið við þessa gjörð sýslumanns, einfaldlega vegna þess að það er verið að vega að störfum okkar, íslenskum fjölmiðlum og tjáningarfrelsinu,“ segir Jóhann Hlíðar Harðarson, varaformaður Blaðamannafélagsins. „Stjórnin er skipuð blaða- og fréttamönnum frá mörgum fjölmiðlum, og við erum öll sammála um að verið sé að vega að ákveðnum grundvallaratriðum í fréttamennsku.“

Starfs síns vegna verða blaðamenn að geta heitið heimildarmönnum sínum nafnleyn

og segir Blaðamannafélagið aðgerð sýslumanns vera atlögu og ógnun við þann rétt fréttamanna, sem staðfestur hefur verið með dómi Hæstaréttar.

Auk þess eru fjölmörg dæmi um að einkagögn sem send eru manna í millum hafi birst í fjölmiðlum í óþökk bæði sendanda og viðtakanda, án þess að sýslumaður hafi skipt sér af því, að sögn Jóhanns. - **smk**



JÓHANN HLÍÐAR HARÐARSON



169.900
~~199.900~~

Hornbaðkar
Valencia, 140x140 sm
8069723

Allt að **60%** afsláttur



HAGSTÆDAST
í Húsasmíðjunni

Handlaug á vegg
Cresanit Meteor, 50 x 41 sm
5077615

Verð áður 4.990
3.500



13.900
~~19.945~~

Handlaugartæki
Damixa
8000310



10.414
~~14.678~~

Handklæðaofn
Scala, H800/B500, W430
9200048



3.990
~~7.900~~

HAGSTÆDAST
í Húsasmíðjunni

Salernisskál
Starberg, vegghengd
8078400



Handlaugartæki
Damixa, m/lyftitappa
8000015

Verð áður 18.395
12.900

Hreinlætistækja
...dagar



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 30.09.2005

| | KAUP | SALA |
|---------------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur USD | 61,55 | 61,85 |
| Sterlingspund GBP | 108,66 | 109,18 |
| Evra EUR | 74,22 | 74,64 |
| Dönsk króna DKK | 9,944 | 10,002 |
| Norsk króna NOK | 9,429 | 9,485 |
| Sænsk króna SEK | 7,952 | 7,998 |
| Japanskt jen JPY | 0,5427 | 0,5459 |
| SDR | XDR | 89,18 |
| | | 89,72 |

Gengivísitala krónunnar
104,2646

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verktakar sem vinna að stækkun Norðuráls fengu matareitrun:

Sjötíu iðnaðarmenn fá niðurgang

MATAREYTRUN Um sjötíu iðnaðarmenn á Grundartanga veiktust af matareitrun aðfaranótt fimmtudags eftir að hafa borðað svínagúllas á miðvikudag. Sumir voru svo illa haldnir að þeir treystu sér ekki í vinnuna daginn eftir.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands lét taka sýni bæði úr starfsmönnum og á vettvangi og beðið er eftir niðurstöðum úr þeim.

„Það kom upp sýking, en það er ekkert komið úr rannsóknum enn hvað þetta var. Áður en við vitum nákvæmlega hvað þetta er getum við ekki fullyrt eitt eða neitt,“ segir Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.



NORÐURÁL Verktakar sem starfa að stækkun Norðuráls á Grundartanga fengu slæma matareitrun í vikunni. Það voru ekki starfsmenn Norðuráls sem veiktust, heldur menn sem snæða í öðru mótuneyti.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru það ekki starfsmenn Norðuráls sem veiktust, heldur iðnaðarmenn sem starfa sem verktakar á svæðinu og snæða í öðru mótuneyti en starfsmenn Norðuráls.

Um 500 iðnaðarmenn vinna að

stækkun Norðuráls á Grundartanga og sér veitingahúsið Hrói Höttur um matsölu til verktakanna.

Starfsfólk Hróa Hattar staðfestir að verið sé að rannsaka matareitrunina en neitar að gefa Fréttablaðinu fleiri upplýsingar.

Pólskir unglingar:

Létust í píligrímeför

VARSIÁ, AP Að minnsta kosti þrettán pólskir unglingar létust í hörðum árekstri rútu og vöruflutningabíls í sunnanverðu Póllandi í gær.

Unglingarnir voru á leið frá borginni Bialystok til klaustursins Czestochowa en þar er helgidómur sem milljónir píligríma heimsækja á ári hverju. Sextíu manns voru í rútinu og slösuðust 40 þeirra í árekstrinum og eldinum sem kviknaði í kjölfarið. Ökumenn beggja bifreiðanna biðu bana.

Borgarstjórnin í Bialystok hefur lýst yfir þriggja daga sorg og hvatti íbúa borgarinnar til að gefa blóð. ■

Útflutningsgreinar í uppnámi

Samspil hækkandi stýrivaxta Seðlabankans og gengisþróunar veldur þeim áhyggjum sem byggja afkomu sína á erlendri mynt. Seðlabankinn hækkar á þriðjudaginn stýrivexti í 10,25 prósent til að slá á verðbólgu innanlands og gengi krónunnar er þegar farið að styrkjast.

Sjávarútvegur:
ARFAVITLAUS
HAGSTJÓRN

„Vandinn er heimatilbúinn. Ríkið á bæði íbúðalánasjóð sem dælar út peningum og svo Seðlabankann hinum megin. Hagstjórnin er eins arfavitlaus og hægt er að hugsa sér,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri útgerðarfélagssins Brims á Akureyri. Hann segir menn ekki búna að bita úr nálinni með hvernig lagt sé að útflutningsiðnaði með stýrivaxtahækkunum sem muni styrkja gengi krónunnar enn frekar. „Þetta leggur útflutningsgreinarnar í rúst. Afleiðingarnar koma bara ekki í ljós alveg strax, en þær verða mjög alvarlegar til lengri tíma lítið. Á næstu misserum dregst bara hægt og rólega saman útflutningur á Íslandi og verður mjög erfitt að ná honum upp aftur.“



GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON,
FORSTJÓRI BRIMS.

Ferðapjónusta:
VERSNANDI
AÐSTÆÐUR

„Því sterkari sem krónan er, þeim mun verri verða aðstæður okkar,“ segir Stefán Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Íslandsferða, sem sér fram á versnandi hag ferðapjónustunnar í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabankans. „Nóg er þetta nú í dag. Við erum trúlega í um fimmtán prósentum verri aðstöðu núna heldur en fyrir ári síðan vegna gengisþróunarinnar.“ Hann segir erfitt fyrir fyrirtæki í ferðaiðnaði að bregðast við, enda sé þarna um að ræða ytri aðstæður í rekstrinum og verðhækkunir í geiranum komi bara niður á eftirspurn. „Við erum enda að keppa við löndin í kringum okkur þar sem gengið er ekkert að breytast og á sama tíma draga stjórnvöld úr kynningu á landinu. En við berjumst bara áfram þó aðstæður séu erfiðar.“



STEFÁN EYJÓLFSSON,
FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLANDSFERÐA.

Innflytjendur:
GENGIÐ SKIPTIR
EKKI ÖLLU

„Alls ekki er víst að við sem eigum í samkeppni kaupum inn á sama gengi þannig að gengisþróun ein og sér segir ekki alla söguna,“ segir framkvæmdastjóri Einar J. Skúlasonar, en fyrirtækið flytur inn tölvubúnað, hugbúnað og aðrar vörur. „Þannig að þó gengið styrkist eða veikist þýðir það bara batnandi eða versnandi aðstæður fyrir alla sem eiga í innflutningi. Þannig að áhugi minn beinist meira að gengisþróun þessara gjaldmiðla sem við samkeppnisáðilar eru að versla í.“ Viðar segir þó alveg ljóst að viðskiptavinir fyrirtækisins fái að njóta hagstæðrar gengisþróunar. „Auðvitað er sífellt verið að verðleggja eins og markaðurinn þolir, en þegar innkaupsverð lækkar skilar það sér og ef það hækkar.“



VIÐAR VIÐARSSON,
FRAMKVÆMDASTJÓRI EJS.

Peningamarkaður:
SNERTIR
AFMÖRKUÐ SVIÐ

„Heildaráhrifin á bankakerfið eru ekki mikil þó svo að áhrifin komi fram á afmörkuðum sviðum,“ segir Atli B. Guðmundsson, hjá greiningardeild Íslandsbanka, um stýrivaxtahækkun Seðlabankans. „Vextir á bæði útlánum og innlánum til skamms tíma hækka í kjölfarið og þannig hefur ákvörðun Seðlabankans áhrif á viðskiptavinum bankanna,“ segir hann og vísar þar til dæmis til yfirdráttarlána og skemmri skuldabréfalána. „Svo breytast líka vextir á millbankamarkaði með krónur þar sem bankarnir lána hver öðrum innbyrðis peninga til skamms tíma, en það er ekki stór hluti af heildarstarfsemi þeirra.“



ATLI B. GUÐMUNDSSON, SÉRFRÆÐINGUR
HJÁ GREININGU ÍSLANDSBANKA.



VENÐISHÚS Breska lögreglan bjargaði konum úr þrælun.

Austur-evrópskar konur:

Bjargað úr kynlífsánauð

BRETLAND Nítján konum á aldrinum nítján til þrjátíu ára var í gær bjargað af lögreglu frá nuddstofu í Birmingham á Englandi þar sem þær höfðu verið þvingaðar til þess að vinna sem vændiskonur. Tveir menn og ein kona voru handtekin og skotvopn og peningar gerð upptæk.

Vegabréf kvennanna höfðu verið tekin af þeim, þær læstar inni við vændi á kvöldin og læstar inni í húsi á daginn. Að sögn BBC eru þær flestar frá löndum Austur-Evrópu. ■

Laganna verðir:

Sagðir hafa stolið munum

BANDARÍKIN Fjórum lögreglumönnum frá New Orleans hefur verið sagt upp störfum vegna gruns um að þeir hafi látið greipar sópa um verslanir eftir að fellibylurinn Katrín reið yfir borgina.

Rannsókn málsins hófst þegar fréttamyndir sýndu lögregluþjóna með fangið fullt af gössi. Talið er að í það minnsta tólf laganna verðir hafi gerst sekir um gripdeildir í kjölfar hamfaranna en sumir þeirra munu þó einungis hafa tekið brýnustu nauðsynjar, svo sem mat, til að geta haldið störfum sínum áfram. Þeir sem sagt var upp eru hins vegar ásakaðir um að hafa stolið raf-tækjum og skartgripum. ■

Sýningum að ljúka

Leikhusid

Miðasala Þjóðleikhússins:
Sími 551-1200
www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


VEÐURSPÁ

um hádegi >>


Sigurður P. Ragnarsson,
veðurfræðingur

**ÞYKKJAR VÍÐA UPP
SÍÐDEGIS Í DAG**
Það er vaxandi suðlæg og síðar suðvestlæg átt í kortunum. Það verður víða bjart nú í morgunsárið en eftir hádegi fer að þykkna upp og síðan rigna, fyrst um landið vestarvert en síðan víðar í kvöld og nótt. Þessari sunnanátt fylgir nokkur vindur einkum síðdegis og í kvöld en hvasst verður á annesjum vestan til, strekkingur eða allhvasst.

**HÖRFUR Í HÖFUÐ-
BORGinni Í DAG**
Hægvíðri nú í morgunsárið. Vaxandi sunnanátt með strekkingi síðdegis og fer þá að rigna. Hiti 0-4 stig fyrir og um hádegi en 5-9 stig síðdegis og í kvöld.



>> á morgun



>> mánudagur



| | | | | | |
|---------------|-----------------|-----------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 14°C hálfskýjað | París | 17°C léttskýjað | Alicante | 27°C heiðskirt |
| Osló | 11°C skúrir | Berlín | 16°C hálfskýjað | Milano | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Frankfurt | 14°C skúrir | New York | 23°C heiðskirt |
| Helsinki | 15°C hálfskýjað | Madrid | 22°C hálfskýjað | San Francisco | 19°C heiðskirt |
| London | 17°C léttskýjað | Barcelona | 24°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 31°C þrumuveður |

* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Fjölskyldudagar

Opið 10-18 í dag

Dagskrá í dag

- Kl. 12.30 - Kalli á þakinu kemur í heimsókn
- Kl. 15.30 - Björgvin Franz leikari stýrir hæfileika- og brandaraupþákomu

Dagskrá á morgun, sunnudag

- Kl. 15.00 - Lalli töframaður leikur listir sínar

Fjör á fjölskyldudögum

- 400 kr. tilboð á teiknimyndina Valiant alla helgina
- Tilboð á máltíðum á Stjórnutorgi!
- Andlitsmálun 13 - 17 alla helgina
- Öll börn sem koma í Ævintýraland fá glaðning



Afmælisleikur Bílabúðar Benna

Taktu þátt og þú gætir unnið afnot af glænýjum Chevrolet Kalos í heilt ár!



400 kr.

KRINGLUNNI SAMBÍON

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur | Veitingastaðir og Kringlubíó |
|--------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|--------------------------------|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | eru með opið lengur á kvöldin. |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | |



KJÖRKASSINN

Ætlarðu að fara til útlanda í vetur?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|-----|-----|
| Já | 50% |
| Nei | 50% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt að setja lögbann á Fréttablaðið?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Skemmtibátur sem fórst á Viðeyjarsundi:

Báturinn var á sautján sjómílna hraða

SJÓSLYS Skemmtibáturinn sem fórst á Viðeyjarsundi aðfaranótt 10. september var á 17 sjómílna hraða þegar hann sigldi á Skarfasker, en það jafngildir tæplega 31 kílómetra hraða á klukkustund.

Í atvikaýsingu rannsóknarnefndar sjóslýsa kemur fram að klukkan verið 1.38 þegar báturinn var siglt á skerrið, en sendingar frá GPS-tæki hættu 27 mínútum síðar. Þá hafði báturinn verið siglt frá skerinu þangað sem hann sökk.

Ekki hefur verið skorið úr um hvort fram fari sjópróf vegna slýssins. Þá stendur enn rannsókn lög-

reglu á tildrögum þess og ekki vitað hvenær henni lýkur.

Jón Arilius Ingólfsson, framkvæmdastjóri rannsóknarnefndar sjóslýsa, segir að sjópróf verði ekki haldin nema farið verði fram á það, en stundum komi fram beiðni um slíkt frá tryggingafélögum eða eigendum báta. Hann segir hins vegar að nefndin muni ekki hefja slíka rannsókn að fyrra bragði. Hann segir þó að gerð verði skýrsla um slýsið sem birt verði á vef nefndarinnar þegar hún liggur fyrir. „Í slýsinu eru þættir sem við viljum taka á og erum enn að safna gögnum í,“ segir hann. - óká



FERÐ BÁTINS RÉTT FYRIR OG EFTIR ÁREKSTURINN. Á kortinu má sjá hvar báturinn kom siglandi vestur Viðeyjarsund áður en honum var snúið við og siglt á Skarfasker. Honum var svo siglt af slystaðnum og sökk á sundinu.



HEIMSÓKNUM MÓTMÆLT Taivanski lögfræðingurinn May Chin ásamt hópi mótmælenda.

Junichiro Koizumi:

Braut ákvæði stjórnarskrár

TOKYO, AP „Ég skil ekki hvernig heimsóknir mínar til Yasukuni brjóta í bága við stjórnarskrána. Ég fer þarna af virðingu við hina látnu og með því hugarfari að við megum aldrei heyja annað eins stríð,“ segir Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans.

Hæstiréttur í Osaka úrskurðaði í gær að Koizumi hefði brotið stjórnarskrárákvæði um trúarbrögð í vor með því að skoða minnisvarða sem sagt er að heidri hernaðarsögu Japana. Taívanar kærðu forsætisráðherrann en Japanar frömdu ýmis grimmdarverk í stríðum sínum við Kínverja á sínum tíma. ■

Morgunblaðið gerst brotlegt að eigin mati

Í ritstjórnargrein Morgunblaðsins í gær segir að það sé brot á lögum að birta tölvupóstsamskipti einstaklinga. Morgunblaðið hefur þó að minnsta kosti tvívegis birt einkapóst einstaklinga án þeirra samþykkis.

BAUGSMÁLID Morgunblaðið telur það brot á lögum að birta tölvupóstsamskipti einstaklinga. Við því séu viðurlög og þung refsing. Morgunblaðið hefur að minnsta kosti tvívegis birt tölvupóst einstaklinga án þeirra samþykkis og hefur því að eigin mati gerst brotlegt gegn lögum því einkatölvupóstur Össurar Skarphéðinssonar og Gunnlaugs Sigmundssonar hafa birst án þeirra samþykkis á síðum Morgunblaðsins.

Í ritstjórnargrein Morgunblaðsins í gær segir: „Atli Gíslason, hæstaréttarlögmaður og lögfræðingur Bláamannafélags Íslands, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær, að birting á tölvupóstum án heimildar væri brot gegn almennum hegningarlögum og mannréttindakafla stjórnarskrár.“

Niðurlag ritstjórnargreinarinnar er: „Stuldur á tölvupóstum er lögbrot og viðurlög eru þung refsing. Birting Fréttablaðsins á tölvupóstssamskiptum nokkurra einstaklinga er lögbrot og viðurlög eru þung refsing. Að auki heldur Atli Gíslason því fram, að sú birting sé einnig brot á mannréttindakafla stjórnarskrár.“



EINKAPÓSTUR Í MORGUNBLAÐINU Í ritstjórnargrein í Morgunblaðinu í gær segir að það sé brot á lögum að birta tölvupóstssamskipti einstaklinga. Sunnudaginn 10. maí 1998 birtist orðréttur í Morgunblaðinu og í óþökk sendanda tölvupóstur sem Gunnlaugur Sigmundsson sendi þingmönnum. Sunnudaginn 3. mars 2002 birtist orðréttur í Morgunblaðinu og í óþökk sendanda og viðtakenda tölvupóstur Össurar Skarphéðinssonar varðandi Baug.

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, sagði á starfsmannafundi á Morgunblaðinu í vikunni um ástæðuna fyrir því að hann hefði ekki birt fréttir um Baugsmálið byggðar á gögnum Jóns Gerald Sullenberger: „Ég vildi ekki birta neitt af þessu því þetta voru innanhússskjöl frá fyrirtæki úti í bæ og mér fannst þetta mál ekki eiga heima á síðum dagblaðanna heldur hjá lögfræðingi.“ Morgunblaðið

birti hins vegar bréfaskipti Norðurljósa og Landsbankans vegna fjárhagsstöðu Norðurljósa og lánamála félagsins, fáeinum mánuðum síðar. Sigurður G. Guðjónsson, þáverandi forstjóri Norðurljósa, segist hafa gefið leyfi fyrir birtingu bréfanna, en að sögn Brynjólfs Helgasonar, sem annar tveggja ritaði undir bréf Landsbankans, gaf Landsbankinn ekki leyfi fyrir birtingunni. sda@frettabladid.is

Ágreiningur um hversu skæð fuglaflensan getur orðið:

Mannfallið gæti hlaupið á milljónum

GENF, AP „Ómögulegt er að áætla hversu margir kunna að látast úr fuglaflensu ef faraldur verður að veruleika,“ segir Dick Thompson, talsmaður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO. WHO varar nú við að allt að 7,4 milljónir manna geti látið lífið.

Á fimmtudag lýsti fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum því yfir að mannfalið gæti orðið á bilinu fimm til 150 milljónir. „Við munum ekki vita hversu skæður faraldurinn raunverulega verður fyrr en hann er kominn af stað,“ segir Thompson hins vegar.

Veiran sem veldur flensunni hefur enn sem komið er aðeins smitast úr fuglum í menn en óttast er að hún muni stökkbreytast þannig að hún geti smitast manna á milli og þannig



MÖGULEGUR SMITBERI? Maður sleppir brédfúfu í kappflugi. Grunur leikur á því að 48 tilfelli um fuglaflensu í mönnum hafi komið upp í Indónesíu.

valdið faraldri um víða veröld með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Veirustofninn sem kallast H5N1 hefur lagt að velli tugi milljóna fugla í Asíu síðan árið 2003. Enn sem komið er hafa 65 manns látist af völdum veirunnar. - saj

Stykkishólmur:

Uppsagnir í rækjuvinnslu

SJÁVARÚTVEGUR Tuttugu og fimm manns hefur verið sagt upp störfum hjá rækjuvinnslu Sigurðar Ágústssonar ehf. í Stykkishólmi. Fyrirtækið mun hætta rækjuvinnslu sinni frá og með næstu áramótum. Ástæða lokunarinnar er langvarandi óhagstæð ytri skilyrði í rækjuvinnslu.

Sigurður Ágústsson segir það áfall að gripa til uppsagna, en það sé eina leiðin til þess að bregðast við slæmum aðstæðum á mörkuðum. Sigurður telur að hátt gengi íslensku krónunnar skipti þar mestu máli því það sé gífurlega óhagstætt útflutningsgreininni. Alls hefur um áttafju manns verið sagt upp störfum í rækjuvinnslu síðastliðinn sólahring. Rækjuvinnslan Íshaf á Húsavík sagði upp 25 manns og Strýta, rækjuvinnsla Samherja sagði upp þrjátíu manns vegna samdráttar. ■

Ferðamenn:

200 leigubílar á bryggjunni

SAMGÖNGUR Flestir leigubílar Reykjavíkur voru kallaðir út í sama verkefnið, þegar erlent skemmtiferðaskip sem rúmar tvö þúsund og fjögur hundruð manns lagðist við bryggju í Reykjavík í dag.

Tæplega 200 leigubílar voru kallaðir út, auk fjölda langferðabíla, og sáu bílstjórnarnir um að ferja fólkið í land, þar sem það fór í stuttar ferðir niður í miðbæ Reykjavíkur, í Bláa lónið eða alla leið að Gullfossi og Geysi. ■

Símasamband rofnaði:

Ljósleiðari slitnaði

FIARSKIPTI Vegna slitins ljósleiðara í Tungudal á Ísafirði rofnaði símasamband við GSM farsíma á Suðureyri og Flateyri. Vegna bilunarinnar urðu neyðarsímar í Vestfjarðagöngunum milli Botns og Breiðafjarðarheiðar óvirkir. Lögreglan á Ísafirði var því með eftirlit í göngunum á meðan á viðgerð stóð.

Samkvæmt Bæjarins besta á Ísafirði var það maður á skurðgröfu sem olli rafmagnsleysinu með því að taka í sundur ljósleiðara í Tungudal í Skutulfirði. Vonast var til að viðgerðinni lyki í nótt. - grs

SUÐUR-AFRÍKA

HENTI VINNUMANNI FYRIR LJÓNIN Dómstóll í Jóhannesarborg hefur dæmt Mark Scott-Crossley í lífstíðarfangelsi fyrir morð á þeldökku vinnumanni á bóndabýli sínu. Crossley lét berja manninn, binda hann og fleygja honum ofan í ljónagryfju þar sem hann var bitinn til bana.

Gólfampar

á tilboði

BURSTAD GYLTT
6.970-

ANTÍK
6.970-

BURSTAD STÁL
6.970-

Rafkaup

Ármúla 24 - S: 585 2800

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

Hágæða örpunn sjónvarpstæki

United 42" plasma breiðtjaldssjónvarp

- 42" Plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1
- Birta: 1000 cd/m²
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
8.999 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð 179.980,-



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
6.999 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð 139.980,-

United 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) með progressive scan
- HDTV ready (stýður 720p og 1080i) • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m²
- Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 2 scart tengi, component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA) • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

United 20" LCD sjónvarp með móttakara

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 640x480 punktar
- Skerpa: 500:1
- Sjónsvið (H/V): 160/140° og birtustig: 450cd/m²
- Digital Comb Filter
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- 2xScart (með RGB), AV og SVHS
- Heyrnartólstengi og Audio út
- PC-Inngangur (VGA)
- Fjölkerfa móttaka
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA festingar
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
4.999 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð 59.988,-



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
7.999 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð 159.980,-

Philips 32" LCD breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) • Digital crystal clear og contrast plus • Ljósmyndari og active control til að minnka glampa • Skerpa: 500:1 og svartími: 18ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 450 cd/m² • 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround
- 2 scart tengi (með RGB) og PC tengi (VGA) • Stereo inn og út • Heyrnartóls, SVHS og AV tengi
- Textavarp • Smart picture og smart sound • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál (bxhxd): 92,4x55x22,2 cm (með standi) og þyngd: 18,2kg



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
12.499 kr
á mán. í 20 mánuði
Verð 249.980,-

Philips 42" Plasma breiðtjaldssjónvarp

- 42" ED plasma skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA, SXGA) með skerpu 10.000:1 • Digital crystal clear og progressive scan • Sjónsvið (H/V): 160/160° og birtustig: 1500 cd/m² • HDTV ready (480p, 576p, 720p og 1080i) • Active control með ljósmyndara og anti reflex til að minnka glampa
- 2x30w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround • Smart picture og smart sound
- 6 Breiðtjaldsstillingar • 2 scart tengi og PC tengi (DVI) • SVHS, RCA og heyrnartólstengi • Textavarp með 10 síðna minni • Svefnrofi, barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur fylgir • Veggfesting: Vogles EFW2001 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 124x68x10,4

Gildir til 7. október eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Hrollvekjandi spenna



3. sæti

Skáldverk
Pernillu Eymundsson
og Bókabúðir MM
21. – 27. sept.

Ungur Sví finnst myrtur á hótellherbergi í London. Skömmu síðar á svipað morð sér stað í Gautaborg. Blóðug fótspor á seinni morðstaðnum benda til að þar hafi verið stiginn óhugnanlegur dans.

Grípandi, kraftmikil og spennandi saga sem veitir um leið einstaka innsýn í myrkan heim sem fáir þekkja.

„Jafnvel á heitum júlídegi rennur manni kalt vatn milli skinns og hörunds við að lesa Dansað við engil.“

- Hufvudstadsbladet

Kilja á góðu verði
1.799 kr.



Mál og menning
edda.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Fríðaráætlun í Alsír:

Þorri íbúa samþykkti

ALSÍR, AP Yfirgnæfandi meirihluti Alsíringa samþykkti í kosningum í gær fríðaráætlun en í henni er meðal annars kveðið á um að heitruaðir múslimar sem stóðu fyrir uppreisninni sem hófst árið 1992 verði ekki sóttir til saka.

Af átján milljónum kjörbærra manna kusu 80 prósent og greiddu 97 prósent þeirra atkvæði með áætluninni.

Abdelaziz Bouteflika Alsírforseti telur að áætlunin muni hjálpa til við að græða sárin eftir meira en áratug ofbeldis í landinu. Áætlað er að um 150 þúsund manns hafi látið lífið í þessum óeirðum. ■



Á **KJÖRSTAD** Stúlka setur atkvæði móður sinnar í kjörkassa í Algeirsborg.



ELDARNIR EIRA ENGU Miklir skógareldar hafa geisad í sunnanverðri Kaliforníu og reyna nú hundruð slökkviliðsmanna að koma í veg fyrir að eldurinn læsi sig í byggingar í Los Angeles. Mörg hundruð manns hafa orðið að flýja heimili sín og hefur eldurinn valdið stórskemmdum. Enginn hefur látist af völdum eldanna en slökkviliðsmenn segja ástandið alvarlegt og að illa gangi að ráða niðurlögum eldsins. Í gær bundu þeir þó vonir við að lækkanði lofthiti drægi úr útbreiðslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MIKILVÆG ÖRYGGISTILKYNNING

Sony Computer Entertainment Europe tilkynnir innköllun ákveðinna AC millistykki sem seld voru með PlayStation 2 slimline

Sony Computer Entertainment Europe (SCEE) hefur staðfest mögulegar öryggisáhyggjur af ákveðnum AC millistykki sem seld voru með nýju PlayStation@2 slimline.

Ákveðin AC millistykki sem staðfest er að voru framleidd milli ágúst og desember 2004, og fylgdu með svörtu PlayStation 2 slimline gerðunum SCPH70002, 70003 og 70004 geta ofhitnað og valdið neytendum slyshættu. Líklegt er að nokkrar Þessara eininga hafi jafnvel verið til sölu eftir Þessar dagsetningar. Engar aðrar PlayStation 2 einingar eru í hættu.

Til að tryggja gæði og öryggi PlayStation neytendavara hefur SCEE tekið þá ákvörðun að afturkalla öll viðkomandi AC millistykki í Evrópu, Mið-Austurlöndum, Afríku og Ástralíu.


Neytendur sem bera kennsl á AC millistykki sitt af skýringarmyndinni hér að neðan óöruggt ættu að gera ráðstafanir til endurnýjunar með því að heimsækja:

www.ps2ac.com

Neytendur geta einnig haft samband við hjálparlínu sem tileinkuð er afturkölluninni í síma 591-5199*. Nýtt AC millistykki verður afhent án endurgjalds. Vinsamlegast farið ekki með AC millistykkin aftur á sölustað.

Sem forvarnaraðgerð, og Þar til nýtt millistykki hefur verið útvegað, ráðleggur SCEE neytendum sem eiga óöruggt AC millistykki samkvæmt tilkynningu Þessari að taka PlayStation 2 úr sambandi og hætta notkun þar til útvegað hefur verið nýtt AC millistykki.

Við viljum biðjast afsökunar á Peim óþægindum sem Þetta veldur.



1. Aðeins AC millistykki með kóðanum:

HP-AT048H03

2. Aðeins AC millistykki sem innihalda einn af eftirfarandi dagsetningarkóðum:

2004.08

2004.09

2004.10

2004.11

2004.12

*Rafmagnssnúra



GUNNAR SVAVARSSON BÆJARFULLTRÚI Hlynntur hugmyndum um að flýta þjóðskrá til Ísafjarðar.

Flutningur þjóðskrár:

Hafnfirðingur vill þjóðskrá vestur

ÞJÓÐSKRÁ Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar í Hafnfirði, hefur lýst yfir stuðningi við hugmyndir Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra á Ísafirði, um að fá starfsemi þjóðskrár flutta til Ísafjarðar. „Þessi hugmynd þarf að fá sterkan stuðning frá fleirum en landsbyggðarfólki,“ segir Gunnar.

Hann segir þetta vera verkefni sem henti vel þar vestra. „Það má ekki gleyma því heildarmarkmiði að styrkja byggð í landinu, stuðningur við Ísfirðinga er auðsöttur,“ segir Gunnar.

- saj

Vélhólamenn álykta:

Vilja úrbætur á reglugerðum

Vélhólafróttaklúbburinn skorar á samgönguráðuneytið og viðskiptaráðuneytið að endurskoða reglugerðir sem tengjast torfæru vélhólafróttinni. Til að mynda segja klúbbmeðlimir að vafi leiki á um tryggingavernd torfæru-hjólafélks.

Einnig var skorað á Umferðarstofu og Umferðarráð að ganga til samstarfs við vélhólafróttafélögin um aukna fræðslu og hjónustu við vélhólafélk og jafnframt var skorað á eigendur hjóla að virða gildandi lög um notkun þeirra og aka aldrei utan vega.

- grs



HÖFUÐ, HERÐAR ...



Ibúfen® – Bólgueyðandi og verkjastillandi

Notkunarsvið: Ibúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og jafnframt hitalækkandi lyf. Lyfið er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannþínu og höfuðverk. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða er með skerta lifrarstarfsemi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja (annarra en barkstera) ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Ibúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ofnæmi (útbrot) og meltingaróþægindum. **Skömmtnun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtnun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 14.09.05

 **actavis**
hagur í heilsu

Blaðamaður New York Times samþykkir að bera vitni:

Sleppt úr haldi eftir langt varðhald

FJÖLMÍÐLAR Judith Miller, blaðamaður New York Times, mætti fyrir dóm í gær og freistaði þess að varpa ljósi á þátt Hvíta hússins í að ljósstra upp um nafn leyniþjónustumanns við bandarísku leyniþjónustuna CIA.

Miller hafði setið í fangelsi í 85 daga þegar henni var sleppt gegn loforði um að bera vitni í sérstökum réttarhöldum um samræður hennar í júlí 2003 við Lewis Libby, starfsmannstjóra hjá Dick Cheney, varaforseta Bandaríkjanna.

Réttarhöldunum er ætlað að skýra hvaða starfsmaður ríkisstjórnar George W. Bush Bandaríkjaforseta upplýsti um nafn

leyniþjónustumannsins Valerie Plame en eiginmaður hennar hafði gagnrýnt rökstuðning stjórnarinnar fyrir innrásinni í Írak. Hefur nafn Karls Rove, helsta ráðgjafa Bush, einkum verið nefnt í því sambandi.

Miller sagði Libby nýverið hafa leyst sig frá loforði um þagmælsku og leyft að gefa hann upp sem heimildarmann sinn, en lögmáður Libbys sagði í gær að skjólstaðingur sinn hefði gefið það leyfi fyrir rúmu ári síðan, og sagðist hafa haldið að hún sæti í fangelsi því hún neitaði að gefa upp einhverja aðra heimildarmann.

Þó að fleiri blaðamenn hafi verið yfirheyrðir vegna greina sem birtust í blaðinu um innrásina í Írak, þá var Miller eini blaðamaðurinn sem varpað var í fangelsi. Hún skrifaði engar greinar um Plame. - smk

JUDITH MILLER

Sat í fangelsi í nærri þrjú mánuði fyrir að neita að gefa upp nafn heimildarmanns sem á að hafa gefið henni upplýsingar um leynilögreglu CIA. Miller var sleppt í vikunni í stað loforðs um að mæta fyrir rétti.



SÆLIR ERU FÁTÆKIR? Rose Mary, 82 ára frá Chennai á Indlandi, safnar sorpi sem má endurvinnna sér til viðurværis en af-raksturinn er þó heldur rýr, um 15 krónur á dag. Alþjóðlegur dagur aldraðra er í dag en á þeim degi er sjónum beint að kjörum eldra fólks víða um heim.



MYND/AP



ég varð að
fá það strax

við erum
alltaf að baka

það er bakari í öllum búðunum okkar þar sem við bökkum oft á dag

hnetuvínar-
brauð
169 kr.
kaffidrykkir
150 kr.



...þegar þér hentar

Öfgamenn auka á sundrunguna í Írak:

Reyna að koma af stað trúarstýrjöld

BAGDAD, AP Um 200 manns hafa fallið í hryðjuverkaárásum í Írak undanfarna daga. Ljóst þykir að uppreisnarmenn ætla að kynda undir ófriðarbálinu í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrádrög síðar í mánuðinum.

Í gærmorgun var bílsprengja sprengd á markaðstorgi í bænum Hillah þar sem saman var kominn múgur og margmenni. Í það minnsta tíu manns létu lífið, þar á meðal tvö börn, og 41 slasaðist. Flest fórnarlambanna voru úr hópi sjá.

Í fyrradag létu 95 manns bana í samstilltum árásum í sjíabænum Balad. Enginn hefur ennþá sagst bera ábyrgð á árásum síðustu daga. Al-Kaída í Írak gefa yfirlýsingar sínar yfirleitt út skömmu eftir að hafa framið tilræði og því er talið sennilegt að aðrir hópar hafi staðið á bak við þær.

Kona var svo handtekin í Bagdad í gær með sprengiefni innanklæða. Fyrr í vikunni framdi kona sjálfsmorðsárás en þær hafa hingað til látið körlum slíkt eftir. Því er óttast að uppreisnarmenn hafi tekið upp nýja tækni þar sem síður er leitað á konum. ■



HARMUR Í HILLAH Að minnsta kosti tíu manns létust í árásinni, þar af tvö börn. Stúlkan á myndinni slapp hins vegar með meiðsl.

Almannavarnaæfing:

Bergrisanum frestað

ALMANNAVARNIR Amannavarnaæfingunni Bergrisanum 2005 hefur verið frestað og verður nú haldin 24.-26. mars 2006 í stað þess að verða nú í október eins og ráð var fyrir gert.

Þetta er til þess að lengja undirbúningstíma fyrir þá sem taka þátt í æfingunni í Rangárvallasýslu, bæði viðbragðsaðila og íbúa, en þátttaka heimamanna er mikilvæg fyrir árangur æfingarinnar. Undirbúningsvinna heldur áfram með eðlilegum hætti. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Ríkislögreglustjóra. - saj



HELLA Þátttaka heimamanna er mikilvæg fyrir æfinguna.

BANDARÍKIN

SKAUT BIRNU Á VERÖNDINN

Húseigandi í Lake City, Colorado, gerði sér lítið fyrir og skaut bjarn-dýr sem gert hafði sig heimakomið á veröndinni hjá honum. Náttúruverndarsamtök harma birnuðrápið og segja að ef íbúar í bænum skildu ekki eftir sorp og matarleifar á glámbekk þá myndu birnir ekki sækja í mannabústaði eins og bjarndýrið sáluga gerði.

Kynnum "frábærar" nýjungar
á Alþjóðlegu hundasýningu Hundaræktarfélagss Íslands
1.-2. október í Reiðhöllinni í Víðidal.

Sýningin stendur frá kl: 8-17 báða dagana

Sérfóður fyrir öldunga



Pedigree

Fyrir hundinn þinn



Sérfóður fyrir smáhunda

HELGAARBOMBA!



**SPARID
5.000,-**

ÁÐUR 29.900,-

24.900,-

„GOOD NIGHT SLEEP“ DÝNA

Virkilega vönduð og góð dýna í stærðinni 90 x 203 sm. Fætur fylgja með. Komdu og prófaðu þessa, hreint ótrúlegt verð!



**50%
AFSLÁTTUR**

VERÐ FRÁ:

1.490,-

„ANCONA“ OG „LORENA“ SPEGLAR

Gylltir og silfraðir speglar á ótrúlegu tilboði! Komdu og gerðu góð kaup!

Stærðir: 40x80 sm, áður 2.990,- Nú 1.490,- 55x85 sm, áður 3.490,- Nú 1.790,- 65x120 sm, áður 4.990,- Nú 2.490,- 40x140 sm, áður 4.990,- Nú 2.490,- 40x160 sm, áður 5.990,- Nú 2.990,-



NYTTI!

3700020

7.990,-

FÓTBOLTASPIL

Þetta glæsilega og vandaða fótboltaspil er núna fánlegt í Rúmfatalagernum á frábæru verði. Hentar fyrir 2 eða 4 leikmenn. Stærð 121,5 x 61 x 79 sm.



**MJÓG GOTT
VERÐ!**

690100

1.990,-

REGNGALLAR

Vandaðir og góðir pollagallar á stráka og stelpur. Fást í tveimur litasamsetningum. Stærðir 86-122.



**SPARID
10.000,-**

6903006

ÁÐUR 19.900,-

9.900,-

„BREKI“ STÓLL

Glæsilegur skrifborðsstóll úr leðri. Komdu og prófaðu þennan!



NYTTI!

69070206

69070207

69070204

BORDLAMPAR

Fallegir lampar í miklu úrvali. Komdu og skoðuðu þessar!

VERÐ FRÁ:

1.990,-



15000015

3 PÖR

499,-

ÞYKKIR SOKKAR

Stærðir 27-46.



3920537

590,-

„JUMBO“ PLASTKASSI

Góður plastkassi með loki. Stærð 45x34,5x25 sm. Tekur 30 ltr.



1.990,-

BLANDARI

Flottur blandari. Fæst í svörtu/krómi.



NYTTI!

POTTASETTIÐ

2.990,-

POTTASETT

Mjög vandaðir pottar úr stáli með glerloki. 2 saman.



14/245

140 X 175 SM

KÓSAGARDÍNUR

Úr skinnlíki. 3 litr. 1 stk. í pakka. St. 140x245 sm, 2.390,-

1.990,-

**MJÓG GOTT
VERÐ!**

-góð kaup



www.rumfatalagerinn.is



**MJÓG GOTT
VERÐ!**

„SYMPHONY“ SÆNG

Góð sæng á fínu verði. Stærð 140 x 200 sm.

1.990,-

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Eftir aðgerðir sýslumanns búa íslenskir blaðamenn við verra starfsumhverfi en áður.

Hver er glæpur Fréttablaðsins?

Koma sýslumanns á ritstjórnarskrifstofu Fréttablaðsins í gær markar svartan dag í íslenskri fjölmiðlasögu. Eftir þessa aðgerð búa blaðamenn á Íslandi við annað og verra starfsumhverfi en áður. Nú þurfa þeir að venja sig við að fulltrúar yfirvalda geti birst fyrirvaralaust á skrifstofum fjölmiðla og krafist gagna sem geta gert trúnað þeirra við heimildarmenn sína að engu.

Upp frá þessum degi þurfa íslenskir blaðamenn sem sagt að gæta sín á því að hafa ekki á vinnustöðum sínum nein þau gögn sem geta rofið þann trúnað. Það er því ekki að ástæðulausu að stjórn Blaðamannafélags Íslands tekur sterkt til orða í yfirlýsingu sinni um það sem stjórnin kallar aðför að tjáningarfrelsinu. Þar segir: „Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í lýðræðissamfélagi og trúnaður þeirra við heimildarmenn er einn af hornsteinum þess. Vernd blaðamanna við heimildarmenn er þar að auki staðfest með dómi Hæstaréttar. Aðgerðir sýslumanns eru atлага að þeim rétti.“

Hvað er það sem rekur sýslumann til þessara harkalegu aðgerða? Jú, Fréttablaðið sagði frá fundi eins helsta ráðgjafa formanns Sjálfstæðisflokksins, ritstjóra Morgunblaðsins og framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins um það sem mörgum vikum síðar varð að Baugsmálinu. Fréttablaðið sagði líka frá því að fyrrnefndur ritstjóri hefði ásamt konu, sem taldi sig eiga eitthvað sökótt við eigendur Baugs, lagt á ráðin um að koma gögnum um fyrirtækið til tollstjóra með von um rannsókn. Og þá sagði Fréttablaðið frá því að sama kona hefði reynt að kúga fyrirtækið til viðskipta við sig með hótunum um rannsókn yfirvalda. Heimildirnar fyrir þessum fréttum voru afrit af tölvupóstum sem bárust Fréttablaðinu.

Og nú er spurt, hver er glæpur Fréttablaðsins? Ýmsir hafa talað um stuld á persónulegum gögnum. Þar á meðal formaður Sjálfstæðisflokksins sem tók fram að sú hlið væri hið eina fréttmæna við málið. En er það ekki frétt, sem kemur fólkinu í landinu við, að þrír af hans nánustu ráðgjöfum sátu og réðu ráðum sínum um væntanlega málsókn gegn fyrirtæki sem alkunna er að hann hefur megna óbeit á? Er það ekki frétt í ljósi þess að forráðamenn þessa fyrirtækis hafa allt frá upphafi sagt aðgerðir yfirvalda úr öllu samhengi við sakargiftirnar og að orsökkin fyrir því væri af pólitískum toga?

Auðvitað er það frétt, þótt einhverjum hljóti að sviða að ekki tókst að afmá fingraför manna úr innsta kjarna Sjálfstæðisflokksins af málinu þar sem einn þeirra skildi eftir sig slóð upplýsinga sem komið var á framfæri við Fréttablaðið.

Það skal ítrekað að Fréttablaðið hefur í fréttum sínum ekki birt neitt um einkahagi fólks úr þeim gögnum sem blaðið hafði undir höndum og blaðamenn þess hafa ekki gert sig seka um þjófnað. Í því samhengi er rétt að endurtaka þessi vísu orð sem voru sett fram í leiðara Morgunblaðsins fyrir áratug þegar blaðið þurfti að verja trúnaðarsamband við heimildarmann sinn frammi fyrir dómstólum:

„Þeir sem starfa við fjölmiðla vita að upplýsingar berast oft til þeirra með margvíslegum hætti og ekki alltaf á þann veg, sem þeir sem utan við standa telja að liggja beinast við.“

FRÁ DEGI TIL DAGS

Blaðið biðlar til Styrmis

Dagblaðið Blaðið hefur átt sína spretti að undanförunu en blaðinu er dreift ókeypis í öll hús á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Nú berast af því fregnir að eigendur Blaðsins vilji nýta sér ástandið í Morgunblaðshöllinni til að afla blaðinu frekari útbreiðsu og styrkja fjárhagslegan grundvöll þess. Þannig sást til þeirra Styrmis Gunnarssonar ritstjóra, Kristins Björnssonar, varaformanns stjórnar Árvakurs, og Sigurðar G. Guðjónssonar, leiðarahöfundar Blaðsins, fundu í vikunni. Er beðið með eftirvæntingu víða í þjóðfélaginu eftir því að tilkynnt verði um niðurstaðu fundarins.

Framsóknarflugvél ólent

Landssamband framsóknarkvenna hélt á dögunum landsþing á Ísafirði þar sem framsóknarkonur víða af landinu gerðu sér góða helgi. Fyrir þingið hafði borgarfulltrúinn Anna Kristinsdóttir tilkynnt í viðurvist lykilmanna úr grasrót-arhreyfingu Framsóknarflokksins að hún ætlaði að gefa kost á sér til forystu í hreyfingunni og myndi mæta í einkaflugvél til Ísafjarðar ef þess þyrfti. Var því búist við spennandi kosningu. Á Ísafjarðarflugvelli var beðið eftir einkaflugvél lengi vel og gerðar víðeigandi ráðstafanir en hvorki flugvélin né Anna virðast hafa lagt í langflug og var því

Byrindis Bjarnarson kosin formaður með dynjandi lófataki.

Læti í útvarpshúsinu

Fjölmiðlafyrirtækið 365 og Ríkisútvarpið hafa að undanförunu stolið mönnum hvort frá öðru. Þegar 365 reið á vaðið og hirti Loga Bergmann Eiðsson af Ríkisútvarpinu brást Páll Magnússon útvarpsstjóri við tómarúminu með því að hirða Þórhall Gunnarsson af Stöð 2. Hjá Ríkisútvarpinu eru menn ekki vanir öðru en að á skrifstofu útvarpsstjóra ríki nokkur lognmolla og rólegheit. Á því hefur að sögn orðið talsverð breyting eftir að Páll tók við og heyrst meira milli veggja þar en áður.

hjalmar@frettabladid.is

Í takt við tíðarandann

Hvað get ég talað um annað en Baugsreyfarann? Án þess þó að geta það eða vilja það. Ég get það hvorki né vil vegna þess að fjögur barna minna og Jón Ásgeir eru systrabörn og ég hef átt góðan kunningskap við Styrmi Gunnarsson í áratugi. Eins og fyrrverandi svila minn, Jóhannes í Bónus. Mér þykir vænt um allt þetta fólk. Nú sæta þeir Baugsfeðgar ákærum vegna efnahagsbrota og ritstjóri Morgunblaðsins meintur meðhjálpari í meintri aðför að Baugsveldinu. Mér er hálfpartinn orða vant, hvað þá að manni sé hlátur í huga í miðri þessari sápu-óperu allri.

Og svo verður sápan ennþá reyfarakendari þegar inn í hana blandast svæsinn og illa fenginn tölvupóstur, girugir aukaleikarar í hefndarhug, lystisnekkjur, ástarsambönd og eldglæringar milli Moggans og Fréttablaðsins, sem ekki eru einu sinni í því hlutverki að miðla fréttum, heldur eru á kafi í atburðarásinni sjálfri.

En hvernig í veröldinni stendur á öllu þessu uppþoti? Hvar eru upptökin? Hvernig stendur á því að spjót standa á mönnum og fyrirtækjum, æru þeirra og trúverðugleika?

Það er þetta sem ég vildi kannske fjalla um, ef ég voga mér að leggja orð í belg.

Á seinni árum hefur ríkt hér á landi sérkennilegt ástand (sumir kalla það andrúmsloft), að því leyti að menn og málefni eru dregin í dilka. Sumir góðir, aðrir slæmir. Andrúmsloft undirgefni eða eineltis. Í krafti auðmýktar og þjónkunar, foringjahollustu og takmarkalauss þrælsóttu hafa sumir komist í náðina, meðan aðrir hafa verið settir út af sakramentinu, fyrir að ganga ekki í takt við almættið. Þú ert okkar maður eða hefur verra af. Þetta hafa menn fundið og skilið, hvort heldur í pólitík, viðskiptum, embættum eða í farþegasætunum. Og þannig hafa verið gefin út skot-

leyfi á þá sem ekki eru þóknalegir, meðan hinum undirgefni er hyglad með bitlungum og braudmolum, sem hrökkva af borði valdhafanna. Þannig er velþóknuninni skipt upp á milli þeirra sem eru innundir, hinna „innmúruðu og ófrávíkjanlegu“.

UPP ÚR EINS MANNIS HLJÓÐI

ELLERT B. SCHRAM

Þetta er Ísland í dag og hver á Ísland, nema annarsvegar þetta nýrika fólk, sem sumt hvert hefur það að siðgæði að hóta uppljóstrun leyndarmála gegn fégreiðslum og hinsvegar verndarenglar gamla valdsins sem sitja á leynifundum og hyggja ýmist á hefndir eða launráð.

Og svo þegar þetta ástand skapast og fer saman við aukin fjárráð, þar sem hver toppar annan í auðæfum og lystisemdum, græðgin magnast og allar dyr opnast í krafti peninga og aðstöðu, leiðir þetta hvorutveggja til annarlegs, stundum spillts siðferðis, ófundar, óvildar og atbeina, þar sem engar leikreglur gilda, aðrar en lögmál frumskógarins.

Þetta sjúklega ástand, þessi sorglega þróun er afsprengr þeirrar mammonsdyrkunar, sem hér hefur fengið lausan tauminn. Og þetta er afleiðing þeirrar stjórnmálaklisju, sem hefur hampað taumlausri gróðahyggju. Gjafakvótinn var upphafið og svo komu helmingaskipti bankanna og verð-

bréfabraskið og útrásin í útlöndum og smám saman hefur auðstéttin fjarlægst almenning og út úr henni hefur vaxið ný kynslóð, sem veit ekki aura sinna tal án þess að hafa nokkurn tímann dýft hendi í kalt vatn. Og storkar gamla valdinu, sem gaf þessu ástandi líf, en vill þó stjórna því áfram.

Þetta er Ísland í dag og hver á Ísland, nema annarsvegar þetta nýrika fólk, sem sumt hvert hefur það að siðgæði að hóta uppljóstrun leyndarmála gegn fégreiðslum og hinsvegar verndarenglar gamla valdsins sem sitja á leynifundum og hyggja ýmist á hefndir eða launráð.

Aðförin að Baugsfeðgum er ekki endilega flokkspólitískt samsværi, heldur angí af þeirri þjónkun við valdið og lénsheirrana, sem er í takt við þennan hugsunarhátt að þeir sem ekki makka rétt mega éta það sem úti frýs. Gott á þá.

Ég veit ekki betur en að Styrmir Gunnarsson sé vænsti maður og auðvitað eru þeir Baugsfeðgar engir mafiósar. Gallinn er bara sá, að þeir eru leiksoppar í hrundansi siðferðisins og standa andspænis hvor öðrum, þar sem gamli og nýi tíminn takast á.

Ég leyfi mér að halda því fram að allur þessi atgangur stafi af þeirri blindu sýn okkar og þeirra, sem lífa og hræst í þessu nýja þjóðfélagi samtímans, að það þurfi að draga fólk í dilka meðreiðarsveina og mótherja. Hverjir eru með okkur, hverjir á móti, hverjir eru í liðinu, hverjir eru andstæðingarnir?

Þetta er andrúmsloftið, sem býr til þennan farsakennda reyfara og dregur gott fólk niður í svaðið. Uppskeran er í samræmi við sánunguna. Og svo er engu eirt, ekki einkapósti, ekki ástarsamböndum, ekki einu sinni okkur hinum, sem megum horfa upp á þessi ósköp, sem öll snúast bara um eitt. Og aftur eitt. Peninga. Peninga og völd.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is

MARKAÐURINN



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarinn fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – PRENTMIÐLAR RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚÍ RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 500 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – PRENTMIÐLAR PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Segðu þitt álit!



Taktu þátt í að móta Vatnsmýrina í dag kl. 10-17 í Listasafni Reykjavíkur



Alþjóðleg samkeppni

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að halda alþjóðlega hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar. Áður en forsendur samkeppninnar verða skilgreindar er kallað eftir hugmyndum, viðhorfum og væntingum borgarbúa og landsmanna allra um svæðið. Þetta er einstakt tækifæri fyrir þig til að hafa áhrif á mótun á annað hundrað hektara lands sem gegna mun

lykilhlutverki í borgarmynd Reykjavíkur í framtíðinni.



Mistu ekki af
tækifæri til að hafa áhrif!

Samráð um framtíð Vatnsmýrarinnar

- **Samráðsdagur**, þar sem leitað er eftir hugmyndum og viðhorfum almennings til skipulags Vatnsmýrarinnar í framtíðinni, verður haldinn **laugardaginn 1. október**, kl. 10-17, í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.
- Þú getur komið hvenær sem þér hentar. Vekjum þó sérstaka athygli á einnar stundar umræðufundum kl. 11 og 14.
- Þú getur heimsótt heimasíðuna www.vatnsmryri.is til að fá upplýsingar um Vatnsmýrarsvæðið og dagskrá Samráðsdaga.



MÓTUM BORG NÝRRA TÍMA

Við flytjum!

Allar vörur í Sigtúni á
rýmingsarsölu



Rýmingsal

Allt á að seljast



pottaplöntur, kerti,
afskorin blóm, ofl...
grænmeti, avextir,
krydd, kryddjurtir,
safar, korn, hnetur,
edik, olía, kaffi, te,
olífu, ostur, mjólk,
kex, leikfong, ljós
bastkórur, mold,
pottaplöntur, kerti,
afskorin blóm, ofl...
grænmeti, avextir,
krydd, kryddjurtir,
safar, korn, hnetur,
edik, olía, kaffi, te,
olífu, ostur, mjólk,
kex, leikfong, ljós
bastkórur, mold,
pottaplöntur, kerti,
afskorin blóm, ofl...
grænmeti, avextir,
krydd, kryddjurtir,
safar, korn, hnetur,
edik, olía, kaffi, te,
olífu, ostur, mjólk,
kex, leikfong, ljós
bastkórur, mold,
pottaplöntur, kerti,
afskorin blóm, ofl...

'sala



blómaval
heillandi heimur

DV Helgarblað



5 ár liðin frá morðinu á Einari Erni Birgis



Hefur þú séð DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Steig ekki langt frá pólitíkinni

STYRMIR GUNNARSSON
RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hefur verið mikið í umræðu manna á meðal þessa vikuna. Styrmir átti í samskiptum við Jónínu Benediktsdóttur vegna deilu hennar og Jóns Geralds Sullenberger við stjórnendur og eigendur Baugs. Í ljós kom að Styrmir lagði hönd á plóg í aðdraganda málsins og hafa af því spunnist miklar umræður sem óþarft er að endurtaka hér.

Styrmir hefur lengi verið einn mesti þungavigtarmaður í íslenski fjölmiðlun sem ritstjóri Morgunblaðsins, sem lengi vel bar höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla landsins. Í raun var það svo á tímabili að blaðið réði algjörlega ferðinni á markaðnum og Mogginn jafn sjálfsagður partur af daglegu lífi þorra þjóðarinnar og að nótt tæki við af degi og dagur af nótt.

Styrmir er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1958 og lauk lögfræðinámi frá Háskóla Íslands árið 1965. Það sama ár hóf hann störf á Morgunblaðinu og varð aðstoðarritstjóri þess í byrjun árs 1971 og ritstjóri síðari hluta árs 1972. Hann hefur því unnið á blaðinu í fjóra áratugi, þar af rúma þrjá sem æðsti maður ritstjórnarinnar.

Styrmir hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um stjórnmál og margir þeir sem kynntust honum ungum töldu að hann myndi verða einn af forystumönnum Sjálfstæðisflokksins. Hann var formaður Heimdallar 1963 til 1966 og sat í stjórn SUS. Starf ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík var fjölbreytt undir stjórn Styrmis og var meðal annars tekist á um varnir landsins og hækkun skyldusparnaðar svo dæmi séu tekin. Styrmir hefur síðan skrifað mikið um mikilvægi varnarlíðsins á Keflavíkurflugvelli á síðum Morgunblaðsins.

Vorið 1966 er Styrmir í níunda sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningunum á eftir Birgi Ísleifi Gunnarsyni. Sjálfstæðisflokkurinn heldur meirihluta en nær ekki nema átta mönnum inn í borgarstjórn – missir einn borgarfulltrúa – og verður Styrmir varaborgarfulltrúi. Síðar

segir hann af sér þegar hann flytur í Kópavog, þar sem hann hefur búið síðan.

Eiginkona Styrmis er Sigrún Finnbogadóttir, en foreldrar henn-



ar, Finnbogi Rútur Valdimarsson og Hulda Dóra Jakobsdóttir, voru mikið forystufólk í bæjarmálum Kópavogs. Finnbogi Rútur var bróðir Hannibals Valdimarssonar, en mikil vinátta er á milli Jóns Baldvins sonar Hannibals og Styrmis.

Sú vinátta var um tíma tortryggð í hördum kjarna Sjálfstæðisflokksins, sem fannst sitt gamla málagn Morgunblaðið hallt undir Alþýðuflokkinn undir forystu Jóns Baldvins. Styrmir hefur sjálfur lýst því yfir að mjög köldu hafi andað milli ritstjóra Morgunblaðsins og forystu Sjálfstæðisflokksins eftir að Davíð tók við sem formaður flokksins. Snerust átökin meðal annars um gjaldtöku af útgerðinni fyrir að nýta auðlindina í sjónum.

Þótt margir hafi gert ráð fyrir að Styrmir færi í pólitík er vart hægt að segja að hann hafi stigið stórt skref burt frá þeim velli. Ritstjórnastóll Morgunblaðsins var ráðherraígildi í Sjálfstæðisflokk-

um. Staða Styrmis var því ein af lykilstöðunum í valdakerfi flokksins. Síðustu árin hefur verið lögð meiri áhersla á sjálfstæði blaðsins gagnvart flokknum en engum dylst að Styrmir Gunnarsson hafði mikil áhrif inn í flokkinn.

Frá því að Styrmir hóf störf á Morgunblaðinu hefur hann verið vakinn og sofinn yfir útgáfu blaðsins. Enn í dag fylgist hann náði með fréttaskrifum og hefur góða yfirsýn yfir öll mál. Hann þykir hafa mikla innsýn í þjóðmálin og góða tilfinningu fyrir því sem máli skiptir. Enginn efast um hæfileika Styrmis til að stýra Morgunblaðinu og fá það út úr blaðamönnum sem þarf til að búa til gott blað.

Hins vegar þykir Styrmir ekki mikill valdreifingarmaður á ritstjórninni. Hann hefur alla þræði í hendi sér og blaðamenn blaðsins kvarta stundum undan miðstýringaráráttu á ritstjórninni.

Þá hefur Styrmir í gegnum tengslanet sitt oft búið yfir upp lýsingum sem ekki hafa ratað inn í blaðið og ekki orðið að fréttum. Gildir þetta meðal annars um hræringar í viðskiptalífnum, en Styrmir vissi um allar slíkar hræringar á árum áður. Kvað svo rammt að því að fyrir tækjakaup og sameiningar voru í einhverjum tilvikum bornar undir ritstjóra Morgunblaðsins og beðist blessunar hans.

Breytingar á eignarhaldi helstu fyrirtækja landsins hafa þó orðið til þess að viðskiptalífið sækir ekki lengur blessun á ritstjórn Morgunblaðsins í sama mæli og áður var. Styrmir hefur heldur ekki legið á því að honum hugnast einstakir kaupskýslumenn misjafnlega og hefur í leiðurum fagnað sérstaklega framtaki sumra þeirra, meðan aðrir hafa verið taldir miður til þess fallnir að eiga og reka tiltekin fyrirtæki.

Þetta sýnir líka að Styrmir hefur notið trausts bæði viðmælenda og starfsmanna Morgunblaðsins. Hann er vinur vina sinna. Starfsfólkið hefur getað leitað til hans með vandamál sem koma upp og reyna hann og aðrir yfirmenn að leysa úr þeim. Undir hans stjórn hefur verið lögð áhersla á að starfsfólk sinni fjölskyldu sinni fyrst og vinnunni svo. Með það að leiðarljósi verði Morgunblaðið gott blað unnið af góðu starfsfólki.

Launamunur á Íslandi

UMRÆÐAN
LAUNAMUNUR



GUÐMUNDUR ÖRN JÓNSSON
VERKFRÆÐINGUR

Enn hefur Ríkisskattstjóri birt úr um ráðstöfunartekjur landsmanna. Síðan 1993 hefur ójöfnuður stöðugt aukist og nú er sýn komið að sá helmingur hjóna á Íslandi sem hærri launin hefur, hefur 130 prósent hærri laun en hinn helmingurinn. Árið 1993 var munurinn 80 prósent.

Launamunur er mældur með svokölluðu Gini hlutfalli, en því hærri sem það er, því meiri er launamunurinn. Nú er svo komið að launamunur á Íslandi er 31, mun meiri en á öllum Norðurlöndunum, meiri en í Belgíu, Hollandi,

Austurríki, Dýskalandi og Japan. Þó að þar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar munu líklegast enn auka á launamuninn og verður hann ef til vill svipaður og í Bandaríkjunum að þeim loknum en þar er hann 40. Viljum við samfélag eins og Bandaríkin? Samfélag þar sem sum fylkin eyða meiru í rekstur fangelsa en í bæði framhaldsskóla og háskóla. Þar sem ungbarnadauði er mestur meðal vestrænna þjóða. Þar sem börn frá tekjumeiri heimilum eru sex sinnum líklegri til að ljúka háskólanámi en þau frá þeim tekjulægri. Þar sem 40 prósent nýrra húsa í Kaliforníu eru innan múra og þar sem hlutfall fátæktar er mest meðal vestrænna þjóða.

Vilja Íslendingar kannski frekar samfélag eins og það norska? Þar sem lífsgæðin eru best að mati Sameinuðu þjóðanna og þar sem fátæktin er með því minnsta sem gerist í heiminum. Launa-

munur er einnig dýr. Hann leiðir til lægri hagvaxtar og eru til dæmis vaxtarlönd suðaustur Asíu með lægri launamun en vestrænir þjóðir. Einnig er launamunur almennt lítil meðal velmegandi þjóða og eru aðeins þrjár þjóðir af þeim 30 sem búa við bestu lífsgæðin í heiminum með svipaðan eða meiri launamun en Bandaríkin. Mestur er launamunurinn í Afríku þar sem lífsgæðin eru lægst.

Merkilegast er að um þessar spurningar er ekkert rætt. Þrátt fyrir að hafa viljandi valdið byltingu í launamun með breytingu á skattkerfi, gjafakvóta og einkavæðingu til vildarvina, hefur ríkisstjórnin ekki sótt neitt umboð til þess frá þjóðinni. Reyndar hefur byltingunni verið að haldið leyndri að mestu leyti og greiningar á launamun hafa ekki verið birtar síðan Þjóðhagsstofnun var lögð niður. ■

Til sigurs!

UMRÆÐAN
PING SAMBANDS
UNGRA SJÁLF-
STÆÐISMANNA



HAFSTEINN ÞÓR HAUKSON
FORMAÐUR SUS

Allan þennan tíma hafa ungir sjálfstæðismenn barist fyrir sömu hugsjóninni og sú hugsjón hefur reynst Íslandi vel.

Þessa helgi stendur yfir 38. þing Sambands ungra sjálfstæðismanna í Stykkishólmi undir kjörorðinu „til sigurs!“. Þetta vígorð okkar ungra sjálfstæðismanna hefur fleiri merkingar en við fyrstu sýn kann að virðast.

Þjóðfélagið er frjálsara

Í fyrsta lagi vísar slagorðið til þess að hugsjón ungra sjálfstæðismanna um frelsi einstaklingsins og minnkandi ríkisafskipti hefur sigrað í hugmyndabaráttunni. Á meðan aðrir flokkar skipta í sífellu um nöfn og kennitölur og þurfa að hylja fortíð sína geta ungir sjálfstæðismenn stoltir rifjað upp 75 ára sögu SUS og þurfa ekkert að fela. Allan þennan tíma hafa ungir sjálfstæðismenn barist fyrir sömu

hugsjóninni og sú hugsjón hefur reynst Íslandi vel. Ríkið hefur að mestu verið dregið út úr verslunarrekstri og af fjármálamarkaðnum. Skattar hafa verið lækkaðir, losað um margvísleg höft og bönn og einkaframtakið nýtt í auknum mæli í menntakerfinu, ekki síst á háskólastigi. Þótt auðvitað megi alltaf gera betur er ljóst að mikill árangur hefur náðst og þeir eru ekki margir sem krefjast þess að skrefin verði stigin til baka.

Hvað er sigur í pólitík?

Í öðru lagi kallar yfirskrift þingsins á vangaveltur um það hvað felist í raunverulegum sigri. Það að sigra í pólitík á ekki bara að snúast um það að komast til valda valdanna vegna. Þannig pólitík er inni-

halds- og tilgangslaus. Raunverulegur pólitískur sigur á að felast í því að koma hugsjónum sínum til framkvæmda, vinna þeim fylgi og sjá þær hafa áhrif til hins betra á samfélagið. Á SUS þinginu í Stykkishólmi setja ungir sjálfstæðismenn fram sjónarmið sín um það hver næstu skref í íslenskum stjórnmálum eigi að vera. Sigur okkar felst svo í því að vinna skoðunum okkar fylgi og hafa bætandi áhrif á umhverfi okkar. Samband ungra sjálfstæðismanna á að vera samviska Sjálfstæðisflokksins og uppspretta frjórna hugmynda.

Sveitarstjórnarkosningar

Að lokum vísar svo vígorð okkar ungra sjálfstæðismanna að sjálfsögðu einnig til næstu

sveitarstjórnarkosninga. Sjálfstæðismenn ætla að sigra í þeim kosningum. Sérstaklega hart verður tekið á í höfuðborginni og mikilvægt að við göngum samhent til leiks og tökumst á við vinstriflokkana með uppbyggilegar og jákvæðar hugmyndir að vopni. Slíkar hugmyndir verða ræddar af þrótti á SUS þinginu í Stykkishólmi. Sjálfur hef ég gegnt formennsku í SUS síðastliðin tvö ár og mun ekki vera í framboði til endurkjörs. Ég vil því nota tækifærið og þakka þeim þúsundum sem komið hafa að starfi SUS undanfarin ár með einum eða öðrum hætti innilega fyrir samstarfið. Það hefur verið einstaklega gefandi og skemmtilegt.

Opið bréf til hr. Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra

UMRÆÐAN
UMBOÐSMAÐUR
ÍSLENSKA
HESTSINS



DANÍEL BEN ÞORGEIRSSON

Undarlegt að svona stórt verkefni skuli ekki vera með vefsíðu þar sem komið er á framfæri helstu verkefnum og hvað umboðsmaður sé að gera í hverju landi fyrir sig.

Sæll Guðni. Í ljósi nýjustu fréttar af uppsögn umboðsmanns íslenska hestsins sem þú réðst í vinnu þann 1. ágúst 2003 í samvinnu við samgönguráðuneytið og utanríkisráðuneytið má ég til með að spyrja hvað þetta ævintýri hefur kostað?

Það kemur fram í viðtali við Jónas R. að aðalástæða þess að hann sé að hætta sé vegna þess að ekki hafi náðst samstaða meðal

þeirra sem að verkefninu stóðu, um að veita þeim fjármunum sem upphaflega hafi verið áætlað í verkefnið. Hverjir voru þessir fjármunir og í hvað fóru þeir?

Í skýrslu sem umboðsmaður sendir frá sér í nóvember 2004 er ekki tekið fram hversu miklum fjármunum sé varið í þetta verkefni og ekki minnst á það í hvað þeir fóru. Þetta embætti hefur verið frekar lokað og mjög erfitt að að fá upplýsingar eða fréttir af því hvað fráfarandi umboðsmaður hefur verið að gera í þágu hestamanna, minnir helst á lokaðan klúbb þar sem menn eru skammaðir ef falast er eftir fréttum og upplýsingum um verkefnið. Umboðsmaður segir það sjálfur að starfið hafi falist í ýmiss konar fyrirgreiðslu og þjónustu sem ekki hefur blasað við öllum. Undarlegt að svona stórt verkefni skuli ekki vera með vefsíðu þar sem komið er á framfæri helstu verkefnum og hvað umboðsmaður sé að gera í hverju landi fyrir sig. Þar hefði fólk getað sent inn fyrirspurnir og fengið svör, það hefði bætt mynd þessa embættis til muna svo ekki sé minna sagt.

Ég hef gagnrýnt þetta embætti frá stofnun þess og oft verið skammaður fyrir, en tek það fram að í öllum mínum skrifum var

aldrei ætlun mín að ganga nærri persónu umboðsmannsins og biðst forláts á ef svo hefur verið lesið úr mínum greinum. Hins vegar hef ég gengið nærri embættinu eins og það kemur fyrir sjónir almennings og stend við það.

Kæri Guðni, það er kominn tími til að endurskoða þetta embætti í stórum skilningi, eitt stöðugildi sem umboðsmaður íslenska hestsins er alls ekki nægilegt til að þjóna öllum þeim sem vilja leita til hans. Ég legg til að þetta embætti verði lagt niður í þeirri mynd sem það er núna og sett á stofn vel upplýst þjónustumiðstöð íslenska hestsins sem hefur tvo til þrjá starfsmenn. Forstöðumaður hennar ætti helst af öllu að vera viðskiptamaður góður með mikla hæfileika varðandi markaðsmál og ópólitískur að öllu leyti. Helst af öllum myndi ég vilja sjá Ragnar Tómasson hæstaréttarlögmann sem forstöðumann og Huldu G. Geirsdóttur og nöfnu hennar Gústafsdóttur honum við hlið. Þar væri komið fyrsta flokks fólk sem hefur yfirgrípsmikla þekkingu á hestamennsku, markaðsmálum og samningagerð. Guðni minn hlustaðu nú og breyttu rétt.

Höfundur er ritstjóri vefsíðunnar 847.is.



AF NETINU

Bollaleggingar

Bolli [Thoroddsen], ásamt Heimdellingum í heild sinni, hefur gengisfelt all sem heitir alvöru stjórnmál og ung-pólitík með slíkum vinnubrögðum. Ungmennni eru höfð að fíflum þegar þau eru beðin að skrá sig í tiltekinn stjórnmálaflokk til þess að eins að kjósa í stjórn og fá frian bjór á kosningavöku.

Dagur Snær Sævarsson – murinn.is

Ekki drepa á vélinni

Í vitundarvakningarherferð Reykjavíkurborgar er því haldið fram að loftgæði í Reykjavík eigi undir högg að sækja vegna útblásturs úr púströrum bifreiða og því oftast og meira sem menn drepa á bílum sínum því minni verði mengunin. Þar með er gefið í skyn að með því að drepa á bíl þegar hlaupið er inn með barn á leikskóla eða við önnur slík tækifæri megi bæta gæði andrúmsloftsins í borginni. Líklega er dæmið af leikskólanum þó frekar óheppilegt því þegar menn sitja börnin sín af við leikskóla eru bílar oft enn kaldir enda leikskólar oft í næsta nágrenni við heimili manna. Við óþarfar kaldræsingar fer eldsneyti til spillis og bruni er ófullkominn sem veldur auknum útblæstri óæskilegra efna.

Vefþjóðviljinn – andriki.is

Málfrelsi ekki í hættu

Það hefur verið nefnt sem dæmi um

að málfrelsi sé fyrir bí í Bretlandi að öldruðum manni – hinum 82 ára Walter Wolfgang, gyðingi og flóttamanni undan nasistum, félagi í Verkamannaflokki í 57 ár – var vísað út af þingi Verkamannaflokksins í Brighton fyrir að gegnt fram í ræðu Jacks Straw utanríkisráðherra. [...] Málfrelsið er þó ekki minna en svo að síðan hafa verið linnulausar fréttir um Walter Wolfgang í öllum fjölmiðlum í Bretlandi og löng viðtöl við hann á sjónvarpsstöðvum þar sem hann segir skoðun sína á flokknum, Blair, kjarnorkuvopnum og Íraksstríðinu.

Egill Helgason – visir.is

Ekkert öryggisráð

Framboðið er svo óvinsælt innan Framsóknarflokksins að það hefur aldrei tekist að ná fram ákvörðun um málið innan þingflokksins einsog Hjálmar Arnason formaður þingflokksins hefur upplýst.

Í röðum Sjálfstæðismanna er uppi enn harðari andstaða. Ungu þingmennirnir tala hæðnislega um framboðið og þungavigtarmaður einsog Einar Oddur sem er vestfirskur dönskumaður hefur kallað framboðið „det gale vanvid“. Hann sagði í Kastljósi á dögum að við hefðum ekkert sérstakt markmið með 2ja á setu í öryggisráðinu og framboðið væri bara það sem hann kallaði „mont“ og „snobb“.

Össur Skarphéðinsson – ossur.hexia.net

FJÖLSKYLDUHAÐÍÐ Í BREIÐHOLTI

Í TILFNI AF OPNUN ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR BREIÐHOLTS

- Ávarp borgarstjóra
- Söngur leikskólabarna
- Lögreglukórinn
- Kynning á grunnskólum hverfisins
- Selma Björnsdóttir syngur
- Vinabandið, hljómsveit eldri borgara í Breiðholti leikur
- Kassaklifur, danssýning, taekwondo, veitingar ofl. ofl.

Laugardaginn 1. október, kl. 14.00, göngugötunni Mjódd.

Hrund
sérkennsluráðgjafi

Ragnar
framkvæmdastjóri

Þráinn
frístundaráðgjafi

Hákon
sálfræðingur

Á ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINNI Í ÞÍNU HVERFI!



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður - Hjarðarhaga 45-47 • Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða - Skúlagötu 21 • Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis - Síðumúla 39
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður - Langarima 21 • Þjónustumiðstöð Breiðholts - Álfabakka 12 • Þjónustumiðstöð Árbæjar - Bæjarhálsi 1

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.630 +0,37% Fjöldi viðskipta: 302
Velta: 112.955 millj.

MESTA HÆKKUN

Sláturfél. Suðurl. +33,33%
Mosaic +2,21%
Íslandsbanki +1,34%

MESTA LÆKKUN

SÍF -1,49%
Icelandic Group -1,01%
Kögun -0,89%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,30 +1,23% ...
Bakkavör 43,50 -0,23% ... Burðarás 18,00 +0,00% ... FL Group
14,70 +0,00% ... Flaga 3,60 +0,00% ... HB Grandi 9,20 +0,00%
... Íslandsbanki 15,10 +1,34% ... Jarðboranir 20,60 +0,00% ... KB
banki 596,00 +0,00% ... Kögun 55,80 +0,89% ... Landsbankinn
22,20 +0,45% ... Marel 66,50 -0,30% ... SÍF 4,62 -1,49% ...
Straumur 13,80 +0,73% ... Össur 85,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Endurfundur stjórnarmanna

Miklar umræður voru í kringum stjórnarskipti í FL Group þegar hluti stjórnarmanna hætti í stjórninni og stórir hluthafar seldu sinn hlut. Í Smáralindinni í gær sátu þrjú stjórnarmenn Flugleiða í hádeginu og lá vel á þeim, enda margt framundan hjá félaginu. Þetta voru Magnús Ármann, Sigurður Bollason og Þorsteinn Jónsson sem ásamt Baugi



keyptu hluti Saxbyggs sem er í eigu Nóatúnsfjölskyldunnar og verktakanna Gunnars og Gylfa. Þar sem núverandi stjórnarmennirnir snæddu hádegisverðinn sinn á TGI Friday's komu einmitt Gunnar, Gylfi, Einar Jónsson og Pálmi Kristins-

son sem áður fylltu sæti hinna í stjórn FL Group. Vel fór á með þessum tveimur hópum og skemmtu menn sér vel yfir þessu „reunioni“ stjórnarmanna félagsins.

Flýgur fiskisaga

Menn bíða enn spenntir eftir því að til tíðinda dragi í þreifingum FL Group og Sterling. Ekki sást til ferða Hannesar Smárasonar og Pálma Haraldssonar í Smáralindinni, en þeir leika lykhillutverkin í framvindu þess máls. Orðrómur er um það í Danmörku að viljafyrirlysing um kaupin sé klár. Það hefur ekki fengist staðfest, en margir eru þeirrar skoðunar að málið sé lengra komið en menn vilja vera láta. Aðrir telja að langt sé í land að einhverjir samningar séu klárir. Hverju sem því líður er líklegt að til tíðinda dragi og líklegra en hitt að FL Group kaupi Sterling. Ekki er ólíklegt að fleiri flugfélög séu á matseðlinum og fyrir utan easyJet er ekki ólíklegt að FL menn horfi einnig til Finnair sem Burðarás á hlut í.

MARKAÐSFRÉTTIR...

> Heildarvelta á skuldabréfamarkaði í gær var 16,7 milljarðar króna sem teljast líflæg viðskipti. Það tengist viðbrögðum við vaxtahækkun Seðlabankans.

> Actavis hefur keypt ungverska lyfjafyrirtækið Kéri Pharma. Kaupverð er ekki gefið upp. Kéri sérhæfir sig í þróun, sölu og markaðssetningu á samheitalyfjum í Mið- og Austur-Evrópu.

> Íslandsbanki hefur gefið út og selt skuldabréf fyrir 2,5 milljarða króna fyrir kanadíska matvælfyrirtækið Clearwater Seafoods.

> Í ár eru fimmtíu ár síðan byrjað var að gefa út þjóðhagsskýrslu, sem nefnist Þjóðarbúskapurinn. Á þeim tímamótum verður ritið gefið út í nýjum búningi á mánudaginn.

Landsbankinn bauð best í Lánasjóð landbúnaðarins

Landsbanki Íslands bauð best í tilgreindar eignir og skuldir Lánasjóðs landbúnaðarins eða 2,653 milljarða króna. Næsthæsta boðið átti Kaupþing banki, 2,624 milljarða eða 290 milljónum lægra en Landsbankinn og Íslandsbanki átti lakasta tilboðið, bauð 2,301 milljarða.

Landbúnaðarráðherra ákvað í gær að höfðu samráði við ráðherra-nefnd um einkavæðingu að samþykkingu tillögu framkvæmdarnefndar um einka-



GUÐNI ÁGÚSTSSON
Hefur gengið frá sölu á Lánasjóði landbúnaðarins til Landsbankans.

væðingu um að taka tilboði Landsbankans í Lánasjóðinn. Gert er ráð fyrir því að undirritun kaupsamnings fari fram í næstu viku.

Eigið fé Lánasjóðs landbúnaðarins var 3,47 milljarðar við sex mánaða uppgjör sjóðsins í ár og er salan því tæpum milljarði undir eigið fé sjóðsins. - hb

Krónan aldrei sterkari

Gengi krónunnar styrktist um 2,8 prósent í gær. Það er mesta styrking krónunnar á einum degi frá árinu 2001. Sagt er að Seðlabankinn reyni að endurheimta trúverðugleika sinn í Peningamálum.

Gengi krónunnar styrktist um 2,8 prósent í gær og hefur ekki styrkst meira á einum degi frá árinu 2001. Gengisvísitalan endaði í 103 stigum við lok viðskiptadags og hefur ekki áður verið svo lág. Gengisvísitalan lækkar þegar gengi krónunnar styrktist. Í fyrradag kostaði einn bandaríkjadalur 63,2 krónur en 61,7 krónur í lok gærdagsins. Alls voru viðskipti með krónur fyrir 22 milljarða króna í gær. Má rekja þessi viðbrögð til þess að Seðlabankinn ákvað að hækka stýrivexti um 0,75 prósent í fyrradag – meira en gert hafði verið ráð fyrir og ítrekaði skyldu sína að halda verðbólgu í kringum 2,5 prósent.

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur hjá greiningardeild KB banka, segir að frá því að fjármagnsflutningar voru gefnir frjálslir á Íslandi árið 1995 hafi krónan tvisvar sinnum styrkst meira en í gær. Það var 9. maí og 21. júní árið 2001 eftir að Seðlabankinn hvarf frá fastgengisstefnunni, sem hann hafði áður fylgt, og tók upp verðbólguþækkun. Krónan hefði lækkað mikið dagana á undan og var að einhverju leyti að rétta sig af eftir



STANDA VÖRÐ UM TRÚVERÐUGLEIKA SEÐLABANKANS Jón Sigurðsson, Eiríkur Guðnason, Arnór Sighvatsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson á fundi Seðlabankans í fyrradag. Þar ítrekaði Birgir að það væri skylda bankans samkvæmt lögum að verja verðbólgu-markmið sín.

yfirskot ólíkt því sem átti sér stað í gær.

Ásgeir segir að athyglisvert verði að fylgjast með þróun á skuldabréfamarkaði næstu vikurnar því búast megi við að aukinn vaxtamunur við útlönd lokki fleiri erlenda fjárfesta til að gefa út skuldabréf í íslenskum krónum. Það geti unnið á móti því að haldi peningamálastefnunnar sem Seðlabankinn boðaði í fyrradag.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að Seðlabankinn reyni að endurheimta trúverðugleika sinn í nýjustu útgáfu Peningamála. Í spám greiningardeilda og könnunum Gallup

hafi komið fram vísbendingar um að fólk og fyrirtæki tryðu því að verðbólga yrði langt fyrir ofan verðbólguþækkun Seðlabankans næstu misserin. Það, hversu langt hafi liðið á milli vaxtahækkana, eigi þátt í því að bankinn hafi misst trúverðugleika.

Edda Rós segir að Seðlabankinn kveði mjög fast að orði um áform sín um að ná niður verðbólgu í Peningamálum. Bankinn megi ekki hvika frá þeirri stefnu, annars muni trúverðugleiki hans bíða meiri skaða. „Seðlabankinn spilar djarft og leggur mjög ríka áherslu á að endurheimta trúverðugleikann. Til þess þurfa athafnir að fylgja orðum,“ segir Edda Rós. bjorgvin@frettabladid.is

Skuldabréf fyrir einn milljarð bandaríkjadala

Íslandsbanki gekk í gær frá samkomulagi um að gefa út skuldabréf fyrir rúmlega einn milljarð bandaríkjadala eða fyrir um 66 milljarða íslenskra króna. Um fjörutíu prósent af útgáfu bankans voru seld til bandarískra langtímafjærfa en fjármögnunarverkefni bankans er liður í því að laða til bankans nýja fjárfesta.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem íslenskur banki gengur frá skuldabréfaútgáfu þar sem skilyrði bandaríska fjármálaeftirlitisins, 144A, eru uppfyllt. Útgáfunar munu verða skráðar í Kauphöllina í London og er þannig um svokallaða alheims-

útgáfu skuldabréfa að ræða. Skuldabréfaútgáfan er annars vegar til þriggja ára og hins vegar til fimm ára.

Markaðssetningu skuldabréfanna var einkum beint að fjárfestum í Bandaríkjunum og Asíu en einnig var selt til evrópskra fjárfesta. Búist er við því að Íslandsbanki muni vera reglulegur útgafandi skuldabréfa í bandaríkjadöllum á markaði ytra í framtíðinni. - hb

SKULDABRÉF Í BANDARÍKJADÖLUM
Íslandsbanki hefur gefið út skuldabréf fyrir um 66 milljarða í Bandaríkjadöllum.

Ómar hættir hjá Atlanta

Ómar Benediktsson, forstjóri flugfélagsins Air Atlanta Iceland, hefur ákveðið að láta af störfum 1. nóvember næstkomandi.

Ómar stýrði sameiningu Íslandsflugs og Atlanta og er því ferli lokið. Ómar hyggst eiga hlut sinn í móðurfélaginu Avion Group sem stefnt er að fari á markað í byrjun næsta árs.

Ómar var einn af stofnendum Íslandsflugs og hefur hann orðið við þeirri beiðni stjórnar Avion að sinna áfram sérverkefnum fyrir félagið. Við starfi Ómars tekur Hafþór Hafsteinsson sem mun tímabundið sinna bæði því starfi og núverandi starfi sem forstjóri flugflutningasviðs Avion Group. ■

Umræða Dana jákvæðari

Danskt atvinnulíf horfir til Íslendinga þegar leit að er leiða til að komast í hóp sigurvegara í viðskiptum.

Ársfundur samtaka iðnaðarins í Danmörku, Dansk Industri, bar yfirskriftina „Meet the winners“, eða stefnumót við sigurvegaranna.

Þar horfir iðnaðurinn í Danmörku til Íslands, Írlands og fylkisins Massachusetts í Bandaríkjunum. Umræðufundur með þáttöku 200 stjórnenda í dönsku atvinnulífi, þingmanna og ráðherra hófst með sýningu kynningarmyndar frá Íslandi þar sem rætt var við stjórnendur í fyrirtækjunum Marel og Marorku.

Umræða um íslenskt viðskiptalíf var um skeið neikvæð í Danmörku, sérstaklega í kjölfar kaupa íslenskra fjárfesta á Magasin du Nord. Þorsteinn Pálsson, sendiherra Íslands í Danmörku, segir umræðuna vera orðna öllu jákvæðari. Hann segir sendiráðið vinna skipulega



HORFT TIL SIGURVEGARANNA Danir eru farnir að horfa til Íslands í leit að fyrirmyndum í viðskiptalífnum. Um tvö hundruð stjórnendur atvinnulífs í Danmörku og stjórnarmenn, þeirra á meðal Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra, horfðu á mynd um frumkvöðla og frjálsræði í viðskiptum á Íslandi.

ad því að kynna viðskiptalífið á breiðum grundvelli fyrir dönskum fjölmiðlum og hagsmunaaðilum í dönsku atvinnulífi. Hann segir íslensk fyrirtæki sem fjárfest hafa í Danmörku hafa sýnt það og sannað að þau eigi fullt

erindi inn á danska markaðinn. Það ásamt starfi sendiráðsins, Útlutningsráðs og dansk-íslenska verslunarráðsins hafi skilað þeirri jákvæðu umræðu sem einkennt hafi fund Dansk Industri. - hb

MARKAÐURINN



VERÐSPRENGJA FRÁ STUTT GART

Nokkrir nýir Mercedes Benz C-lína á alveg hreint hrikalega góðu verði. Um er að ræða nýja og óskráða bíla beint frá Mercedes-lager í Stuttgart.


Allir með Elegance eða Avantgarde útfærslum, flestir með Xenon ljósum, leðurinnréttingu, glertopplúgu, rafdrifnum sætum og álfelgum. Ábyrgð frá fyrsta skráningardegi til 2ja ára.



Mercedes-Benz

Þjónustuaðili
Mercedes Benz
á Íslandi
frá upphafi er

RÆSIR HF



MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Peir
eru
komnir
aftur

Fyrsta
sending
seldist
upp
samdægurs

Önnur
sending
af
Mercedes
C-línunni
komin

Opið
alla
helgina

Komdu...

WALTER MATTHAU
(1920-2000) fæddist þennan dag.



„Læknirinn sagði að ég myndi lifa í sex mánuði. Þegar ég gat ekki borgað reikninginn gaf hann mér sex mánuði til viðbótar.“

Walter Matthau var bandarískur gamanleikari og einna best þekktur fyrir leik sinn í myndunum *The Odd Couple* og *Grumpy Old Men þar sem hann lék á móti félaganum Jack Lemmon.*

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 1. OKTÓBER 1936

Franco foringi fasistastjórnarinnar

Á þessum degi árið 1936 var Francisco Franco valinn leiðtogi fasista-stjórnar uppreisnarmanna á Spáni.

Franco fæddist í bænum El Ferrol árið 1892. Hann gekk í herskóla fjórtán ára gamall og sannaði sig snemma sem hermaður og hæfur stjórnandi í nýlenduskærum Spánverja í Marokkó og forframaðist á skömmum tíma. Árið 1931 var konungsvaldið afnumið á Spáni og Franco féll í ónáð hjá frjálshlyndum leiðtogum lýðveldisins og var lækkaður í tign. Hann hlýddi möglunarlaust.

Íhaldsmenn komust aftur til valda í kosningunum 1933 og Franco var hækkaður í tign yfirhershöfðingja og síðar herráðsforingja. Í kosningum árið 1936 komst hins vegar samsteypustjórn vinstri flokka til valda og Franco var sendur til Kanaríeyja. Af ótta við að ríkisstjórnin myndi greiða götu marxískrar byltingar, lögðu yfirmenn í hernum á ráðin um valda-rán. Eftir nokkurt hik ákvað Franco að ganga til liðs við þá. Í júlí árið 1936 hófst uppreisnin í Marokkó og breiddist yfir á meginland Spánar daginn eftir. Undir stjórn Francos sólsaði herinn undir sig nokkur héruð landsins.

Í þeirri trú að sigur væri yfirvofandi völdu uppreisnarmenn Franco leiðtoga ríkisstjórnar sinnar en reyndin varð sú að borgarastyrjöldin stóð í tvö ár enn þar til Spánn var allur á valdi Francos. Hann stjórnaði landinu með harðri hendi til dauðadags árið 1975.



FRANCISCO FRANCO

MERKISATBURÐIR

- 1846 Hús Lærða skólans í Reykjavík er vígt.
- 1874 Kvinnaskólinn í Reykjavík tekur til starfa.
- 1880 Mjóðruvallaskóli í Hörgárdal, fyrsti gagnfræðaskóli á Íslandi, tekur til starfa.
- 1908 Kennaraskólinn tekur til starfa í Reykjavík.
- 1946 Tólf nasistaforingjar eru dæmdir til dauða af stríðsglæpadómstólum í Nürnberg.
- 1955 Fyrsta kjörbúðin er opnuð í Reykjavík, það er sjálfsafgreiðslubúðin Liverpool.
- 1945 Muhammad Ali sigir Joe Frazier og endurheimtir heimsmeistarátílinn í boxi.
- 1987 Sjónvarpið hefur útsendingar alla daga vikunnar. Þá hættu fimmtudagskvöld að vera sjónvarpslaus.

BRÚÐHJÓN



Gefin voru saman þann 27. ágúst í Kópavogskirkju þau Hafdis Mjöll Guðmundsdóttir og Róbert Ericsson, af séra Ægi Fr. Sigurgeirssyni. Þau eru til heimilis í Kópavogi.

AFMÆLI



Magnús Stefánsson
þingmaður
er 45 ára

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvégi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

SIGURRÓS ÞORGRÍMSDÓTTIR TEKUR SÆTI GUNNARS I. BIRGISSONAR Á ÞINGI

Vantar námskeið fyrir nýliða

„Það kemur mér á óvart hvað þetta er skemmtilegur vinnustaður. Þetta er fjölbreytt og skemmtilegt starf og ég hlakka virkilega til að komast inn í fastar nefndir,“ segir Sigurrós Þorgrímsdóttir, sem í dag tekur sæti Gunnars I. Birgissonar á þingi. Sigurrós hefur síðustu ár verið varaþingmaður og því kynnst þingstjórnunum töluvert.

Sigurrós hefur verið bæjarfulltrúi í Kópavogi í átta ár og er virk í ýmsum nefndarstörfum bæði á vegum Kópavogsbæjar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Hún hefur í nokkur ár verið formaður stjórnar Menntaskólans í Kópavogi og hefur mikinn áhuga á menntamállum sem mun nýtast henni vel í menntamálanefnd sem hún fær sæti í. Þá fer hún einnig í umhverfisnefnd. „Það er málaflökkur sem við sveitarstjórnarmenn höfum mikinn áhuga á,“ segir Sigurrós, sem einnig hefur brennandi áhuga á utanríkismálum. Hún hefur skrifað bók um Evrópska efnahagssvæðið og skrifaði mastersritgerð sína um áhrif EES-samningsins á opinber innkaup.

Sigurrós er ekki farin að hugsa hvort hún sækist eftir áframhaldandi þingmennsku á næsta kjörtímabili. „Ég er ekki einu sinni búin að gera upp við mig hvort ég ætli í prófkjör,“ segir Sigurrós, en sveitarstjórnarkosningar verða í byrjun næsta árs.

Sigurrós á stjóra fjölskyldu og reynir að eyða með henni eins miklum tíma og auðið er. Hún á þrjú börn, einn stjúpson og sjö barnabörn. Það er því fjór í þeim fjölmörgu matarboðum sem Sigurrós býður börnum sínum í. Þrátt fyrir annríkið á Sigurrós sín áhugamál eins og aðrir. „Ég hef mikið gaman



FJÖLSKYLDUKONA Sigurrós á stóra fjölskyldu, fjögur börn og sjö barnabörn. Hún reynir að eyða eins miklum tíma með þeim og hún getur.

af að lesa, sérstaklega sakamálasögur til að slaka á. Síðan spila ég golf eins og hálf þjóðin gerir orðið,“ segir Sigurrós kímín.

Sigurrós hefur aðeins eitt út á Alþingi að setja

sem vinnustað. „Mér myndist að það ætti að vera einhvers konar námskeið fyrir nýliða. Kynna þeim hvernig þetta er, hvernig mál eru afgreidd og hvernig eigi að haga sér

þegar fara á fram með eitthvert mál,“ segir Sigurrós, sem annars er mjög ánægð með verðandi samstarfsfélaganum sem hún segir alla mjög hjálplega, alveg óháð flokkum. ■



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýðug við andlát og útför hjartkærs sambylismanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Jóhann Eypórssonar

Sléttuvegi 17, Reykjavík.

Guð blessi okkur öll.

Borghildur Þórðardóttir

Hólmfríður Svala Jóhannsdóttir

Hrafnhildur Björk Jóhannsdóttir

Páll Eypór Jóhannsson

Einar Jörundur Jóhannsson

Heiðar Ingi Jóhannsson

Ólafur Unnar Jóhannsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Sesselja Bjarnfríður Jónsdóttir

Þórdís Ólafsdóttir

Kristjana Andrésdóttir

Oddrún Elfa Stefánsdóttir



Móðir okkar,

Helga Katrín Gísladóttir

Unufelli 44, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi miðvikudaginn 28. september.

Sigurjón Magnússon

Brynjar Mikael Mikaelsson

Birkir Rafael Mikaelsson.



Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afa og langafa,

Áskell Einarsson

fyrirv. framkvæmdastjóri

Fjórðungssambands Norðlendinga,

sem lést sunnudaginn 25. september sl. verður jarðsönginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 8. október nk. kl. 14.00.

Guðrún Áskelsdóttir

Steinnun Áskelsdóttir

Ása B. Áskelsdóttir

Ólafía Áskelsdóttir

Einar Áskelsson

Valdimar Steinar Guðjónsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Örn Gíslason

Birgir Steingrímsson

Stefán Ómar Oddsson

Haraldur Jóhannsson

María Sif Sævarsdóttir

Eygerður Bj. Þorvaldsdóttir



Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afa,

Jóhann Bragi Hermannsson

Víkurbakka 2, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni miðvikudagsins 28. september.

Guðrún Ingadóttir

Kristín Jóhannsdóttir

Ragna Jóhannsdóttir

Björk Bragadóttir

og barnabörn.

Steinar B. Valsson

Pálmar Viggósson

ANDLÁT

Hrefna Ingimarsdóttir íþróttakennari, Skólagerði 3, Kópavogi, lést mándudaginn 26. september.

Anna Einarisdóttir, Ársölum 3, Kópavogi, lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 28. september.

Jóhann Bragi Hermannsson, Víkurbakka 2, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 28. september.

Rannveig Böðvarsson, Vesturgötu 32, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 28. september.

Soffía I.S. Sigurðardóttir, dvalarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík, andaðist miðvikudaginn 28. september.

JARÐARFARIR

13.00 **Ólafur Ketill Gamalielsson** frá Stað, Ásvöllum 3, Grindavík, verður jarðsönginn frá Grindavíkurkirkju.

13.00 **Vígfus Sigurðsson** frá Brúnum, Hólavangi 3, Hellu, verður jarðsönginn frá Oddakirkju.

14.00 **Guðrún Reykdal**, Hlíðarvegi 27, Siglufirði, verður jarðsönginn frá Siglufjarðarkirkju.

14.00 **Ingibergur Bjarnason**, Rauðanesi III, Borgarnesi, verður jarðsönginn frá Borgarnesarkirkju.

14.00 **Ingibjörg Halldórsdóttir**, verður jarðsönginn frá Þórs-hafnarkirkju.

14.00 **Vigdís Guðbrandsdóttir** frá Reyðará verður jarðsönginn frá Hafnarkirkju.



Sófar

sem sameina fegurð og þægindi

Leðursófi

kr. 87.000
Drappl., svartur og brúnn
St. 215x100 cm



Leðurhornsófi

kr. 148.000
Drappl. og vínr.
St. 250x300 cm

Opið

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00



TM - HÚSGÖGN

Síðumúla 30 - Sími 568 6822
- ævintýri líkust

Haut 2005

4.990

VERÐ ÁÐUR 6.990

VELKOMNU Í INTERSPORT

FRÁBÆR KAUP UM HELGINA!



FIREFLY SURPLUS JKT Góð vetrarúlpa á dömur. Litur: Khaki, brún og svört. Stærðir: 36-42. Kr. **4.990**

FIREFLY WIRE JKT. Góð vetrarúlpa á herra. Litir: brún og svört. Stærðir: S-XL. Kr. **7.990**



7.990

VERÐ ÁÐUR 9.990



7.990

VERÐ ÁÐUR 9.990

PUMA SPEED CAT Klassískir götuskor, mjög flottir. Litur: dökkbrúnir. Stærðir: 37-46. Kr. **7.990**



6.990

VERÐ ÁÐUR 7.690

PUMA LIGA Flottir götuskor. Litur: rauðir og svartir. Stærðir: 37-46. Kr. **6.990**



3.690

VERÐ ÁÐUR 4.490

MCKINLEY SUMATRA Góðir vetrarskor fyrir þau yngri. Skór sem þarf ekki að reima, hefur sterkar teygjur og riflás. Skórnir eru varðir að framan og aftan. Litir: gráir og brúnir. Stærðir: 25-39. Kr. **3.690**

Clubleikur Intersport og Iceland Spa & Fitness



Allir Club Intersport meðlimir sem verslað hafa í Intersport á tímabilinu 1.sept – 1.nóv fara sjálfkrafa í pott og eiga möguleika á að vinna glæsileg heilsuræktar verðlaun.

- 1. Verðlaun:** Árskort í líkamsrækt hjá Iceland Spa & Fitness + 12 skipti hjá einkabjálfa frá Þjálfun.is + 12 heilsudrykki af heilsuþarmanum í Sporthúsinu + þrekhjól frá Intersport + hlaupaskór frá Intersport.
- 2. Verðlaun:** Þriggja mánaða kort í líkamsrækt hjá Iceland Spa & Fitness + hlaupaskór frá Intersport.
- 3. Verðlaun:** Eins mánaðar kort í líkamsrækt hjá Iceland Spa & Fitness + æfingagalli frá Intersport.



RT



4.990
VERÐ ÁÐUR 5.990



>> hummel

HUMMEL LINDA ZIP JKT. Flottur renndur dömujakki. Litur: brúnn. Stærðir: M-XL. Kr. **4.990**

4.990
VERÐ ÁÐUR 5.990



990
VERÐ ÁÐUR 1.290

NORTHBROOK SPORTS

NORTHBROOK SALINA TEE Góður dömu bómullarbolur. Litir: Khaki, bleikur og fjólublár. Stærðir: 36-44. Kr. **990**



3.990
VERÐ ÁÐUR 4.590

>> hummel

HUMMEL LINDA PANT Flottar dömubuxur. Litur: brúnar. Stærðir: XS-L. Kr. **4.990**

>> hummel

HUMMEL JAKOB LS TEE Flottur bómullarbolur síðerma á herra. Litur: brúnn. Stærðir: S-XXL. Kr. **3.990**



4.990

HENSON

HENSON HETTUPEYSA Mjög flott og klassísk hálfrennd hettupeysa. Litur: brún, svört og rauð. Stærðir: 164-186. Kr. **4.990**

100% ÖRYGGI

við lofum þér lægra verði!

INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER



Club Intersport, sjá nánar á
www.intersport.is

Beirút getur líka brosað

Ímynd umheimsins af Líbanon hefur verið allt önnur en jákvæð síðasta aldarfjórðunginn. Sjálfsgagt er það engin furða því um árabíl geisaði blóðug borgarastyrjöld í landinu. Þótt friður hafi komist á fyrir fimmtán árum er staðan enn ótrygg. **Sveinn Guðmarsson** komst hins vegar að raun um að á bak við fréttirnar býr litrík þjóð í gullfallegu landi.

Það er ekki erfitt að ímynda sér hvers vegna Beirút, höfuðborg Líbanons, var allt fram á áttunda áratuginn kölluð París Mið-Austurlanda. Borgin var miðstöð fjármála- og viðskipta í heimshlutunum og sambúð ólíkra trúar- og þjóðfélags-hópa – þótt oft væri hún stíð – tryggði fjölskrúðugt mannlíf.

Svo dundi ógæfan yfir. Um miðjan áttunda áratuginn sauð upp úr á milli kristinna íbúa landsins og múslima vegna deilna um veru palestínskra flóttamanna. Næstu fimmtán árin lagði Líbanon í átökum, þjóðfélagið var gjörsamlega stjórnláust og erlend ríki á borð við Ísrael, Íran, Síryland og Bandaríkin blönduðu sér í stríðið með beinum eða óbeinum hætti. Síðustu fimmtán árin hefur verið friðsamlegra í landinu en til skamms tíma hélt sá friður einungis vegna hersetu og margvíslegra ítaka Sírylendinga. Í kjölfar morðsins á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, í febrúar síðastliðnum reis stór hluti þjóðarinnar upp gegn Sírylendingum og þegar alþjóðlegur þrýstingur bættist við hafði herlið þeirra sig á brott. Það eru

því spennandi en óvissir tímar framundan hjá Líbanonum, því um leið og sjálfstæði landsins hefur aukist hefur ólgan gert vart við sig á ný.

Iðandi mannlíf

Andrúmsloftið í Beirút er reyndar sérstaklega vingjarnlegt og þar er fátt sem minnir á stríð – nema kannski kúlnagötin sem eru á býsna mörgum húsum. Glæpatíðni er þar með minnsta móti og erlendir ferðamenn eru án efa mun öruggari þar en í mörgum borgum Vesturlanda. Einna helst eru það bílarnir og bifhjólin sem þjóta í allar áttir sem túristarnir verða að gæta sín á. Gestrisni og hjálpfýsi heimamanna virðast hins vegar engin takmörk sett, þeir veita greinilega höfðinglegar móttökur hverjum þeim sem kærir sig kollóttan um fréttaflutninginn og heimsækir landið.

Enda þótt mannskætt sprengju-tilræði hafi verið framið í borginni kvöldið áður en ég kom þangað virtist almenningur ekki láta það raska ró sinni, enda ýmsu vanur. Alls staðar var ys og þys, kaffihúsin full af fólki reykjandi vatnspípur og þambandi límonaði í hitan-



ÓHUGNANLEGUR MINNISVARÐI Holiday Inn hótelið var opnað í miðborg Beirút rétt áður en borgarastyrjöldin skall á. Háreist byggingin varð eftirlætishreiddur leyniskytti sem höfðust við á þaki hennar. Linnulaus eldfloaga- og fallbyssuskothrið dundi á byggingunni í staðinn. Ekki er vitað hver verða aðríf þess, sumir vilja taka það aftur í notkun en aðrir vilja að það verði rífið.



Á STRÖNDINI Múslimakonur láta ekki strangar reglur um klæðaburð stöðva sig í að njóta veðurblíðunnar.



VIÐ PÖNNUNA Líbanskur matur er annálaður fyrir gæði. Hvort sem um er að ræða ódýrt *manaesh bi-zaatar* á götuhorni eða kræsingar á veitingahúsi bráðnar allt uppi í manni.



DÝRLINGAR Í Hamra-hverfinu hanga myndir af Hariri-feðgunum á hverju horni.

um. Við grýtta strandlengjuna gættu unglingar sem svömluðu í sjónum sín á því að flækjast ekki í önglum stangveidimanna sem renndu fyrir smáfisk í gruggugum sjónum. Þrátt fyrir fjörið er viðbúnaðurinn samt aldrei langt undan. Lögreglumenn með stóra sjálfvirka ríffla voru á hverju strái og vopnaður vörður er yfirleitt við stofnanir á borð við opinberar skrifstofur og banka, jafnvel stöku íbúðarhús. Til að geta gengið fram hjá þinghúsinu verða vegfarendur að leyfa lögreglu að gramsa í töskum sínum og húsakynni Sameinuðu þjóðanna, stofnunar sem maður hefði búið við að nyti vinsældar og trausts, eru umkringd sandpokum og þangað fær enginn að fara nema að hann geti sannarlega sýnt fram á lögmætt erindi.

Sýrlensk ítök enn til staðar

Skýringin á þessum ráðstöfunum við bygginguna er í sjálfu sér skiljanleg því um þessar mundir rannsakir nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna morðið á Rafik Hariri. Á grundvelli rannsókna nefndarinnar voru fjórir menn handteknir fyrir um mánuði síðan. Þeir gegndu allir mikilvægu hlutverki í öryggiskerfi landsins, leyniþjónustu eða her, og allir höfðu þeir nán tengsl við Sírylandsstjórn, tengsl sem Hariri

barðist fyrir að skorið yrði á.

Þótt herlið Sírylendinga hafi haft sig á brott úr landinu er ljóst að ítök þeirra eru enn mikil. Emile Lahoud, forseti Líbanons, er hallur undir ráðsherrana í Damaskus og þeir sem voga sér að troða þeim um tær eiga ekki von á góðu. Þessu komst blaðakonan May Chidiac að í síðustu viku, en eftir að hún ræddi opinskátt um mögulegan hlut sýrlensku leyniþjónustunnar í morðinu á Hariri í sjónvarpsþætti var sprengju komið fyrir undir bílsstjórasetinu í bifreið hennar. Hún slasaðist alvarlega í tilræðinu.

Hetjan Hariri

Í þeim hluta Beirút þar sem múslimar eru fjölmennir er Hariri nánast haldið í dýrlingatölu. Alls staðar hanga myndir af forsætisráðherranum fyrrverandi, og oftast er Saad, sonur hans á myndunum líka. Saad leiddi flokk föður síns til sigurs í þingkosningunum í júní og binda menn miklar vonir við að hann feti í fótspor föður síns.

Sú mikla uppbygging sem átt hefur sér stað í Beirút síðastliðinn áratug er jafnframt Hariri að stórum hluta að þakka en miðborgin sem lögð var í rúst á styrjaldarárunum hefur verið byggð upp nánast frá grunni. Hariri

hafði forgöngu um að stofna fyrirtæki sem sjá átti um alla uppbyggingu á svæðinu og voru hluthafar í því þeir sem áttu fasteignir og lóðir í miðborginni fyrir borgarastríðið. Hariri var reyndar beggja megin borðsins því hann var sjálfur stærsti hluthafinn og auðgaðist verulega.

Horft fram á veginn

Þrátt fyrir uppganginn er efna-hagur landsins enn í lamasessi. 18 prósent vinnufærra manna eru atvinnulaus og tæpur þriðjungur þjóðarinnar býr við fátæktarmörk á meðan lítill hluti landsmanna á umtalsverð auðæfi. Tíu milljónir Líbana búa erlendis en aðeins fjórar í sjálfu landinu. Auk þeirra dvelur ein milljón erlendra verkamanna í landinu og ekki má gleyma 500.000 Palestínnumönnum sem búa þar í flóttamannabúðum.

Það er erfitt að segja hvernig mál munu þróast fyrir þetta litla og stríðshrjáða land á næstu misserum enda er staðan þar flókin. Sú þjóð sem við mér blasti þá daga sem ég dvaldi þar virtist hins vegar einhuga um að horfa fram á veginn og byggja upp samfélag sáttar og samlyndis í stað þess að festast í vítahring hefndarinnar. Vonandi verður henni að ósk sinni.



Austurvei
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið
Mán.–fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Opið lengur



Sama hvernig það lítur út

fáðu kaupaukann beint í veskið

FÁÐU BEINT Í VESKIÐ
50.000 KR.
BENSÍNINNEIGN
FRÍ ÁBYRGÐAR-
OG KASKÓTRYGGING*



Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging* fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan og glæsilegan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, **að verðmæti allt að 140 þúsund krónur.** Komdu við hjá okkur. **Við erum með bílinn handa þér.**

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



VÖRÐUR
ÍSLANDSTRYGGING



Með bílinn handa þér



HYUNDAI
hefur gæðin



RENAULT



LAND-ROVER
GO BEYOND™

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL 12 TIL 16.

GATAN BORGAR MEIRA

Bítbox er vaxandi listgrein í London. Bítboxarar eru meira að segja byrjaðir að vinna sér inn peninga á strætum Lundúna sem götuspilarar. **Birgir Örn Steinarsson** hitti Streetbox, sem var fyrsti dúettinn til þess að færa listgreinina út á götu.

Eina kvöldið sem það er löglegt að spila tónlist úti á götu á Íslandi er á Menningarnótt, en þá er stranglega bannað að taka peninga fyrir. Af hverju þessi löggjöf er við lýði hér er mér hulin ráðgáta en með henni eru okkur gefin þau skilaboð að þjóðfélagið sjái lítinn mun á söngvaskáldi, sem vill komast í samband við samborgara sína, og betlara. Þessi óbeinu skilaboð sökkva dýpra inn en okkur grunar. Þannig stóð ég sjálfan mig að því að horfa vel í kringum mig af ótta við að einhverjir Íslendingar leyndust á strætum Camden hverfis Lundúnaborgar á föstudaginn síðasta þegar ég stóð á götuhorni ásamt rappara og bítboxara að vinna mér inn fyrir máltíð kvöldinsins.

Vél hermír eftir manni, maður apar eftir vél


Það var þó hrein aðdáun sem dró mig á brúna yfir þrönga skipaskurðinn í Camden þennan dag. Aðdáun á viðfangsefnum mínum. Þau heita Alexander Stell og Marisa Lock og mynda saman dúettinn Streetbox. Þau nota listamannanöfnin MC Xander og Blue. Xander er bítboxari en hún syngur og rappar ofan á. Þau nota aðeins tvo hljóðnema en hljóma eins og fullskipuð hljómsveit. Hann skaffar taktinn og bassalínurnar

með munninum á meðan hún syngur ofan á.

Streetbox er án efa fyrsti bítbox-dúettinn í London til þess að vinna fyrir sér á götunni. Þau drógu fyrst magnara sinn út á götu í byrjun júlí og hafa reynt að fara á hverjum virkum degi síðan. Nú þegar eru eftirhermur byrjaðar að láta á sér kræla.

Um helgar vinna þau bæði fyrir sér sem rappara og kynnar á þekktum klúbbum í London. MC Xander er á hljóðnemanum á hverju föstudagskvöldi á The End, einu virtasta musteri dans-tónlistar í London. Sextán ára hafði hann lært af sjálfum sér að spila á píanó, gítar, bassa og trommur. Hann keypti tölvu til þess að hljóðrita lög sín, sem voru undir miklum áhrifum drum n'bass og breakbít. Hann hafði ekki efni á að kaupa almennileg tónlistarforrit en leysti það vandamál með því að syngja inn hvert hljóðfæri fyrir sig. Fljótlega áttaði hann sig á því að lögin hljómuðu vel með munnhljóðunum einum saman og lét þau standa.

„Ég vildi ekki vera háður neinum öðrum,“ útskýrir Xander yfir kaffibolla áður en haldin er út á götu. „Það er svo gott við bítboxið að þú getur bara mætt á staðinn og gert þitt eins lengi og það er míkrofónn á staðnum. Þannig kem



ég líka minni eigin tónlist að á klúbbkvöldum ef plötusnúðarnir stoppa í örtilta stund.“

„Þú þarft ekki plötusnúð til þess að spila undir hjá þér,“ segir Blue. „Þú hljómar sjálfur eins og plata. Það er virkilega gaman að sjá fólk úti á götu sem hefur aldrei séð þetta, það missir alveg andlitið.“

Blue er fyrrum ballettdansari frá Ástralíu sem hefur unnið sem atvinnutónlistarmaður frá 2002. Þar starfaði hún með hljómsveit sinni Chi-Qi sem spilaði fönk og beitti brellum til þess að fanga athygli tónleikagesta. Hún fluttist til Bretlands eftir að félagi hennar, tónlistarmaðurinn Luke Vibert, hvatti hana til þess að koma.

Blue og Xander eru sammála um að röddin geti framkallað mun áhugaverðari hljóðsveiflu en hljóðgervill.

Hápunktar í sögu bítbox

- 1984 Bobby McFerrin gefur út The Voice sem var einungis gerð með rödd hans.
- 1999 Razhel, bítboxari The Roots, gefur út Make the Music 2000.
- 2004 Björk gefur út Medúllu – vinnur með bítboxurunum Razhel, Japananum Dokaka og Bretanum Shlomo.
- 2004 Sony gerir samning við Killa Kela.
- 2005 Fyrsta heimsmeistaramótið í bítbox haldið í Leipzig í Þýskalandi.

„Það er svolítið skemmtilegt að mannkynið er eiginlega búið að fara í heilan hring hvað hljóðfæri varðar,“ segir Blue. „Flest hljóðfæri eru hönnuð út frá manns-

röddinni. Takturinn kemur svo auðvitað upphaflega frá hjartslættinum. Mannkynið bjó til hljóðfæri og svo vélar upp úr því sem fæddist í röddinni. Núna erum við að herma eftir því sem þessar vélar gera með röddinni.“

Fín mánaðarlaun á götunni

MC Xander hefur starfað í rúmt ár sem atvinnutónlistarmaður og kom með annars fram með Atomic Hooligans á Glastonbury-hátíðinni síðast. Þegar hann gengur um stræti Camden er hann oft stöðvaður af aðdáendum. Maðurinn er fæddur til þess að vera á sviði. Af hverju kys hann þá að halda sig á götunni, í stað þess að spila á börnunum á kvöldin? „Þetta er auðveldasta leiðin til þess að komast í samband við sem flesta og ná til þeirra sem annars myndu ekki fara að sjá bítbox,“ útskýrir

VITUS BERING
DENMARK



NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á dönsku

- Veltækni
- Veltækniþræði
- Landmælingar
- Tölvutækniþræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatækniþræði
- Framleiðslutækniþræði
- Útflutningstækniþræði

Fulltrúi skólans – Johan Eli Ellendersen, verður í Reykjavík á Radisson SAS, Hótel Sögu. Á tímabilinu - 1. til 15. Október 2005.

Peir sem hafa áhuga geta haft samband við Johan Eli Ellendersen með því að hringja til Hótel Sögu í síma 525 9900 eða leggja inn skilaboð, og við munum hringja tilbaka, eða hringið beint í Eli í síma + 45 60100151.

VITUS BERING DENMARK
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5100
EMAIL: CVU@VITUSBERING.DK.

www.vitusbering.dk

Xander. „Svo fær maður bara meiri pening.“

Þessi vika hefur verið mjög góð fyrir hann og Blue. Þau seldu geisladiska fyrir um 80 þúsund krónur og græddu aðrar 30 þúsund krónur af klinki. Eitt gígg á barnum hefði kannski fært þeim um tólf þúsund krónur. Þetta er því mjög einfalt reikningsdæmi.

Diskurinn sem þau eru að selja er fimm laga heimabrennt demó. Á því er eitt lag eftir þau, Rhythm of the Street, og fjögur tókulög. Þar á meðal eru Seven Nation Army eftir The White Stripes, Billie Jean eftir meistarana Jackson og frábær útgáfa af Groove Is in the Heart eftir Dee-Lite. Það kostar þau 20 penni að gera hvert eintak, sem svo er selt á fimm pund.

Þegar þau rétta mér eintak biðjast þau afsökunar á að ekki skuli vera fleiri frumsamin lög. Áætlanin sé að semja og hljóðrita fleiri frumsamin lög því þau vilji ekki vera tókulagasveit. Það er aðeins gert til þess að græða meira á götunni.

„Það er líka mikilvægt fyrir okkur að lögin verði nægilega góð til þess að fólk gleymi því hvernig þau eru unnin,“ segir Xander. „Þessa dagana er öll áhersla lögð á að þetta sé allt gert með munninum, frekar en að tónlistin sjálf sé höfuðatriðið.“

Þau eru þegar byrjuð að reyna að fanga athygli plötufyrirtækja. Ein aðferð var að draga magnarann beint upp að dyrum hjá öllum stærstu útgáfunum og taka lagið. Viðtökurnar hafa verið mismunandi. Stundum var kallað á lögregluna, aðrir réttu þeim nafnspjöld.

Dansandi rónar

Þegar kaffibollarnir eru tómir er sólin farin að skína yfir Camden og tími kominn til þess að fara í vinnuna. Vanalega þurfa þau á aukamanneskju að halda en hún er ekki með í þetta skiptið. Ég er því skipaður í hlutverkið. Á leiðinni að brúnni útskýra þau fyrir mér hvað ég eigi að gera.

„Fyrst þegar við vorum að byrja var fólk alltaf að trufla okkur á meðan við vorum að syngja, vegna þess að það vildi kaupa diska,“ segir Blue. „Ég varð þá að kafa ofan í töskuna mína eftir skiptimynt á meðan ég var að syngja. Þú selur diskana þannig að fólk þurfi ekki að trufla okkur.“

„Líka ef þú sérð fólk vera að taka okkur upp á símunum sínum eða vídeókamerum, þá skaltu biðja það um að borga aðeins í pottinn eða hætta,“ segir Xander. „Þetta er vinnan okkar. Fólk áttar sig ekki alveg á því. Svo veit maður aldrei hvað fólk gerir við þessar upptökur.“

„Já, og ef þú getur safnað nöfnum og netföngum á þennan lista hérna, þá ertu nokkuð góður,“ segir Blue.

Þau draga magnarann að brúnni, stilla honum fyrir framan sig og stínga hljóðnemum sínum í samband. Blue leggur flautukassann sinn á stéttina við hljóðna á magnaranum. Xander heldur hljóðnemanum þétt upp að vörum sér með vinstri hendinni og setur þá hægri á ímyndaðan takka á útvarpi og fer að stilla tíðnina með tilheyrandi hljóðum. Svo keyra þau beint í fyrsta lagið. Á öðru lagi hafa safnast um fimmtíu manns í kringum þau og sú tala helst allan tímann.

Þennan dag seldi ég um tuttugu diska og skráði um fjórutíu manns á netlistann. Þar á meðal voru tveir fjölmiðlamenn og einn klúbbaeigandi frá Póllandi.

Blue og Xander fá ekki frið frá vegfarendum þegar þau hafa lokið sér af og margir þeirra lofa gulli og grænum skógum. Næstu daga endurtaka þau svo leikinn á þeim stöðum sem þeim gengur best. Carnaby Street, South Bank, Covent Garden og hjá brúnni í Camden. Það ætti bara að vera tímaspursmál þar til einhver sem getur komið þeim almennilega á framfæri sér þau.

biggi@frettabladid.is

FRÖKEN FREYJA LEYSIR VANDANN >

Dekkósjúklingur

Ég er alveg að missa mig í dekkóæðinu. Það er bara þannig að ég er svo veikgeðja þegar kemur að falllegum heimilismunum að ég get ekki annað en dregið upp vísakortíð. Maðurinn minn er orðinn frekar pirraður. Sér í lagi vegna þess að það dæmist á hann að mála vegg og festa upp ljós og myndir. Nú er svo komið að hann hefur í hótunum við mig, hótar að láta loka vísakortinu mínu og hætta að taka til hendinni. Málið er að ég get ekki lifað án þess að hafa fallett í kringum mig. Er þetta spurning um að skipta eiginmanninum út fyrir einhvern liðlegri?

ÞÞ á Akureyri

Þú ert í vanda stödd vina mín. „Dekkó“ er ekki lífið, leyfðu manninum að loka kortinu og finndu þér nýjar áherslur í lífinu. Þú ert komin allt of stutt andlega ef þú heldur að þetta sé tilgangur lífs-

ins. Ég er heldur ekki viss um að þú fái neinn betri eiginmann þó ég skilji hreinlega ekki af hverju þinn maður er ekki löngu búinn að reima á sig hlaupaskóna.

Er eitthvað að?

Þannig er mál með vexti að mér finnst rauðvín alveg rosalega gott. Ég bý ein og helgin byrjar ekki hjá mér nema ég kaup mér belju í ríkinu. Ég er því alltaf að sulta þó ég drekki ekki mikið. Nú eru vinkonur mínar og mamma farnar að vera helst til of afskiptasamar og mamma talar um að senda mig í meðferð. Mér finnst þessar lífsvenjur ofur-eðlilegar og langar ekki til að lifa ef ég fæ ekki rauðvín mitt. Lumar þú á einhverju ráði?

MH í Kópavogi

Sullari segir þú. Það er ekkert sem heitir að vera sullari. Það er bara til eitt orð

yfir þetta og það er alkóhólísti. Ég myndi fara að ráðum móður þinnar og drífa mig í þessa meðferð. Hún getur ekki annað en gert þér gott, þó það væri ekki nema að opna augu þín fyrir vandamálinu.

Snarbiluð tik

Ég er í svo miklum skít núna að ég veit bara ekki hvað. Um síðustu helgi fór ég heim með einni drottningu og áætlunin var að hafa það skemmtilegt í nokkra klukkutíma. Eftir kynlífið fór gellan bara ekki og ég þurfti að keyra hana heim svo ég myndi losna við hana. Alla síðustu viku hefur síminn verið stútfullur af sms-um frá henni og ég geri ekki annað en eyða því út. Ég nenni ómögulega að hitta hana aftur og velti því fyrir mér hver sé besta flóttaleiðin.

ST á Selfossi

Þú ert nú meiri skítalabbinn. Ég er fegin

að ég fór ekki með þér heim. Ég ætla að vona að þú pian gefist upp, ekki þín vegna heldur hennar vegna. Ég vona líka að hún hafi snefil af skynsemi og láti söguna berast út. Þú átt ekkert annað skilið en skómm í hattinn. Farðu að haga þér eins og maður.



Sendið fyrirspurnir og vandamál til Fröken Freyju, F2, Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, eða sendið henni tölvupóst á netfangið frkreyja@frettabladid.is. Nöfn sendenda verða ekki gefin upp í blaðinu.

- ★ Barnabækur
- ★ Handbækur
- ★ Kiljur
- ★ Ritsöfn
- ★ Ættfræðibækur
- ★ Ævisögur
- ★ Skáldverk

- ★ Unglingabækur
- ★ Ljóðabækur
- ★ Listaverkabækur
- ★ Fræðibækur
- ★ Stórvirki

OPIÐ
alla daga
kl. 11-19

LAGERSALA EDDU

Fellsmúla 28
(gamla World Class húsinu)
Komdu og gerðu frábær kaup!

Við rýmum fyrir jólabókunum
Yfir 1.300 spennandi bókatitlar
undir 1.000 kr.

3 frábærar ástæður fyrir því að koma í Fellsmúlann:

Ekki missa af ævintýrlegum tilboðum á sívinsælum bókum!
Sparaðu þúsundir króna!

- 1. 199 kr.
- 399 kr.
- 599 kr.
- 799 kr.
- 999 kr.


Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.

Öll börn sem koma á markaðinn fá gefins Andrésblað og blöðru!

Þeir sem kaupa fyrir meira en 10.000 kr. fá Söguatlas að verðmæti 14.990 kr. í kaupbæti.



EINSTAKT VERÐ OG GLÆSILEG SÉRTILBOÐ!



BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!



Áhugaverðar netsíður um bítbox:
humanbeatbox.com
beatboxing.com
mcxander.co.uk
streetboxers.co.uk



KONUNGLEGA FJÖLSKYLDAN Á ÍSLANDI Sigrún Torfadóttir og Sigurbjörg Elin Sigurbjörnsdóttir sitja við færíbandið og stinga pokum með Royal búðingi með súkkulaðiþragði í pakkna. Jónína Fosadóttir raðar þeim í kassa og Svanur Ólafsson límir fyrir.

Það má ætíð treysta Royal

Royal lyftiduft og Royal skyndibúðingar hafa fylgt íslenskri þjóð í hartnær 65 ár. Framleiðsla og pökkun fer fram í litlu verksmiðjuhúsi við Nýlendugötu í Reykjavík og fást vörurnar í flestum matvöruverslunum landsins. Björn Þór Sigbjörnsson heimsótti Royal og kynnti sér söguna.

Verksmiðjan við Nýlendugötu lætur lítið yfir sér og fellur vel inn í íbúabyggðina í hverfinu. Engin skilti gefa til kynna hvurslags starfsemi fer fram innan dyra, enginn reyk-háfur stendur upp úr húsinu líkt og á sumum verksmiðjum.

Það er eins og tíminn leiki á mann þegar inn er komið enda er þar flest með svipuðum hætti og var þegar framleiðslan hófst fyrir næstum hálfri öld. Það er líka ástæðulaust að breyta því sem gott er og það á vel við um Royal, hvort sem lítið er til vörunnar sjálftrar, framleiðsluhátta eða umbúða.

Agnar Ludvigsson stórkaupmaður hóf innflutning á Royal vörnum 1941 og náðu þær fljótlega góðri fótfestu á íslenskum markaði. Þá þegar voru þær útbreiddar um allan heim, ekki síst í Bandaríkjunum þar sem þær eru upprunnar.

Aðstæður í samfélaginu urðu þess valdandi að Agnar hóf framleiðslu Royal varanna á Íslandi upp úr 1955 og hefur fátta breyst þó Umboðs- og heildverzlun John Lindsay hafi keypt starfsemina fyrir áratug.

The Royal family
Starfsfólk Royal verksmiðjunnar

er fámennur en samhentur hópur. Í gamni kalla þau sig The Royal family og má því segja að við Nýlendugötu starfi hin eiginlega íslenska konungsfjölskylda. Handtökin eru fumlauð og við færíbandið er spjallað um heima og geima í takt við malið í vélunum.

Royal vörurnar sem seldar eru á Íslandi eru tvenns konar. Annars vegar lyftiduftið sem þekktist svo vel af einstæðum umbúðunum og hins vegar skyndibúðingarnir sem fást í fimm bragðtegundum. Hvort tveggja nýtur mikilla vinsælda og þrátt fyrir stórukið framboð á bökunarvörum, tilbúnum kökublöndum og eftirrétum hafa þær bæði staðist tímans tönn og samkeppnina.

Ekki er að merkja á framleiðslunni að dregið hafi úr bakstri á íslenskum heimilum líkt og ætla mátti. Af færíbandinu á Nýlendugötu streyma jafn margar dósir af lyftidufti og fyrir áratug.

Bragðbetri og fallettri

Þegar saga Royal á Íslandi er skoðuð má glögglega sjá breytingarnar sem orðið hafa á bláa auglýsingum. Fyrirsögn þessarar greinar, „Það má ætíð treysta Royal“ er fengin að láni úr einni slíkri en allt frá upphafi hefur mikið verið gert með gæði vörunnar í auglýsingum. „Kökur yðar og brauð verða bragðbetri og fallettri ef þetta tegund af lyftidufti er notuð“ er texti sem eitt sinn var notaður. „Þér þarfnist



ROYAL LYFTIDUFT Í ROYAL ALBERT HALL Stuðmenn klæddust djúpbláum göllum á hjómleikum sínum í Lundúnum á vordögum og báru merki Royal lyftiduftis á bakinu.



þess í sérhvern bakstur“ var sagt um lyftiduftið í annarri auglýsingu og í enn annarri sagði: „Vandlát húsmóðir notar Royal lyftiduft í páskabaksturinn.“

Svipaða sögu er að segja af búðingunum, þeir hafa verið auglýstir með afar persónulegum hætti og áhersla lögð á gæði og hve fljótlegt er að laga þá. „Heimilisfólk yðar og gestir njóta gæðanna“ segir í einni auglýsingunni. „Royal skyndibúðingarnir – ávallt fremstir – engin suða“ er dæmi um aðra og enn önnur hljóðar svo: „Köldu Royal búðingarnir eru ljúffengasti eftirtimatir sem völ er á. Svo auðvelt er að matreiða þá, að ekki þarf annað en hræra innihaldi pakkans saman við kalda mjólk og er búðingurinn þá tilbúinn til framreiðslu. Reynið Royal búðingana og þér verðið ekki fyrir vonbrigðum.“

Vinsæl brúðargjöf

Sem vænta má er það helst fólk sem hyggur á bakstur sem kaupir Royal lyftiduft. Það kann því að koma á óvart að eigendur Royal á Íslandi hafa orðið þess varir að lyftiduftið er orðin vinsæl brúðargjöf. Þykir ekkert heimili geta án þess verið og er það kannski merki um ráðdeild, myndarskap og staðfestu þegar lyftiduftsdós er að finna í eldhúsinu.

Burt séð frá innihaldinu hafa umbúðir Royal lyftiduftisins fyrir

Fullkominn árangur

Royal lyftiduft er notað af mörgum milljónum húsmæðra um allan heim. Það veitir fullkominn árangur við hvers konar bakstur, svo sem: kökur alls konar og brauð, vöflur, mótkökur, tertur, kex o.fl. Sérfræðingar í kökugerð álíta, að árangurinn af heimabakstrinum sé mikið undir því kominn, að góð tegund sé notuð af lyftidufti. Royal lyftiduft fæst nú í verslunum í smekklefum og vel þéttum umbúðum.

Úr uppskriftabæklingi Royal sem kom út um miðja síðustu öld.

löngu öðlast sess meðal þjóðarinnar og þykja þær gott dæmi um góða og klassíska hönnun. Fátt í markaðssamfélaginu hefur haldist óbreytt í áratugi enda auglýsinga- og myndarfræðingar ötulir við að benda á að nýir tímar kalli á nýtt útlit. Royal lyftiduftið hefur verið í eins umbúðum um langt árabil og fullyrða framleiðendurnir að því verði ekki breytt. Landsmenn geta því áfram gengið að rauðu og hvítu dósunum vísum í hillum verslana vítt og breitt um landið.

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 7.36 13.17 18.57
 AKUREYRI 7.23 13.02 18.40
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

bílar o.fl.

HAUSTIÐ ER KOMIÐ
 Hvað þarf í bílinn?

BLS. 2

ferðir o.fl.

FÓTBOLTAFERÐIR
 Ólýsanleg stemning

BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL.

Góðan dag!

Í dag er laugardagurinn 1. október,
 274. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Mér skilst að pabbi
 hafi líka fengið
 slæma umsögn á
 mínum aldri!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á vísir.is

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.



Ragnhildur segir hjólin á bílnum aðeins einu sinni hafa snert mól. Það var nýlega þegar hún fór upp í sveit en sjálf var hún ekki við stýrið.

Þetta er eiginlega kornabarn

Ragnhildur Anna Jónsdóttir var ekkert að flýta sér að taka bílprófið en þó kom að því fyrir tveimur árum.

„Þarf ég nokkuð að bakka fyrir ljósmyndarann?“ spyr Ragnhildur hlæjandi þegar hún er beðin að sýna bílinn sinn. Svo reyndist það auðvitað ekkert vandamál. Hún á þennan fina Toyota rafbil sem hún segir mjög góðan fyrir byrjendur. Segir ökukenningar hafa mælt með þannig bíl því útsýnið úr honum væri svo gott. „Það er líka alveg rétt hjá honum. Ég sit svo hátt og er svo örugg og fin í umferðinni.“ Hún kveðst hafa alla sína bílavísku úr ökukenningarum og því ætli hún líka að fara að ráðum hans og skipta um bíl á tveggja ára fresti. „Ég hlýði öllu sem mér er sagt að gera,“ segir hún og trúir okkur fyrir því að hún sé búin að sjá einn sem henni lítist vel á.

Það er BMW jeppi. „Það er svona draumurinn en ég á alveg eftir að prufa hann,“ segir hún og heldur áfram. „Er búin að vera á leiðinni í umbodið í allt sumar og reyndar fór ég einu sinni á laugardegi snemma í ágúst. Þá stóð á hurðinni. „Lokað alla laugardaga til 13. ágúst.“ Síðan hef ég ekki séð mér fært að mæta þangað aftur og vinkona mín sem gerir stöðugt grín að mér spáir því að þetta ár líði áður en ég kem því í framkvæmd.“

Gamli bíllinn er þó ekki beinlínis útslitinn því hann er ekki keyrður nema 10 þúsund kílómetra. „Ég hef aldrei keyrt hann lengra en upp í Grafarvog í norður og Hafnarfjörð í suður, yfirleitt er ég ein í honum og aldrei hefur verið reykt í bílnum. Þó vil ég taka það fram að hann fór upp í sveit um daginn – ég var ekki við stýrið – og þá snertu hjólin í fyrsta skipti mól. Þetta er eiginlega kornabarn.“

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[BÍLAR OG FERÐIR]

Swapmeet-skjótmarkaður Sniglanna byrjar klukkan 14 í dag á Eldshöfða 18. Að því loknu verður haldið skemmtikvöld, sannkallað Sniglaball. Skjótmarkaðurinn sem og Sniglaballið er opið öllum.



Toyota ráðgerir að fjárfesta fyrir um 15 milljónir evra í stækun dreifingarstöðvar fyrir evrópskan markað sem staðsett er í Diest í Belgíu. Með þessari stækkun hyggst Toyota tryggja enn frekar ör-

ugga afhendingu á vara- og aukahlutum fyrir Toyota í Evrópu í takt við aukna sölu á næstu árum.

Ferðaskrifstofur eru nú margar hverjar með tilboð og afslætti á utanlandsferðum. Ódýrara er á sólarströndina þar sem boðið er upp á tvo fyrir einn. Tilboðin eru ýmislegt, bæði í borgarferðir og í sólarlandferðir og því um að gera að kynna sér málið. Fyrstir koma fyrstir fá.



Frjáls íbúðalán

4,15%

100%
veðsetningarhlutfall

vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Lánin eru verðtryggð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna). Hægt er að nota lánin til íbúðarkaupa, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.

Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*

| Lánstími | 5 ár | 25 ár | 40 ár |
|--------------|--------|-------|-------|
| 4,15% vextir | 18.485 | 5.361 | 4.273 |



Hólmgeir Hólmgeirsson
 rekstrarfræðingur er lánafulltrúi
 á viðskiptasviði



**VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN**

G.T. ÓSKARSSON EHF

VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000



Réttingaverkstæði

Jóa ehf



Dalvegí 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • retfjoa@retfjoa.is • www.retfoa.is

**BÍLAMÁLUN
RÉTTINGAR**

**TRIO
GOLFHJÓL**

Partur-Spyrnan-Lyftarar
Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757



Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlar, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.

Gvarahlutir

Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

Smurstöðin KLÖPP
Þjónustumiðstöð við Vegmúla



Almenn smurþjónusta
Hjólbarðþjónusta
Sjálfskiptingþjónusta
Rafgeymþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.

Vegmúli 4 • Sími 553 0440

SMS
Bílasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautun@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 888 8317
Fax 567 1182

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**

Smíðjuvegi 22 (Græn gata) • 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 • www.bfo.is



Haustbúnaður bílsins

Þótt bíllinn fari ekki í vetrarfatn-
að eins og fólkíð þarf að huga að
fylgihlutunum.

Kaldar nætur kalla fram hrím á rúður og því er rúðuskafan algert þarfabing. Vísa-
kortíð er afkastalítið verkfæri þegar ráð-
ast skal gegn alhrímuðum gluggum og
gott að eiga tvær sköfur, aðra litla og með-
færilega, hina með lengra skafti og kústi á
endanum því stundum þarf að hreinsa snjó
af bílnum. Sérstakur íseyðir er til sem
leysir upp hrímið ef það er mjög fast og
þegar því er úðað á rúðurnar verður mun
auðveldara að skafa.

Þurrkublöðin eru mikilvæg öryggis-
tæki og í haustretum er áriðandi að hafa
þau í lagi, svo eitthvað sjáist út. Ef blöðin
eru orðin slitin er tímabært að skipta um
en annars er nóg að hreinsa þau með því
að væta tusku í ísvara og þvo af þeim tjör-
una.

Þá er það frostlögurinn. Sjálfsagt er að
fara með bíllinn á bensínstöð eða verkstæði
og láta mæla hversu mikið frost kælivök-
vinn á vélinni þolir og að sjálfsögðu bæta
frostlegi á ef þörf krefur svo kerfið springi
nú ekki. Vökvinn á kælikerfinu þarf helst
að þola mínus 26 gráður. Gott er að skipta
alveg um kæliöl á nokkurra ára fresti því
frostlögurinn vill gufa upp. Það er gert á
smurstöðvum.

Nauðsynlegt er að nota ísvara í rúðupissi og hafa blönduna
góða svo vökvinn frjóni ekki um leið og hann snertir ískalda rúðu-
na. Helst þarf hann líka að þola 26 gráðu frost.

Fátt er ergilegra en þegar bíllæsingin er frosin að morgni dags
og allir að verða of seinir. Því verður láspreynt að
vera tiltækt í verkfæraskúffu, í veskinu eða eldhús-
hillu, því ekki gagnast það innilokað í bílnum.
Spreyíð gerir kraftaverk.

gun@frettabladid.is



Sýnishorn af því sem gott er að
hafa í bílnum þegar haustið hefur
læst í hann klónum. Myndin er
tekin í Bílanausti.

HVELLUR.com
Við bjóðum heildarlausnir
í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Súðarvogi 8 - Kópavogi Sími 577 6400

**Eigum ávallt á lager úrval
varahluta í flestar gerðir bifreiða
frá Land-Rover.**

Höfum neyðarþjónustu utan vinnutíma

Varahlutir ehf
Skemmuveg 6
Sími 587-1280
Neyðarsími 867-5698

**RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA**

G.T. ÓSKARSSON EHF

VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000

nýtt }



**Rúmgóður en
nettur**

SPLUNKUNÝR MERCEDES-BENZ
KOMINN Á GÖTURNAR.

Askja frumsýndi á dögunum nýtt
afkvæmi í Mercedes-Benz fjöl-
skyldunni. B-Class er algjörlega
nýr bíll frá Mercedes-Benz og
höfðar til fólks sem vill rúmgóð-
an en samt nettan fjölskyldubíl
með skemmtilega aksturseggin-
leika. Hann er sportlegur en
samt hugsaður fyrir alla fjöl-
skylduna og farangurinn.
Ættarsvipurinn á nýja B-Class
leynir sér ekki, honum svipar
mjög til A-Class í útliti en er
mun stærri á alla kanta. Gólfíð í
B-Class er svokallað samlokugólf,
sem gerir það að verkum
að ökuaður situr herra en
ella, en einnig felast ákveðnir ör-
yggisþættir í hönnun þess. Hol-
rými fyrir aftan vélinu gerir að
verkem að við ákeyrslu gengur
vélin ekki inn í farþegarymið
heldur undir það og er því
minni hættu á meiðslum.
Mercedes-Benz B-Class kostar
frá 2.690.000 kr. og fæst bæði
með bensín- og díslvél.



Kia-jeppar eru bestir í sínum flokki.

Ánægðir eigendur Kia

Kia Sportage og Kia Opirus hlutu hæstu einkunnir í sínum flokkum í nýrri könnun.

Eigendur nýrra bíla í Bandaríkjunum gáfu jeppunum Kia Sportage og Kia Opirus hæstu einkunnir í sínum flokkum í könnun JD Power and Associates fyrir árið 2005 í rannsókn sem lýtur að frammistöðu, notagildi og skipulagi. Þessar niðurstöður voru birtar fyrir skömmu.

Sportage og Opirus hlotnast því fyrstum bíla frá Kia útnefning sem bestir í sínum flokki í þessari árlegu könnun. Leitað var til 115.000 nýrra bíleigenda á fyrsta þriggja mánaða tímabilinu sem þeir áttu bíl sinn og þeir beðnir um að meta ánægju sína (eða óánægju) með tilliti til átta skilgreindra þátta, útlitsfrágangs, þæginda og notagildis, vélar og girrkassa, aksturseginnleika, stjórnunar og hemlunar, sæta, stjórnstækja og mæla, hitunar, loftræstingar og kælingar auk hljómflutningskerfis. ■



Fiesta ST150 er 8,4 sekúndur úr kyrrstöðu í hundrað.

Sportútgáfa af Fiestu

Ford Fiesta ST150.

Nýverið kynnti Brimborg Ford Fiesta ST150 sem er sannkölluð sportútgáfa af Fiestu með 2,0 lítra vél sem er 150 hestöfl. Það ætti að vera nægilegt afl fyrir bíl sem er rétt um 1.000 kg enda er hann aðeins 8,4 sekúndur úr kyrrstöðu í hundrað.

Fiesta ST150 er sportleg í útliti. Bílnum fylgja 16" felgur, „spoilerkit“ að neðan, samlit vindskeið að aftan, samlitir hurðarlistar og hurðarhandföng og ST kastarar að framan. Að innan er hann ekki síður glæsilegur.

Aksturseiginleikar eru frábærir og hefur bíllinn hlotið gríðarlega góða dóma hjá helstu bíla-blöðum í Evrópu. Sportfjöðrun er í bílnum ásamt sérstökum ST girrkassa og öflugum bremsum. ■

verðlaun }



Forester fær verðlaun

FORESTER 2,5XT VALINN Í HÓP 5 BESTU JEPPA ÁRSINS 2005 AF TÍMARITINU CAR AND DRIVER.

Forester 2,5XT var valinn besti smájeppi ársins 2005 af Car and Driver í valinu „2005 5 Best Trucks“, annað árið í röð. Í umsögn kemur meðal annars fram að forþjökkuvélin í Forester 2,5XT drifi hann í hundraðið á um 5,3 sekúndum sem sé með því besta sem þekkist í flokki smájeppa.

Ingvar Helgason hefur um langt árabíl selt Subaru Forester. Í september kom á markað nýr Forester hér á Íslandi. Um er að ræða nýtt straumlínulagaðra módel sem hefur kraftmeiri vél en áður.

Sportlegri Hyundai Getz

Nýr Hyundai Getz er væntanlegur hingað til lands í nóvember.

Hyundai Getz kom nýr á markað síðla árs 2002 og hefur síðan selst í meira en 550 þúsund eintökum. Hann er því orðinn einn söluhæsti bíllinn frá Hyundai í Evrópu, enda markaði tilurð hans sókn Hyundai inn á þann markað.

Á bílasýningunni í Frankfurt á dögnum var kynnt ný útgáfa af bílnum sem væntanleg er hingað til lands í nóvember. Farið er varlega í breytingar á heildarsvip bílsins en þær breytingar sem gerðar eru miða að því að ná fram stílhreinni og sportlegri áhrifum, auk þess sem mismunandi útfærslur í innréttingu bílsins er ætlað að höfða sérstaklega til ungs fólks. Ný

Getzinn verður þannig fánlegur með annað hvort rauðri eða blárri innréttingu auk þeirrar stöðluðu. Þá hefur innanrýmið fengið stílfærðara yfirbragð með álbustaðri áferð á miðju mælaborðsins ásamt nýrri hönnun á stýri, girhnúð og mæli- og stjórnstækjum.

Að utanverðu eru breytingarnar helstar á framhlið bílsins. Vélarhlíf, grill og stuðari mynda samfelldari heild sem ásamt brotum í húddi, innfelldum þokuljósum og nýrri ljósaumgjörð, gefur sportlegra útliti. Þá kemur ný 1400cc 101 hestafla vél í stað 1300cc vélarinnar, auk þess sem bíllinn verður í boði með nýrri 62 ha 1100cc vél.



Nýjum Hyundai Getz svipar mjög til fyrirrennans í útliti en er þó heldur sportlegri.

Jafnframt verður hann fánlegur með 1600 cc kraftmikilli vél og ESC-stöðugleikastýringu með spól-vörn.

Nýi Getzinn er með innbyggða árekstravörn, fjóra loftpúða og af-tengingu fyrir farþegapúðann að framverðu. ■

Við erum enn í afmælisskapi!

Glæsilegur afmælispakki fylgir öllum nýjum Chevrolet



Alessio álfelgur með sumardekkjum og vetrardekk á stálfelgum að verðmæti allt að kr. 120.000.

CHEVROLET

30
Bilabúð Benna
30 ára

Bilabúð Benna

Vagnhöfða 23
Sími 590 2000
www.benni.is



Allt sem þú þarft
og meira til

allt

Allt um atvinnu
á sunnudögum í Fréttablaðinu.



Allir bílar menga hvort sem það eru dísilbílar eða bensínbílar.

Hvorki betri né verri

Áhugi á dísilbifreiðum hefur aukist og þykir oft vænlegri kostur þegar rætt er um að draga úr mengun í umhverfinu. Það þýðir þó ekki að dísilbílar mengi alls ekki og leitaði Fréttablaðið álits í þeim efnum hjá Þóri Tómassyni fagstjóra hjá Umhverfisstofnun.

„Dísilbíllinn er nákvæmlega jafnlítið umhverfisvænn og bensínbíll, hann eyðir hinsvegar minna eldsneyti sem gerir hann oft að skárri kosti,“ segir Þór Tómasson, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun. „Af þeim sökum sendir hann frá sér minna af gróðurhúsalofttegundum en meira af öllu öðru og þar ber helst að nefna söt,“ segir Þór.

Sótmenngun er tiltöllulega lítil hér að sögn Þórs, og hefur rokið og rigningin þar sitt að segja. „Á logndögum er reykský yfir borginni sem er að mestu göturyk, en það er ekki gott að bæta við það

finu sótryki. Ef menn ætla að auka notkun dísilbíla í þéttbýli verður að setja það sem skilyrði að dísilbíllarnir séu með sótsúu á útblæstrinum,“ segir Þór.

Hann segir dísilbíla góðan kost í dreifbýli þar sem loftmengun er lítil og fólk þarf að keyra langar vegalengdir. Þar ættu menn að huga að því að vera á eins sparneytnum bíl og kostur gefst.

„Við þessar aðstæður er tilvalið að vera á litlum dísilbíll með lítilli dísilvél. Ekki sakar að temja sér vistvænan akstur og þá er maður að eyða minna en

fjórum á hundraðið,“ segir Þór.

Aðspurður hvort dísilbíll sé þá ekki umhverfisvænni en bensínbíll segir hann: „Dísilbíll er bara kostur og ekki er hægt að segja að hann sé betri eða verri. Hann er vissulega betri fyrir þá sem keyra langar vegalengdir, en ef þú keyrir lítið þá er skárra að vera á bensínbíll. Í raun er þetta spurning um forgangsroð, hvort maður áltur aukningu gróðurhúsalofttegunda vera stærsta vandamálið eða sötmenngun.“

kristineva@frettabladid.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÓDD**

Aukin ökuréttindi

Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika!
Kennsla á leigu -, vöru -, hópbifreið og vörubifreið með eftirvagn.

Næsta námskeið hefst
5. október.

Upplýsingar og innritun í síma:
567-0300

Ökuskólinn í Mjódd

Parabakka 3 109 Reykjavík
Netfang mjodd@bilprof.is
www.bilprof.is

**Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla**

Eigum olíusúr í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Áfram veginn
Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Árstíðabundið minnisleysi

Umsóknarfrestur er til 5. október nk. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Námsmatsstofnun næstu daga í síma 550 2400. Umsóknareyðublöð fást hjá stofnuninni, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík en einnig er hægt að sækja um á netinu; slóðin www.namsmat.is

Umsjón með stúdentsprófum

Námsmatsstofnun óskar eftir að ráða kennara eða fólk með reynslu af skóla- starfi til að hafa umsjón með samræmdu stúdentsprófi í íslensku, ensku og stærðfræði 30. nóv-2. des nk.

Starfið felst í yfirsetu og eftirliti með prófunum í framhaldsskólum víðs vegar um landið.

VEGNA AUKINNA UMSVIFA SAM • MYNDA GETUM VIÐ BÆTT VIÐ OKKUR SÖLUMÖNNUM OG LAGERSTARFSMANNI.

SAM • MYNDIR ERU STÆRSTI DREIFINGARADILI Á DVD OG VHS Á ÍSLANDI OG ER M.L. MEÐ UMBOÐ FYRIR DISNEY, WARNER, PARAMOUNT, UNIVERSAL OG DREAMWORKS. VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÖFLUGUM SÖLUMANNI SEM HEFUR GÓÐ MANNLEG SAMSKIPTI OG JÁKVÆÐA ÚTGEISLUN. REYNSLA AF SÖLUMENNSKU ER ÆSKILEG EN EKKI SKILYRÐI. EINNIG LEITUM VIÐ AÐ DUGMIKLUM LAGERSTARFSMANNI.

TEKID VERÐUR Á MÓTI UMSÓKNUM Á LAGERSVADI SAM • MYNDA Í ÁLFABAKKA 8 MÁNUDAGINN 3. OKTÓBER FRÁ KL. 14:00 - 16:00 OG ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER FRÁ KL. 9:00 - 12:00. ATH! UPPLÝSINGAR EKKI VEITTAÐ Í SÍMA.

SAM • MYNDIR

Draumahús 530 1800

www.draumahus.is

Opið hús í dag milli kl. 15.30 - 16.30 að Galtalind 9, 201 Kóp.



28.900.000

Góð 133,3 fm (þ.a. geymsla í kjallara 6,1 fm.) 6 herbergja íbúð á 2 hæðum, 4. og 5. hæð. Stórar flísalagðar vestursvalir. (Bjalla merkt 402)

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar • Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

BORGIR

Birtingakvísil 24

OPIÐ HÚS Á MORGUN SUNNUDAG MILLI KL. 16 OG 18



Mjög fallett endaraðhús, vesturendi á tveimur hæðum og innbyggður bílskúr. Byggt 1984. Í húsinu eru 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi og góðar stofur.

Fallegur garður með skjólveggjum og stórrí verönd. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi. Verð 37,9 mkr.

Ármúla 1, sími 588 2030 • fax 588 2033
Netfang: borgir@borgir.is
www.borgir.is
Ægir Breiðfjörð, lögg. fasteignasali.

SKIPTU VIÐ FAGMENN - ÞAÐ BORGAR SIG

Einbýlishús til sölu



Einbýlishús til sölu í Höfnum Reykjanesbæ, steinsteypt á 2 hæðum, 136 fm. og möguleiki á herbergjum í risi. Steypt er á milli hæða. Húsið er mikið endurnýjað, nýtt þak, ofnar og lagnir, og gluggar að hluta. Húsið er í frábæru ástandi, og vel staðsett með stórkostlegu útsýni. Verð: 15.200.000 kr.

Uppl. gefur Kristín í síma 421 6949 og 698 0518.

Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.



allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

UPPÁHALDSSTAÐURINN

FRÉTTAHLAÐIÐ/HARI



Birgir Örn Thoroddsen

New York er mögnuð borg

„Ég er staddur í New York núna, sem er bara mögnuð borg. Ég myndi segja að hún væri uppáhaldsstaðurinn minn, allavega í augnablikinu,“ segir Birgir Örn Thoroddsen fjöllistamaður. Hann segist hafa verið í New York nokkrum sinnum áður. „Þetta er held ég þriðja skiptið sem ég kem hingað og ég ætla að vera lengur núna heldur en áður. Það er ekki hægt annað en að verða gagntekinn af New York.“

SVIPMYND



Porlákshöfn: Kaupstaður í Ölfusi rétt vestan ósa Ölfusár.

Nafnið: Porlákshöfn ber nafn af Porláki Þórhallssyni hinum helga sem var biskup í Skálholti 1178-1193.

Sagan: Sjór var sóttur frá Porlákshöfn svo lengi sem heimildir greina. Í upphafi 20. aldar var þar blómleg útgerð, landbúnaður, verslun og sjóbúðir úti um allt.

Fyrsti kennarinn: Kristján skáld frá Djúpalæk. Það var í nóvemberlok 1956 sem barnakennsla byrjaði í Porlákshöfn, börnin voru níu.

Straumhvörf: Mikil fjölgun varð í Porlákshöfn á áttunda áratugnum eftir eldgosíð í Heimaey.

Íbúafjöldi: 1.356 í árslok 2004. Þekkt samgöngutæki: Herjólfur gengur milli Porlákshafnar og Vestmannaeyja.

Prestur: Séra Baldur Kristjánsson.

Gott að vita: Karóki verður annað kvöld í Ráðhúskaffi í Porlákshöfn. Bara gaman.

Vissir þú ...

... að langminnugustu frumurnar í mannlíkamanum eru eitilfrumurnar? Margar kynslóðir eitilfrumna verða til á æviskeiði mannlíkamans og því gleyma þær aldrei óvini.

... að hreyfitaugafrumur eru sumar hverjar 1,3 metrar að lengd?

... að O-blóðflokkur er algengasti blóðflokkurinn í heiminum?

... að í Noregi er A-blóðflokkur algengastur?

... að stærsta gallblaðra sem mælst hefur var 10,4 kílóa að þyngd?

... að minnsti vöðvi mannlíkamans er ístaðsvöðvinn í miðeyranu? Hann er innan við 0,127 sentimetra langur.

... að Sammy King hefur lífað lengst allra hjartaþega eða í 24 ár og 142 daga?

... að lengsti tími sem gervihjartaþegi hefur lífað er 620 dagar?


Hagnýtar aðferðir við höndlun streitu Námskeið í stjórnun streitu

Haldið laugardaginn 8. október kl. 10 – 16
að Suðurlandsbraut 10, 2 hæð.

Leiðbeinandi er Ágústína Ingvarsdóttir, sálfræðingur.

Nánari upplýsingar á www.life-navigation.com.
Skráning á info@life-navigation.com eða í síma 663 8927.

SJÓNARHORN



Haustið er komið eins og sjá má á Esjunni. Ljósmynd: GVA

LANGUR LAUGARDAGUR

15% TAX FREE
afsláttur af öllum vörum
á laugavegi í dag
opið 11-17



fullar verslanir af nýjum fatnaði og skóm

eva sautján gs skór galleri sautján Kjallarinn
merkjavara á 70% afslætti

LAUGAVEGI 89-91



Skeytasendingar í tölvupósti

HVERNIG ER AÐGANGUR ANNARRA AÐ TÖLVUPÓSTI MILLI MANNA?

Meðan tölvuskeyti er í smíðum vistast það yfirleitt á tölvu notandans. Hver sem kemur þá að henni getur því lesið skeytisdrögin og jafnvel sent afrit af þeim yfir á eigin tölvu.

Póstþjónn sendanda

Þegar skeytið er sent fer það eða afrit af því fyrst yfir á pósthjón notandans, það er að segja á tölvu þjónustufyrirtækisins sem hann skiptir við. Notandi getur oft sjálfur stillt hvort tölvupóstforritið visti sjálfkrafa afrit af sendum pósti á eigin tölvu eða ekki, en flestir velja þá fyrri kostinn vegna hugsanlegra síðari nota.

Tölvuskeytið vistast í hólfi notandans á pósthjóninum áður en þjónninn sendir skeytið áfram. Notandi getur síðan yfirleitt stillt tölvuforrit sitt þannig að það eyði skeytinu á þjóninum eftir tiltekinn tíma frá sendingu.

Póstþjónn viðtakanda

Frá pósthjóni sendandans fer skeytið yfir á þjón viðtakandans, oft með viðkomu á nokkrum netþjónum á leiðinni. Kunnáttumenn sem sumir mundu kalla tölvupróta kunna ráð til þess að grípa skeyti á slíkri ferð milli þjóna ef mikið þykir við liggja.

En skeytið liggur síðan á viðtökuþjóninum að minnsta kosti þar til pósthjónið viðtakandans sækir það. Til að það gerist þarf að vera kveikt á tölvu hans og forriti og notandinn þarf að segja forritinu að sækja póstin eða stilla það þannig að það sækir póstin sjálfkrafa með tilteknu millibili. Aðalatriðið sem sjá má af þessu er að góðar og gildar ástæður geta verið til þess að skeytið liggi lengi á pósthjóni viðtakandans.

Meðferð skeytisins í tölvu viðtakandans fer talsvert eftir því hvers konar forrit og samskipta-staðal hann notar. Ef hann notar til dæmis vefpóst, eins og nú færast í vöxt, þá vistast skeytið jafnvel ekki til lengdar á eigin tölvu hans, heldur fer skoðun og svörun fram á netþjóninum. Í flestum öðrum tilvikum vistast skeytið á tölvu viðtakandans og bíður þess þar að hann lesi það eða eyði því. Hér bætist við að margir nota nú fleiri en eina tölvu, meðal annars til vinnu með tölvupóst, og liggja þá afrit móttækinnar skeyta oft á hverri tölvu um sig nema notandi eyði þeim sérstaklega.

Nokkur afrit af einu tölvuskeyti

Af þessu má sjá að algengt er að um það bil fjögur afrit myndist á mismunandi tölvum af einföldu skeyti sem hefur verið sent og móttakið, og afritin liggja þar síðan að minnsta kosti fyrst eftir sendingu og móttöku. Póstþjónnar tölvufyrirtækjanna eru ekki aðgengilegir öðrum en sérstökum starfsmönnum þeirra, en oft er greiður aðgangur að einkatölvum sendanda og viðtakanda, til dæmis af hálfu samstarfsmanna, sambýlisfólks eða gesta. Hér við bætist að margir þurfa öðru

hverju ýmiss konar hjálp við tölvureksturinn og leita þá annað hvort til kunningja eða fyrirtækja. Þá er óhjákvæmilegt að „viðgerðarmaðurinn“ sjái ýmislegt í tölvunni.

Tölvuskeyti og önnur tölvugögn eru yfirleitt þannig úr garði gerð að fróðir menn geta rakið hvaðan þau koma og eftir hvaða leið. Ef starfsmenn netþjónustu legðu það í vana sinn að taka slík gögn traustataki mundi það því fljótt komast upp og fyrirtækið missa viðskipti. Þess vegna er nær útilokað að slíkt gerist, að minnsta kosti ekki með vitund eða vilja ábyrgra forvarsmanna sem gera sér grein fyrir áhættunni.

Óraunhæfar hugmyndir um öryggi

Ef tölvugögn komast í fleiri hendur en aðilar hafa upphaflega ætlast til er langlíklegast samkvæmt framsögðu að það gerist út frá einkatölvum sendanda eða viðtakanda sem kunna ef til vill lítið fyrir sér. Margir hafa líklega gert sér óraunhæfar hugmyndir um öryggi tölvupósts og haldið að hann sé eins og bréf í lokuðu umslagi sem enginn sér nema viðtakandinn hafi opnað það og síðan leyft lestur, leynt eða ljóst. En þannig er tölvupóstur alls ekki heldur er tölvuskeytið að þessu leyti líkara póstkorti sem blasir við öllum sem að því koma. Sem betur fer geta sendandi og viðtakandi þó haft nokkrar stjórn á því hverjir það eru, einkum ef þeir standa saman um það, en annars getur hvor um sig aðeins haft áhrif á þetta sín megin.

Tölvupóstur var upphaflega hannaður til samskipta sem krefjast ekki sérstakrar leyndar, og í raun hentar hann í óbreyttri mynd illa til meðferðar á trúnaðarmálum sem menn vilja ekki láta koma fyrir augu hvers sem er. Þetta ætti að vera augljóst af lýsingunni á ferli tölvuskeyta hér á undan auk þess sem það sést í reynd af ýmsum málum sem upp hafa komið. Með vaxandi notkun tölvupósts í viðskiptum og í einkalífi hafa komið upp mörg dæmi um það að fleiri aðilar lesa skeyti en ætlunin var í upphafi. Kannski gleymist þá stundum að slíkt getur auðvitað líka gerst með bréf á pappír. Aðalatriðið er hér sem oftast að menn skilji hvernig miðillinn verkar og láti ekkert koma sér á óvart.

Dulritun

Tölvupóstur verkar ágætlega frá sjónarmiði hins almenna notanda sem kærir sig kollóttan um leyndina og öryggið og vill trúlega ekki greiða hærra gjöld fyrir slíkt. Þeir sem vilja nota tölvupóst fyrir trúnaðarmál gætu hins vegar notað dulritun og þannig stungið „póstkortunum“ í umslag og lokað því. Þeir sem vilja ekki beita dulritun þyrftu að finna sér aðrar leiðir fyrir viðkvæm trúnaðarmál.

Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði við HÍ.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við að undanförunu eru: Hvað þýðir svaka í svakalega, af hverju stafar geðklofi og er jafnvægissskynið sjötta skilningarvitið? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Kynningarfundur um

Vaxtarsamning Suðurlands

- Umfjöllun um áherslur og tillögur -

Hótel Selfossi
Miðvikudaginn 5. október n.k., kl. 12:45 - 17:30

Dagskrá

| | |
|---|--|
| 12:45 Skráning | 14:30 Háskólastarf og hagvöxtur svæða Karl Benediktsson, dósent HÍ Orri Hlódversson, bæjarstjóri, Hveragerði |
| 13:00 Setning Þorvaldur Guðmundsson, form. bæjarstjórn Árborgar | 14:50 Áherslur í starfi nefndarinnar - Drög að tillögum Baldur Pálsson, formaður verkefnisstjórnar Róbert Jónsson, Orri Þórðarson, Aðaldráttarstjóri Suðurlands Páll Márvin Jónsson, Háskólastofu Vestmannaeyja |
| 13:05 Avarp Valgerður Svendsdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðgjafi | 15:05 Kaffi og starf einstakra hópa Sjálvarhövegur og mahvæli, Guðrún Erlingdóttir, lútra bæjart, Vestmannaeyja Menntun og rannsóknir, Þorsteinn I. Sigfusson, prófessor HÍ, Ferdagjónusta og menning, Friðrik Pálsson, Hótel Rangá Samgöngur og önnur mál, Eyjólfur Árni Rafnsson, framkvæmdastjóri Hönnunar, Reykjavík |
| 13:15 Aðljóðunavæðing og klasar Alex Hansen, forseti The Competitiveness Institute og The Cluster Practitioners Network í Bandaríkjunum. Ráðgjafi sambandanna The Economic Competitiveness Group. Hella m.a. starfað fyrir World Bank og International Monetary Fund. | 16:30 Áherslur einstakra hópa |
| 13:55 Vaxtarsamningar - hvað svo? Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Eyjafjarða | 17:00 Almennar umræður |
| 14:10 Aðljóðlegt netsamstarf - Norðurlandaaætlunin (NPP) Þórunn Sólmundarson, ráðgjafi, Byggingaröskun Destination Víking Sagalands Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnisstjóri og Ásberg Árnórsdóttir, ferðamálafræðingur | 17:30 Samantekt og fundarlok |

Fundarstjóri: Orri Hlódversson, bæjarstjóri í Hveragerði

Tilgangur fundarinnar er að fjalla um væntanlegar tillögur og áherslur í starfi nefndar um Vaxtarsamning Suðurlands. Fundarinn er öllum opin. Fundargestir eru beðnir um að skrá sig í síma 462 2419 hjá Aðaldráttarstjóri Suðurlands og taka fram starfshóp sem viðkomandi vill taka þátt í.

Verkefnisstjórn um byggðaðróun og Vaxtarsamning Suðurlands
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið
Vestmannaeyjabær og sveitarfélög á Suðurlandi

Í DAG 28. sept – 2. okt 2005

jazz

HATÍÐ

Reykjavík Jazz Festival

kl. 12-14 - „Jazz Brunch - Inga Eydal“
Inga Eydal söngur, Gunnar Gunnarsson píanó, Jón Rafnsson bassa og Benedikt Brynleifsson trommur. **Hótel Borg 2.500 brunch innifalið**

kl. 16-18 - „Stórsveit Reykjavíkur - Söngbók Duke Ellingtons“
stórsveitin undir stjórn danska píanóleikarans og stjórnandans Ole Kock Hansen. **NASA 1.500**

kl. 20:30 - „Kenny Garrett Kvartett“
stórtónleikar bandaríska saxófónmeistarans Kenny Garrett með Carlos McKinney á píanó, Ronald Brunner trommur og Kristopher Funn á bassa. **NASA 3.500**

kl. 22:30 - „Tóneyra MEGASAR“ Póstberamir, Ólafur Stolzenwald bassa, Agnar Már Magnússon píanó, Andrés Þór Gunnlaugsson, gítar, Eyjólfur Þorleifsson tenór sax og Erik Qvick trommur leika valin verk eftir MEGASAR í jazzútsetningum þeirra félaga. **Kaffi Reykjavík 1.800**

kl. 23.30-01.30 - Jazzklúbbar
Póstbarinn - Tríó Hauks Gröndal - Haukur Gröndal sax, Erik Qvick trommur og Graig Earle bassa
Hótel Borg - Tríó Kára Árnasonar - Kári Árnason trommur, Gunnar Hrafnsson bassa og Hilmar Jensson gítar
Kaffi Reykjavík - Tríó Andrésar Þór - Andrés Þór gítar, Agnar Már Hammond og Scott McLemore trommur
1.000 á jazzklúbba kvöldins

www.ReykjavikJazz.com

Námsmenn, ellilífeyrisþegar og öryrkjar 20% afsláttur Forsala í verslunum Skifunnar og á midi.is.

Þorbjörg hefur búið síðastliðin 27 ár í Danaveldi, en lifir í dag tvöföldu lífi; aðra vikuna í Danmörku og hina heima á Íslandi.

„Það er dálítið sérstakt fyrirkomulag en ég er farin að kunna á þetta og þegar ég kaup afskorin blóm passa ég að þau séu útsprungin svo ég fái notið gleðinnar af þeim,“ segir Þorbjörg, sem undanfarin ár hefur orðið æ afkastameiri í heilsuvakningu Íslendinga.

„Í Danmörku er ég fjölskyldukona og kennari, en á Íslandi vinn ég frá morgni til kvölds við næringarráðgjöf og fræðslu og held fyrirlestra. Tvö eldri börnin eru farin að heiman en ellefu ára dóttir mín býr aðra vikuna hjá dönskum föður sínum og hina hjá mér, svo þess vegna er fyrirkomulagið svona,“ segir Þorbjörg, sem heitbundin er Oscari Umahro Cadogan, næringarkönnuði, rithöfundur og matlistamanni af guðs náð.

„Lífið okkar snýst mikið um mat og þegar dóttir mín er búin í skólanum hefst hún handa við skrif barnamatreiðslubókar með Umahro. Kominn er útgefandi að bókinni hér í Danmörku sem bíður spennur því hér finnast ekki uppskriftabækur með hollum og spennandi kosti fyrir börn. Ég bind vonir við að bókin verði öðrum börnum hvatning til að borða hollt, en heilsuvakning í Danmörku er ekki jafn útbreidd og heima, þar sem þjóðfélagið er lítið og fólk hefur áhrif á hvert annað. Því er leikvöllurinn heima miklu skemmtilegri, því fyrir okkur er þetta leikur og svo margir heima sem vilja leika við okkur,“ segir Þorbjörg, en í janúar hefjast sjónvarpsþættir þeirra Umahros á Skjá einum, Íslendingum til bættar heilsu.

Ruglingslegir og ófullkomnir matarúrur

Þorbjörg var ófrísk að sínu fyrsta barni þegar áhugi hennar á heilsu og hollu mataræði hófst fyrir alvöru.

„Fram á fullorðinsaldur var ég dæmigerður unglingur með magavandamál vegna sykurfíknar, en ófrísk fékk ég vitund um að það væri á mína ábyrgð að þróa hinn ófædda einstakling og upp frá því varð ég mjög heilög; gjörbreytti mataræðinu til að koma sem réttastri næringu til fóstursins,“ segir Þorbjörg, sem skömmu síðar hóf nám í hjúkrunarfræði sem meðvitadán grunn undir nám í næringaþerapiu.

„Ég vildi hafa góðan akademískan grunn fyrir það óhefðbundna fag, en eftir hjúkrunarnámið vann ég í skamma hríð við hjúkrun, bara á meðan ég hafði fyrir skólagjöldunum í nýja námið, sem ég hef unnið sleitulaust síðan.“

Þorbjörg segir „hið eina rétta mataræði“ hafa breyst mikið síðan hún útskrifaðist í faginu.

„Þá var megináherslan á kolvetnisríka fæðu og mikið talað um makróbótískt fæði og grænmetisætur. Í dag hefur skilningur okkar á þörfum líkamans aukist og ég orðin móttallin því að fólk lifi eingöngu á grænmetisfæði, því menn þurfa að vera afar meðvitadár hrættur til að fá öll þau næringarefni sem líkaminn þarfnast; ekki síst prótín.“

Þorbjörg segist fá æ fleiri skjólstaðinga sem eiga við vannæringu að stríða.

„Mataræði er orðið mjög ruglingslegt og ekkert lát á nýjum stefnum. Menn prófa Atkins-kúrin, South Beach-mataræðið, Zone og fleiri kúra sem allir boða takmörkun á neyslu kolvetna en einblína í staðinn á prótín. Við Umahro höfum hannað tíu grunnreglur um hvað er skynsamlegt að borða miðað við líkamlegar þarfir og byggjum þær á traustum niðurstöðum vísindalegra rannsókna. Við viljum hvorki byggja á bábiljum né getgátum; mæla með einhverju sem við teljum vera gott eða þykir smart að borða. Mikilvægast er að koma til móts við þarfir líkamans og það sem hann er hannaður til að borða, af heilbrigðri skynsemi.“

Eiturkockteill handa börnum

Út frá námskeiðinu Tíu grunnreglur hófu þau Þorbjörg og Umahro



ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR NÆRINGARÞERAPISTI OG HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Hollur matur og betri heilsa er áhugamál hennar númer eitt. Ásamt manni sínum bjó Þorbjörg til þætti sem heita Tíu grunnreglur um heilbriggt og skynsamlegt mataræði og verða þeir sýndir á Skjá einum í janúar.

Eiturkockteill í matinn

Þorbjörg Hafsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur og næringaþerapisti var forfallinn nammigrís og sykurfíkill fram yfir tvítugt. Þegar frumburðurinn hafði gert sig heimakominn í líkama hennar ákvað hún að kveðja sykurpúkann fyrir fullt og allt. Hún sagði Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur frá vannæringu íslenskra barna sem skilar sér í æ meiri offitu, ofvirkni og athyglisbresti.

vinnu að næringarráðgjöf barna.

„Offita, áunnin sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómar, meltingarvandi, gigt, krabbamein og Alzheimer eru allt velmegunar-sjúkdómar sem má rekja til lélegs mataræðis sem byrjar í æsku og stundum strax í móðurkviði,“ segir Þorbjörg og telur upp astma, ofnæmi, exem, ofvirkni, athyglisbrest, offitu og hvers kyns hegðunar- og námsörðugleika sem afleiðingu af slæmu mataræði barna.

„Öll þessi vandamál má rekja til þess að börnin eru á röngu og óhollu fæði. Enn er ríkjandi sá misskilningur að börn megi ekki borða fitu af því hún á að vera svo fitandi. Fita er hins vegar nauðsynleg næring þegar kemur að þroska tauga- og hormónakerfis, heila, myndunar ofnæmis og réttir brennslu. Holl fita kemur úr mataræði sem tíðkaðist á íslenskum heimilum þegar við vorum fátæk fiskþjóð, en nú vilja börn ekki borða fisk lengur og foreldrar ómeðvitadír um mikilvægi þess að börn innbyrði fjölmættaða fitu úr fiskafurðum og dýrafitu,“ segir Þorbjörg og tregar forgangsröð íslenskra nútímaheimila.

„Matarinnkaup og matseld eru neðst á lista því nú þarf allt að vera svo fljótleigt. Börn gjalda þess með vondri næringu í gegnum allt það rusl sem við setjum ofan í þau; hamborgara, pitsur, pulsar, gos, fransbraud, sælgæti og Cheerios eða Cocoa puffs á morgnana. Það er óskiljanlegt því foreldrar kjósa að nota börn sín sem ruslakistur, því í sjötíu prósentum fæðunnar eru efni sem eru líkamanum framiandi og hann ófær að vinna úr. Auk þess eru í unnum matvælum 3.000 skaðleg litar-, rotvarnar- og sætuefni auk þungmálma. Það er því mikill eiturkockteill sem við byrlum börnunum, sem svo skilar sér í offitu, ofvirkni, astma og fleiru. Í stað þess að gefa þeim réttu næringarefni eyðileggjum við með afgerandi hætti möguleika líkamans á að starfa eðlilega, brjótum niður ónæmiskerfið og sköpum ójafnvægi í öllum líkamanum; meltingarfærum, ónæmis-, tauga- og hormónakerfum, og heilanum, sem er ekkert annað en stór fituhlunk-

ur sem þarfnast sárlega hollrar fitu, en við nærum með svo óhollum fitum að engin furða er að börnin verði ofvirk og heimskari með ári hverju,“ segir Þorbjörg blátt áfram.

„Stundum þegar ég tala við unglinga fæ ég á tilfinninguna að ég sé að tala við vangefna. Börnin eru í vaxandi mæli úti úr heiminum, hvorki með á nótunum né til staðar, enda engin von á öðru þegar maður skoðar hvað þau borða, sem er sykur og aftur sykur, kolvetni og gerviefni sem vannærir og skaðar heilann.“

10 GRUNNREGLUR ...FYRIR ÞÁ SEM ÞORA

1. Þú skalt ekki neyta sykurs; hvorki sýnilegs, ósýnilegs né gervisykurs.
2. Borðu bara heilkorn og ekki meira hvítt.
3. Ekki forðast fitu – borðu rétta fitu; holla og lífræna.
4. Mundu að borða meira gæðaprótín.
5. Borðu belgavexti (baunir, linsur, kjúklingabauunir) og hnetur á hverjum degi.
6. Þú skalt borða lífrænt grænmeti og ávexti oft á dag – minnst 600 grömm.
7. Drekktu 1/2 lítra vatns daglega og ferskpressaða grænmetis- og ávaxtasafa, grænt te og jurtate.
8. Borðu reglulega. Ekki sleppa morgunmat og borðu fleiri og minni máltíðir.
9. Borðu jafnt úr öllum fæðuflokkum (prótín, holla fitu, heilkorn og belgavexti) og alltaf lífrænt.
10. Taktu inn fæðubótarefni – a.m.k. eina sterka fjölvítamín, en helst meira.

Í vikunni bannaði menntamálaráðherra Englands sölu á of söltuðum og sykrðuðum mat í sjálfsölum enskra skóla, í því augnamiði að stuðla að hollara mataræði, en það var sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver sem hóf baráttu fyrir bættu mataræði breskra skólubarna. Þorbjörg segir tíma til kominn að íslensk heilbrigðisyfirvöld geri slíkt hið sama, enda sé matseðill í grunnskólum hérlendis til háborinnar skammar.

„Á matseðli eins skólans sá ég að hádegismaturinn var kakósúpa með tvíbökum. Er það bensínið sem börnin eiga að nýta til að læra betur í næsta tíma? Í Danmörku er nú unnið að fyrirmynd skólastjóra á Jótlandi sem hafði fengið nóg af órólegum nemendum sínum sem ekkert gátu lært vegna agaleysis og ofvirkni. Hann ákvað því að banna alfarið gos og sætindi inni á skólalóðinni en réði í staðinn matreiðslumann til að útbúa venjulegan hollan heimilismat. Breytingin á börnunum varð algjör. Allt í einu gátu þau setið kyrr og lært, komið var jafnvægi á blóðsykurinn,“ segir Þorbjörg og bætir við að gamli íslenski heimilismaturinn sé enn besti kosturinn fyrir börn í vexti.

„Íslenski heimilismaturinn er hollur ef hann er búinn til úr góðu hráefni. Slátur er til dæmis herramannsmatur; í því er rúgur, blóð og lifur úr skepnum sem hafa lifað á grasi og hollur mör í hófi. Dýrafita er mun hollari en allar þær unnu olíur sem við setjum í matinn núna,“ segir Þorbjörg, sem leggur áherslu á sameiginlegt borðhald fjölskyldunnar þar sem allir borða það sama.

„Það gengur ekki að elda eitt-hvað fint og hollt handa okkur fullorðna fólkinu, en setja börnin til hliðar og halda þeim hljóðum með pitsu og kók af því við viljum fá frið og hafa það náðugt. Við þurfum að endurskoða og endurmeta gildi þess að eyða meiri tíma í matarinnkaup og matseld, auk þess að gefa börnum ávallt vítamín- og steinefnatöflu daglega, auk lýsis með A- og D-vítamíni.“

Kúamjól breytist í morfin

Ætli verðandi mæður að eignast

heilbrigð börn skiptir rétt næring fósturs í móðurkviði sköpum, segir Þorbjörg.

„Rannsóknir sýna tengingu milli mataræðis móður og þróunar á ofvirkni hins ófædda barns. Taki móðirin ekki Omega 3-fitusýrur þroskast heili og taugakerfi barnsins verr og það getur fæðst ofvirk. Því er móðurinni nauðsynlegt að neyta fiskiolíu og nægs prótíns til uppbyggingar frumna og hormóna, því með réttu mataræði leggur hún drög að góðum heila, taugum og hormónakerfi barnsins. Börn fæðast með sterkt ónæmiskerfi en því miður er þeim of fljótt gefinn mjólkurmatur sem þau ráða ekki við að melta. Tenging er milli eyrnabólgu og neyslu mjólkurafurða hjá ungum börnum. Vegna eyrnabólgu fá þau svo sýklalyf sem eyða allri náttúrulegri flóru úr þörmum þeirra, sem tekur fyrstu þrjú æviárin að þroska.“

Að sögn Þorbjargar fæðast börn án meltingarensíma sem geta brotið niður afurðir úr kúamjól.

„Þá virka hálfniðurbrotin mjólkurprótín sem morfin á taugakerfi barna og í kjölfarið byrjar glíman við hegðunarvandamál. Það sama gerist með glúteín sem ekki brotnar niður í aminósýrur og endar sem morfinpeptíð. Af þessum sökum sækja börn mjög í hvítt braud og finna má marga ofvirka mjólkurþambara sem næla sér þannig í dópið sitt.“

Þorbjörg segir mikilvægt að ofvirk og offeit börn séu á mjólkur- og glúteínlausu fæði.

„Það er enginn sýnilegur heilsufarslegur ávinningur af mjólkurneyslu og enginn sem ég þekki í óhefðbundna heilbrigðisgeiranum sem mælir með mjólki. Við getum fengið kalk úr svo mörgu öðru, auk þess sem rannsóknir sýna að krabbameinsvaldandi efni finnast í mjólki. Við þurfum því að fara varlega í þessa gifurlegu mjólkurafurðaneyslu og aldrei að gefa börnum innan eins árs kúamjól.“

Heimasíða Þorbjargar Hafsteinsdóttur er www.10grunnreglur.com. Þar má finna upplýsingar um fyrirlestra og námskeið á döfinni um ofangreind málefni og önnur. ■

Italsofa

The Italian touch

Opnum glæsilegan 400fm Italsofa sýningarsal í verslun okkar að Ármúla 8



Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum
Ath. Italsofa hefur framlengt frest til 3. okt. fyrir sérpantanir sem afgreiðast fyrir jól.

Italsofa Frábær verð og gæði
The Italian touch

Opið 10-18 Laugard. 11-16/Sunnud.13-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Aldrei óvopnuð út úr húsi

Fjögurra manna fjölskylda frá Egilsstöðum ákvað að fara í öðruvísi sumarfrí og hélt til austurstrandar Grænlands. *Hallgrímur Helgi Helgason* fékk að vita allt um ferðina.

Hjónin Björn Ingvarsson og Karen Erla Erlingsdóttir og strákarnir þeirra tveir, Úlfur 11 ára og Glúmur 8 ára, kjósa að að hafa annan hátt á með sumarfrí en gengur og gerist. Í sumar fóru þau til að mynda ekki til suðrænna landa heldur settu stefnuna beint í norður af Íslandi, til austurstrandar Grænlands. Þar létu þau fyrirberast í yfirgefnu þorpi án flestra nútímapæginda, skutu snæhéra sér til matar og fóru ekki óvopnuð út úr húsi vegna ísbjarnahættu.

„Við höfum farið þrisvar til Angmassalik,“ segir Björn, sem hefur sjálfur starfað sem leiðsögumaður á Grænlandi. „Núna langaði okkur að skoða eitthvað fleira. Og þetta er „næsti bær við“. Að vísu eru 850 km á milli Angmassalik og Scoresbysunds. Við flugum frá Reykjavík til lítils flugvallar á vesturströnd fjarðarins. Þaðan vorum við flutt með þyrlu til 550 manna bæjar, sem nefnist Scoresbysund eins og fjörðurinn (eða ITTOQQOR-TOORMIT upp á grænlensku.). Þaðan fórum við svo á bát yfir til annars smábæjar, Kap Tobin. Sá bær er löngu kominn í eyði.“ Hjónin mældu með GPS-tæki hveru langt væri í næsta byggða ból Scoresbysund. „Það reyndist styst til Ísafjarðar. Það var meira að segja styttra þaðan til Egilsstaða en næstu byggðar á Grænlandi,“ segir hann og bætir við að þarna hafi verið meiri sól en á sól-arströnd og mun hlýrra en þau þorðu að vona.

„Það kólnaði bara ögn á nóttunni, enda lá alltaf ís á firðinum úti fyrir,“ segir Karen.

„Við vorum auðvitað þarna við stærsta fjörð í heimi,“ segir Björn. „Borgarísjakar stranda þar á 450 metra dýpi, enda er

fjörðurinn grynri í mynninu en fyrir innan. Þessi risafjöll koma siglandi út fjörðinn og stranda þar, og standa kannski 60 metra upp úr sjó.“

Urðum að bjarga okkur

Í Cab Tobin urðu þau að laga sig að aðstæðum og láta vistir duga í tæpan hálfan mánuð, því annars hefði þurft að leggja í umtalsverðan kostnað við að sækja þau aftur. Yngri sonurinn, Glúmur, segir að þau hafi verið með fimm sleðahunda. Það var þó enginn snjór, heldur voru hundarnir notaðir til að fæla ísbirnina frá.

„Okkur var uppálagt að fara alls ekki óvopnuð um svæðið, vegna hættu af ísbjörnum,“ segir Björn. „Birirnir eiga að vera komnir norðar á þessum árstíma en stundum er ísinn orðinn ótraustur og þeir komast ekki norður. Þá verða þeir að þreyja suður frá og verða bæði svangir og hættulegir.“

Þegar Glúmur er spurður hvort hann hafi séð ísbjörn segir hann svo ekki vera. „Pabbi hefði líka dúndrað hann í tætlur. Eða mamma,“ segir hann hvergi banginn.

Hins vegar voru hundarnir sísvangir og þurfti að finna ráð með að afla þeim fæðu. Strákarnir fundu færi og öngla niðri á bryggju þorpsins og ákváðu að freista þess að veiða handa hundunum. Þeim gekk það bærillega og kræktu í stöku marhnút.

„Hundarnir fóru strax að rífast um fiskinn,“ segir Glúmur. „Við urðum að halda rosa fast í hann til að þeir rifu hann ekki út úr höndunum á okkur, með öngli og öllu saman.“

„Grænlendingarnir sögðu okkur að ef maður veiddi lítinn marhnút og krækti svo öngli í



HUGSUÐU VEL UM HUNDANA Bræðurnir Grímur og Úlfur nutu sín vel á Grænlandi og fannst ferðin ævintýraleig og skemmtileg.



Í FÓTABADI Úlfur og Grímur kæla sig niður en það var hlýtt og gott veður á meðan á dvölinni stóð.



VEIÐIMADUR Sleðahundunum leiddist ekki athyglin sem þeir fengu frá strákunum.

bakuggann á honum og slepti svo aftur, þá myndi stærri marhnútur koma að og gleypa hann og festast þannig,“ bætir Úlfur við. „Við heyrðum þetta bara ekki fyrr en rétt áður en við fórum heim svo við gátum ekki prófað það.“

Allt aðrar kringumstæður en heima

Húsmóðirin segir að það hafi farið meiri tími í venjuleg störf í fríinu en heima. Á Grænlandi hafi til dæmis ekki verið rennandi vatn.

„Þið sækið það bara í lækinn,“ var sagt við okkur. „Við héldum að verið væri að tala um einhvern bæjarlæk. En svo reyndust 600 metrar í næsta vatnsból, sem var þá bræðsluvatn af jöklinum. Þetta var eins og hálfis kílómetra ganga með 30 lítra af neysluvatni. Fyrst í stað fórum við þetta tvisvar á dag, enda vorum við þá enn að nota vatn í sama mæli og heima. En svo fórum að spara vatnið og láta það endast,“ segir Karen.

„Svo eru engin klósett þarna heldur notaðir kamrar,“ bætir hún við. „Enda er ekki hægt að koma neinu í jörð. Eins er með vatnslagnir úr húsum, þær ná bara rétt út fyrir húsið.“

„Þarna eru náttúrulega allar lagnir ofanjarðar og engar skólplagnir,“ segir Björn. „Þetta er bara granítklökk, það myndi allt frjósa.“

Þau segja þó að þetta hafi verið skemmtileg upplifun.

„Fólkið var indælt sem við hittum í Scoresbysund. En þeir eru algerir umhverfissóðar, fleygja bara öllu rusli utandyra. Fyrir framan húsin var síðan allt fullt í grút. Og því meiri veiðimenn sem menn voru, þeim mun hærri var grútarhrúgan. Ef maður hins

vegar kíktti inn til fólks var þar allt kattprífið,“ segir Karen.

Scoresbysund er 550 manna bæjarfélag og kringumstæðar þar að ýmsu leyti sérstakar. Síðustu daga fjölskyldunnar þar ríkti til dæmis hálfgerð umsátursástand í bænum vegna þess að eini þjófur bæjarins var nýbúinn að afplána fangelsisdvöl.

„Hann var sjúklegur þjófur og stal öllu steini léttara,“ segir Karen. „Hann ógnaði þannig öllu samfélaginu. Hann var í raun eina samfélagsógnin.“

Úlfur segir að það hafi ekki verið góð öryggisgæsla á flugvellinum. „Mér tókst að minnsta kosti að smygla inn heilmiklu af sprengiefni,“ segir hann.

Sprengiefni?

„Já, kínverjum,“ segir Úlfur, „sem ég ætlaði að nota á ísbirnina.

En svo þegar við mættum engum ísbjörnum þá héldum við bara smá áramót í staðinn áður en við fórum.“

Fjölskyldan er hæstánægð með Grænlandsdvölinni. Og kveðst ekki vera á leið í „venjulegt“ sumarfrí í bráð.

„Fyrir okkur er þetta mjög venjulegt,“ segir Björn. „Við höfum aldrei farið til sólarlanda.“

Á Grænlandi er líka meiri sól og miklu meira spennandi náttúra.“

„Hugmyndin er sú að þegar upp er staðið og strákarnir verða eldri eigi þeir þennan fjársjóð í minningunni,“ segir Karen.

Strákarnir taka undir þetta og segjast alls ekki sakna þess að fara ekki til „viðurkenndra sumarleyfisstaða“. „Þetta er miklu meira ævintýri,“ segja þeir. ■



ÆVINTÝRAGJÖRN Karen og Björn ásamt sonum sínum. Þau leggja áherslu á að kynna drengjunum ólíka menningu. Þau eru glöð með að hafa valið Grænland fram yfir suðrænar sólarstrendur.

OPIÐ ELDHÚS
sýningarhelgi

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 11-17
OG SUNNUDAG FRÁ 13-17

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



- HTH eldhús eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.

VELKOMIN Í GLÆSILEGAN SÝNINGARSAL OKKAR AÐ LÁGMÚLA 8

Ef þú ert að huga að nýju eldhúsi er upplagt að skoða kosti HTH. Í glæsilegum sýningarsal okkar sérðu allt það nýjasta í eldhústækjum frá AEG fléttað saman við innréttingar frá HTH. Þetta samspil HTH og AEG er ekki bara fallegt og vandað heldur er heildarlausn af þessu tagi á góðum kjörum hjá Bræðrunum Ormsson.



AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



Flísar & Parket ótrúlega gott verð!



Flísar
KEOPE AMBIENT, gólf- og veggflís 30x60 cm.²

3.590 kr./m²
~~4.790~~



Flísar
V&B UNIT ONE, hvítar, 10x20 cm.

2.190 kr./m²
~~2.890~~



Flísar
Iris Silver Grey, gólf- og veggflís, 45.7x45.7 cm.

3.290 kr./m²
~~4.490~~




Flísar
IRIS BINOMIO, veggflís 25x46 cm.

2.990 kr./m²
~~3.990~~



Flísar
Gler MOSAIK gyllt og brúnt, 2x2 cm.

7.990 kr./m²
~~12.980~~



Flísar
Gler MOSAIK ljósgrátt, 2x2 cm, A05.

2.990 kr./m²
~~3.990~~




Flísar
US RUSHMORE gólf- og veggflís, MOSAIK, 33.3x33.3 cm.

7.990 kr./m²
~~10.950~~




Flísar
IMSO DESIGN, wenge, 10x10 cm.

2.490 kr./m²
~~2.990~~




PARKET Hvit eik, 19x83, 2.12 m², gegnheilt parket.

3.290 kr./m²
~~4.993~~




PARKET Hvít eik, 1 com, gegnheilt parket.

3.690 kr./m²
~~5.990~~



PARKET Hvít eik, 1 com, gegnheilt parket.

3.890 kr./m²
~~5.690~~



PARKET Eik, Select and Better, gegneilt parket.

3.490 kr./m²
~~5.980~~



PARKET Baltic Wood, askur classic, lakkður, 14x182x2200 mm.

2.290 kr./m²
~~3.290~~



PARKET Baltic Wood, eik unique, natur olía, 14x182x2200 mm.

2.490 kr./m²
~~3.590~~



PARKET Baltic Wood, hlynur, Classic, 14x182x2200 mm.

2.790 kr./m²
~~3.645~~



PARKET Woodline Merbau Prima, 145x19x1820 mm.

2.890 kr./m²
~~3.990~~

Njóttu þess að vera í fallegu



umhverfi

2006
2005



BYGGIR MEÐ ÞÉR



Heyrst hefur ...

... að knattspyrnudómarar landsins ætli að sniðganga lokahóf KSÍ sem fram fer á Broadway í kvöld. Dómaramir voru mjög óánægðir með hófið í fyrra og þá sérstaklega með þau sæti sem þeim var úthlutað og ætla því í staðinn að hittast annarsstaðar og gera upp tímabilið. Ekki er vítað hver mun þó stíga upp á svið og taka við verðlaunum sem bestí dómari ársins.

sport

sport@frettabladid.is

ÚLFAR HINRIKSSON: HÆTTUR AÐ ÞJÁLFA ÍSLANDS- OG BIKARMEISTARA BREIÐABLIKS

Kom formanninum algjörlega í opna skjöldu

Úlfar Hinriksson, annar tveggja þjálfara Íslands- og bikarmeistara Breiðabliks í knattspyrnu kvenna, er hættur að þjálfa liðið en Úlfar sendi frá sér yfirlýsingu þess efnis í gær. Úlfar var einnig yfirþjálfari yngri flokka hjá Breiðabliki en árangur þeirra var afar glæsilegur á Íslandsmótunum í sumar.

Karl Brynjólfsson, formaður meistara-flokksráðs kvenna hjá Breiðabliki, var afar óánægður með þessa ákvörðun Úlfars. „Þessi ákvörðun hans kom mér algjörlega í opna skjöldu. Ég hef verið í sambandi við hann síðustu daga og ég bjóst alls ekki við því að þetta væri í gangi. Við höfum ekki rætt við neinn þjálfara

og höfðum ekki hugsað okkur að gera það á næstunni. Úlfar hefur skilað fráþæru starfi hjá Breiðabliki og þess vegna harma ég þessa ákvörðun hans mikið.“

Stutt er síðan Úlfar skrifaði undir nýjan samning við Breiðablik sem yfirþjálfari yngri flokka félagsins en svo virðist sem hann

sé einnig búinn að gefa þá stöðu frá sér.

Það þótti mörgum undarlegt að ekki hafi verið búið að ganga frá samningum við Úlfar Hinriksson þar sem árangur hans í sumar var afar glæsilegur, en hann hefur starfað sem þjálfari yngri flokka hjá Breiðabliki síðan árið 1995. „Meistaraflokksráð hefur einfaldlega ekki haft tíma til þess að ganga frá þessum málum. Við erum í þessu í sjálfböðavinnu og þess vegna er stundum erfitt að ganga frá samningum og leikmannamálum. En eins og ég segi kom þessi ákvörðun Úlfars mér gjör-samlega í opna skjöldu og ég harma hana mjög.“

Ekki náðist í Úlfar Hinriksson í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

> Við furðum okkur á ...

... af hverju Blikar vilja breyta siguruppskrift sinni frá því í sumar og ráða ekki aftur Úlfar Hinriksson sem þjálfara meistara-flokks kvenna. Úlfar gerði liðið að tvöföldum meisturum á sínu fyrsta ári en Blikar höfðu þá ekki unnið stóran titil í heil fjögur ár sem þykir mikið í mekka kvendafótboltans í Kópavogi.

> Við hrósum ...

... Eyjólfri Sværissyni, þjálfara undir 21 árs landsliðsins, fyrir að gefa ungum strákum tækifæri í lokaleik liðsins gegn Svíum. Bjarni Viðarson, Theodor Elmar Bjarnason og Rúrik Gíslason verða allir með enda allt framtíðarmenn íslenska A-landslíðsins.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

28 29 30 1 2 3 4

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 Grindavík og Stjarnan mætast í íþróttahúsinum í Grindavík í Reykjanesmótinu í körfubolta karla.
- 14.00 ÍR og Selfoss mætast í Austurbergi. DHL-deild karla.
- 16.15 Fram og Fylkir eigast við í Safamýrinni. DHL-deild karla.
- 16.15 Afturelding og Þór mætast að Varmá í Mosfellsbæ. DHL-deild karla.
- 16.15 Víkingur/Fjölnir og KA eigast við í Fjölnishúsinu í Grafarvogi. DHL-deild karla.
- 14.00 Víkingur og FH eigast við í Víkinni. DHL-deild kvenna.
- 14.00 Stjarnan og ÍBV mætast í Ásgarði. DHL-deild kvenna.
- 14.15 Fram og Gróttta eigast við í Safamýrinni. DHL-deild kvenna.
- 16.15 Valur og KA/Þór mætast í Laugardalshöll. DHL-deild kvenna.

SJÓNVARP

- 14.00 Enska úrvalsdeildin á Enska boltanum. Leikur Tottenham og Charlton í beinni útsendingu. Hægt er að fylgjast með gangi mála í öðrum leikjum í ensku úrvalsdeildinni á aukarásum Enska boltans.
- 15.50 Meistaradeild Evrópu í handbolta á Sýn. Leikur Hauka og Árhús GF í beinni útsendingu.
- 16.05 Íslandsmótið í handbolta á RÚV.
- 19.50 Spænski boltinn á Sýn.
- 22.00 Meistaradeild Evrópu í handbolta á Sýn.
- 23.15 Hnefaleikar á Sýn. Erik Morales og Zahir Raheem mætast í hringnum.
- 01.00 Hnefaleikar Antonio Tarver og Roy Jones Jr. mætast í hringnum.

Marel á leiðinni heim

Marel Baldvinsson, knattspyrnumaður hjá Lokeren, er á heimleið eftir rúm fimm ár í atvinnumennsku. Marel hefur átt við erfið meiðsli á hné að stríða.

FÓTBOLTI „Ég hef náð samkomulagi um starfslokasamning við stjórnendur Lokeren í meginatriðum. Hins vegar eigum við eftir að ljúka ákveðnum þáttum í því ferli en ég vonast til að geta klárað það í næstu viku og komið heim í kjölfarið,“ sagði Marel Jóhann sem er einn fjögurra Íslendinga á mála hjá Lokeren. Belgíska úrvalsdeildarliðið Moeskroen reyndi að fá Marel til liðs við sig fyrir lok félagaskiptaguggans í byrjun mánaðarins en Marel sagði ekki vilja fara í nýtt lið meiddur og vildi heldur hefja nýtt líf í boltanum heima á Íslandi.

Marel er 24 ára gamall framherji alinn upp í Breiðablik. Hann var seldur til norska liðsins Stabæk árið 2000 fyrir 30 milljónir. Eftir gott tímabil með Stabæk árið 2001 spurðist fjöldi liða um leikmanninn sem var þó ekki seldur frá Stabæk til Lokeren fyrr en í janúarmánuði árið 2003.

Hann var fastamaður á vinstri kanti í liði Lokeren sem varð í þriðja sæti í deildinni vorið 2003. Árið eftir lék hann 27 leiki fyrir



Á LEIÐ HEIM Marel er á leið heim og orðaður sterklega við Breiðablik.

liðið sem þá lenti í 11. sæti. Á þessari leiktíð hefur hann ekkert getað leikið vegna brjóskeyðingar á hné en er á hröðum batavegi og að verða klár í slaginn. Marel hefur leikið 14 landsleiki fyrir Íslands hönd.

„Ég hlakka mikið til að koma heim. Ég held að líkaminn á mér

fari létt með að leika í nokkur ár til viðbótar heima á Íslandi því það er álagið hérna sem veldur því að þetta er ekki að ganga upp. Þegar heim er komið ætla ég að skoða mín mál. Vissulega hefur Breiðablik verið nefnt en það er ekkert ákveðið.“

hjourvar@frettabladid.is

Breytingar hjá íslenska U-21 árs landsliðinu:

Táningarnir fá tækifæri

FÓTBOLTI Eyjólfur Gjafar Sværissyn, þjálfari U-21 árs liðs Íslands, hefur ákveðið að gefa þremur unglungum tækifæri í landsleik gegn Svíum í undankeppni Evrópukeppninnar árið 2006 þann 11. október nk.

Það eru þeir Bjarni Viðarson, 17 ára leikmaður Everton; Theodor Elmar Bjarnason, 18 ára leikmaður Celtic, og Rúrik Gíslason, 17 ára leikmaður Charlton. Eyjólfur Gjafar á enn eftir að tilkynna allan hópinn.

Fréttablaðið hafði samband

við Rúrik Gíslason, leikmann Charlton, sem var hæstánægður með að vera valinn. „Ég hef stefnt að þessu í þó nokkurn tíma,“ sagði Rúrik. Aðspurður hvernig honum líkaði lífið í Lundúnaborg:

„Mér líður bara mjög vel, mikið betur en til dæmis hjá Anderlecht þar sem ég var í fyrra. Ég kann mjög vel við mig í Englandi, hér snýst hreinlega allt um fótbolta,“ sagði Rúrik sem lék með HK í 1. deildinni í sumar áður.

- hjó



THEODÓR ELMAR BJARNASON Fær loksins tækifæri hjá Eyjólfri Gjafari.

Eyjamenn gera breytingar á skútunni eftir aðeins þrjú leiki í DHL-deildinni:

Erlingur hættir sem þjálfari ÍBV

FÓTBOLTI „Ég er ekki að hoppa frá skútunni heldur þvert á móti að berjast enn frekar fyrir merki ÍBV með því að láta til mín taka inni á vellinum í stað þess að standa á hliðarlínunni,“ sagði Erlingur Richardsson, þjálfari ÍBV, í samtali við Fréttablaðið en hann hefur ákveðið að hætta sem þjálfari Eyjalíðsins en snúa sér að því að spila með liðinu í staðinn. Aðstoðarmaður hans, Kristinn Guðmundsson, tekur við sem aðalþjálfari en þeir hafa unnið náið saman og því verða engar breytingar á leikskipulagi eða æfingum liðsins.

Eyjamenn töpuðu tveimur fyrstum leikjunum á leiktíðinni afar illa gegn HK og ÍR en sigrudu Víking/Fjölni í síðustu umferð. Eini leikmaðurinn sem eftir er úr byrjunarliði síðasta vetrar, línumaðurinn Svavar Vignisson,

hefur hins vegar verið meiddur og ekkert spilað.

„Við gerum þetta allt markvissara með þessum hætti og allir hafa sitt hlutverk á hreinu. Ég mun aðallega spila í vörninni til að byrja með og fikra mig áfram í sóknarleiknum. Ég lagði þetta fyrst til fyrir mánuði síðan að gera þetta svona þegar ég sá hvert stefndi. En við ákváðum að sjá aðeins til en þar sem Svavar hefur ekkert verið með í fyrstu leikjunum var kylt á þetta núna,“ segir Erlingur.

ÍBV fékk fjóra nýja útlenda leikmenn fyrir leiktíðina en þeir hafa ekki staðið undir væntingum. Erlingur segir að þeir séu allir að koma til og ekki standi til að segja upp samningum við þá. „Það tekur því ekki að fá nýja útlendinga því þá þyrftum við að byrja allt upp á nýtt.“



HÆTTIR SEM ÞJÁLFARI Erlingur Richardsson ætla að snúa sér alfarið að því að spila með Eyjalíðinu í vetur.

KOMIN Í BIÓ!

SÉR-IVER DRAUMUR Á SÉR UPPHAF

GOAL!

ENSHI DÖNSKUR XFM REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

BT Alvöru munningsvél



19" FLATUR SMYR

Alvöru leikskjár aðeins 8ms

Skothelt tilboð í BT

3,4 GHz
512 MB
250 GB

MEDION® XXL

913215
MEDION V6 550 XXL3

- Intel Pentium 550 (3.4 GHz, 1MB, FS800)
- MSI Intel 915P 800FSB Dual DDR
- nVidia GeForce 6610 XXL 128MB DDR3 800MHz
- GPU 400MHz, DVI-I, VGA (D-sub)
- 512MB DDR 400MHz Dual
- Western Digital 250GB 7200rpm 8MB
- DVD-ROM • Pioneer 16X DVD Skrifari
- Práðlaust netkort 54Mbps
- Bluetooth • IEEE1394/Firewire
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Medion Media Bay

POWERED BY DDR MEMORY

DVD R/RW FireWire

Bluetooth

Vinsælasta tölvun

4.157*

Þú velur greiðsluform sem hentar

4.157
Tölvukauplán 48 mán.

11.999**
Vaxtalaust 12 mán.

143.988
Staðgreitt

Práðlaust net
Óflúgt práðlaust netkort er innbyggjt í vélinni, engar snúrur - ekkert vesen. Nýjasti og hraðvirkasti staðalinn: 802.11g og 54 Mbps.

WiFi

PCI Express
Eldri PC vélar með AGP tækni hafa einungis 2.1GB/Sek bandbreidd milli skjákerfis og örgjörva, með nýju PCI Express tækninni þá er hraðinn aukinn í 4 GB/Sek eða um 90%.

PCI EXPRESS

Sjónvarpskort og fjarstýring
Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD. Hægt að "pása" beina sjónvarpsútsendingu o.fl.

Brjáláð skjákerfi

GeForce 6610 XXL
Enn hraðvirkara kort í 6600 seríunni frá nVidia. Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjstu leikjum.

Ný tónlist **Ódýrt DVD**

Ódýrasta tónlistin á Íslandi

Hera - Don't play this 1.799

Kanye West - Late Registration 1.799

David Gray - Life in Motion 1.799

Nýjir titlar 899

Risaplasmatilboð

MEDION®

42" PLASMASJÓNVARP

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- 10.000:1 skerpa
- birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir viðoma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Stýður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem stýður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár

WIDE SCREEN

HDTV READY

Skerpa 10.000:1

Þú sk gæðir!

Plasma-sjónvarp + Heimabíó = Klikkað tilboð

42" Plasmasjónvarp

42" Bassa BOX

Heimabíókerfi

29.999

14.999**

Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.984

STADGREITT

SONY
DAV SB100
HEIMABÍÓKERFI

Fjölkerfa DVD spilarí sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/EPG og MP-3

Hátalarakerfi 5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassahátalara

Útvarp Hlustaðu á útvarpið í brjálúðum gæðum

Dolby Digital/DTS Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

Klikkaðir kaupaukar!

Fimm hátalarar

Mynd í mynd Ekki missa af neinu, þú getur horft á tveir sjónvarpsstöðvar í einu. Þú ræður hvort seinni sjónvarpsstöðin er hormynd eða skjánum skipt í tvennt.

Miklir tengimöguleikar 2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISASTÓRAN tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.

Vönduð hönnun Þunnur áframmi og silfráð útlit ásamt því að standa á glerfæti gerir þetta að einkar veglegu tæki.

Skerpa 10.000 á móti 1 í skerpu getur þér skarpari mynd en þú átt að venjast! Önnur plasmassjónvarp eru með 3.000 á móti 1. Medion aðeins það besta!

Þú sk fylgir

Þú sk fylgir

SKEMMTILEGT LAUGARDAGSKVÖLD

Stelpurnar kl. 19:40 | Bestu strákarnir kl. 20:05 | Það var lagið kl. 20:35



kl. 19:40



kl. 20:05



kl. 20:35



Ótrúleg útsala
20%-60% afsláttur á básnum
Kínaportið í Kolaportinu
 Stutt og langermablússur 2,500 nú 1,000 kr
 Náttföt 3,500 nú 1,500 kr
 Kongfú sett 2,500 nú 1,500 kr
 Kínakjöll 3,900 nú 1,500 kr
 Barnakjöll 1,900 nú 1,000 kr
 Silkivestí 2,500 nú 1,000 kr
 Skór 1,900 nú 1,000 kr
Mikið úrval af heimilisskrauti frá Kína

Kínaportið (Efstabúð 10) í Kolaportinu er opið lau. og sun. 11-17

STUÐ MILLI STRÍÐA · Tísku greind

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER HALDIN BÚÐAFÓBÍU

Eitt af því sem virðist einkenna margar konur er búðarlöngun. Löngunin til að fara í búðir, til að skoða og þreifa, þefa og smakka og máta og spekulera. Þegar konur velta fyrir sér hvernig best sé að eyða frídeginum komast margar hverjar að þeirri niðurstöðu að heill dagur í búðarrápi sé alveg stórsníðug leið til að njóta dagsins. Frá molli til molls, úr götu í götu, í búð úr búð, þannig ráfa þær um heilu dagana, alsælar. Þær eru jafnvel ekki að kaupa

neitt. Þetta er einfaldlega eitthvað sem veitir þeim gleði og fullnægju. Flestar konur vita hvað þær vilja kaupa, hvað er hipp og kúl, hvert þær eiga að fara til að kaupa það og hvað það á að kosta. Ég er ekki ein af þessum konum. Ég er ekki kona sem veit að brún stígvél með svona eða hinsegin hæl sé til í tiltekinni búð á tilteknum stað akkúrat í minni stærð. Ég hef ekki tískugreind. Ég er kona sem er sneidd öllu tískuviti og allri búðarlöngun enda ber fata-skápurinn minn þess merki. Mér líður oftast eins og inúíta á sólarströnd þegar ég kem inn í búðir. Inni í fatabúðunum eru allar hinar konurnar að njóta dagsins með því að láta undan búðarlöngunni,

og svo ég, sem ber það utan á mér að ég hreinlega skil ekki fötin. Ég átta mig bara ekki á því hvernig maður á að klæða sig í þau eða hvaða hlutverki þau gegna. Af-greiðslustúlurnar spyrja mig ankannalega hvort þær geti aðstoðað þó þær viti vel að mér er ekki viðbjargandi. Þar af leiðandi er ég haldin búðafóbíu á háu stigi. Að stíga inn fyrir þröskuldinn á fatabúðunum er fyrir mér, inúítanum, eins og að berjast við ísbjörn. Ég forðast að fara í búðir og geri það ekki nema tilneydd. Því miður er ég tilneydd í dag. Ég verð hreinlega að kaupa eitthvað nothæft í fataskápinn. Verið því góð við inúítann ef þið sjáið hann á vappi á milli sláa.

Allt sem þú þarft og meira til

alt

Allt um bíla á laugardögum í Fréttablaðinu.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

Hæ Raggi! Ný sería í vinnslu?

Jebb! Og þessi ilmar af peningum og prentsvertu! Forlagið fer að hringja á næstu dögum!

KAPTEINN MÚNI OG PVENG-PRÁNDUR

Af hverju hringir þú ekki bara í forlagið?

Nei, nei! Þessi huggulega dama á skiptiborðinu sagði mér að spara síma-peningana. „Ekki hringja í okkur, við hringjum í þig,“ sagði hún.

Flott er! Búinn að bíða lengi?

Þrjár vikur! Þau eru pottþétt að plana heilt myndasögublað. Svona lagað tekur tíma!

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Hæ, Sara. ég gleymdi að skila þér kúlupennanum þínum eftir dönskutímann.

Takk, Palli. En sætt af þér!

Stelpur elska þegar maður man eftir svona litlum hlutum.

Kærastinn minn er fifl.

PÚ OG PA

Eftir SÖB

Vængirnir láta okkur líta út einsog einhverja smá krypplingal!

Jamm... þið segist bara vera smá hringjarar frá Notre Dame he, he, he!

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

Lalli, klippingin þín gæti komið betur út ef slaufan væri annars staðar.

Kjuuurr!
Kjuuuurrrr!

TA TAA!

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Málaðu kúreka.

Ég veit ekki hvað ég á að mála.

AAAAHH! Þetta er hræðilegur kúreki!!

Hann er ljótur! Og heimskur! Þetta er ljótasta mynd sem ég hef málað á ævinni og það er allt þér að kenna!!!

RIFI!

SPLASH!

Hvað á ég núna að mála?

Allt nema kúreka.

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 5 | 2 | 4 | 1 | 8 | 3 | 9 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 8 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 2 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 7 | 2 | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | | 8 | | |
| | 3 | | | 5 | 8 | | 4 | 6 |
| 7 | | 4 | | 1 | | 9 | 8 | |
| | | | 5 | 2 | | | | |
| | 1 | 5 | | 7 | | 6 | | 3 |
| 2 | 4 | | 8 | 3 | | | 7 | |
| | | 9 | | | | | 6 | |
| 3 | | | 1 | 6 | 4 | 5 | | |

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom



VEGGFÓÐUR.

tímarit

Nýtt tímarit um hönnun

– komið á blaðsöluastaði!

VEGGFÓÐUR er tímarit þar sem falleg heimili, hönnun og matargerð spila stóra rullu. Blaðið er í samstarfi við samnefndan þátt á Sirkus með Völu Matt og verður blaðið kynnt sérstaklega í hverjum þætti.

Ritstjórar tímaritsins eru Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson.

VEGGFÓÐUR kemur út 12 sinnum á ári og kostar aðeins kr. 699.

Vertu með frá upphafi. Þú getur gerst áskrifandi á visir.is

Síminn er 550 5000



Tilboð fyrir nýja áskrifendur

FÁÐU ÞÉR **12 MÁNAÐA ÁSKRIFT** NÚNA Á AÐEINS **KR. 5.872** OG FÁÐU FALLEGA GJÖF AÐ AUKI.

1

Petal Essence Face Accents þriggja lita andlistfarði frá Aveda og Aveda box sem hentar afar vel undir. Gott til þess að hafa í veskinu eða skápnum.



2

Aquolina Bodymousse sem er jóгурtlína fyrir allar viðkvæmstu húðgerðir. Sú besta til að næra húðina og gera hana mjúka. Jóгурtlínan kemur í 3 baðtegundum sem hægt er að velja á milli: kirsuberja, Ananas og villiberja.



3

Zirh taska með snyrtivörum fyrir karlmenn. Tilvalið í ferðalagið eða helgarferðina.





KL. 16.00

Óskarsverðlaunamyndin *The Giant* eða *Risinn frá árinu 1956* í leikstjórn George Stevens verður sýnd á vegum Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Aðal-leikarar myndarinnar eru hinn ungi James Dean og stjarnan Elizabeth Taylor.

menning
menning@frettabladid.is

Vegir Kiarostamis

Írnski leikstjórinn Abbas Kiarostami verður í dag viðstaddur opnun á ljósmyndasýningunni *The Roads of Kiarostami* sem sett er upp í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls. Auk þess verður nýjasta kvikmyndaverk Kiarostamis, stuttmyndin *The Roads*, Evrópufrumsýnd við þetta tækifæri. Ljósmyndasýningin er liður í Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hófst á fimmtudaginn. Kiarostami hefur reynt fyrir sér á ýmsum sviðum þó svo hann sé frægastur fyrir kvikmyndagerð. Ljósmyndun er honum hugleikin og hann hefur haldið sýningar um víða veröld á myndum sínum. Ljósmyndasýningin *The Roads of Kiarostami* tilheyrir kvikmyndasafninu í Torino og hefur verið á ferðalagi um heiminn í nokkurn tíma. Um er að ræða tæplega sextíu ljósmyndir og stuttmynd sem Kiarostami hefur unnið í kringum þemað „vegir“. Sýning var nýlega



sett upp í The Albert Museum í London og fór til Sao Paulo, Vín og fleiri borga, en hún hefur ekki verið sýnd á Norðurlöndum til þessa. Sýningin verður opnuð klukkan 17 í dag og stendur til 28. október.

> Ekki missa af ...

... sýningum þeirra Ástu Ólafsdóttur, Daða Guðbjörnssonar og **Unnars Jónssonar Auðarsonar** í Nýlistasafninu við Laugaveg. Síðasti sýningardagur er á morgun.

... fyrirlestri **Víðars Guðmundssonar** um eðlisvísindi í tölvum, sem fluttur verður í fyrirlestraröðinni Undur veraldar í Háskólabíói í dag klukkan 14.

... tónleikum **Blásarasveitar Reykjavíkur** í Salnum á morgun. Með sveitinni koma fram **Sigurgeir Arnarson** sellóleikari og söngvararnir **Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Davíð Ólafsson** og **Benedikt Ingólfsson**.

... lokatónleikum **Djasshátíðar** á Kaffi Reykjavík annað kvöld.



ÁRMANN REYNISSON VINJETTUHÖFUNDUR Stendur fyrir fyrsta vinnjettudegi veraldar í bókaversluninni Íðu í dag, en þar munu frægir gestir lesa upp vinnjettur meðan gestir gæða sér á íslenskum líkjör og konditori. Allir velkomnir.

Vinjettudagurinn 2005:

Baðstofustemning og vinnjettur

Það verður andrúmsloft baðstofu- og sagnaskemmtana fortíðar í bókaversluninni Íðu í Lækjargötu á milli 13 og 17 í dag. Tilfnið er fyrsti vinnjettudagur veraldar, að frumkvæði vinnjettuhöfundarins Ármannar Reynissonar.

„Það verður mikið um dýrðir; harmoníkuleikur, rósavín og konditori og upplestur vinnjetta minna á hálf tíma fresti, en til lestursins hef ég fengið Steinunni Valdís Óskarsdóttur borgarstjóra, Egil Ólafsson stórsöngvara, fram-bjóðendur til borgarstjórnarkosninga úr öllum flokkum og fleiri leynigesti,“ segir Ármann sem nýlega gaf út sína fimmtu vinnjettubók.

„Ég sel bækurnar sjálfur og svo í bókaversluninni Íðu. Er alls með

3.000 áskrifendur að bókunum og hef þurft að endurprenta sumar þeirra vegna eftirspurnar. Ég spái því að vinnjettan verði algengasta bókmenntamál 21. aldarinnar því fólk lítur ekki við döðröntunum lengur. Það vill stutt mástexta, og úr því mér hefur gengið svona vel reikna ég með að fleiri fari að til-einka sér þetta bókmenntaform,“ segir Ármann, sem ætlar að bjóða gestum upp á nýja íslenska líkjörinn yfir vinnjettulestrinum, nefnilega *Hausstól frá Húsavík*.

„Svo spái ég því að þeir fram-bjóðendur sem lesa upp í dag komi til með að skipa fyrsta sætið á sínum listum fyrir borgarstjórnarkosningarnar,“ segir Ármann glaður í bragði í baðstofustemningu bókaverslunarinnar Íðu.

Flýtur allt í lausu lofti

Þóra Einarsdóttir segir yndislegt að syngja franska tónlist með systur sinni Gunnhildi og ófæddu barni sínu í maganum. Tónleikar þeirra verða í Salnum í dag.

„Við ákváðum að vera með alveg franskt prógramm og þetta eru eiginlega allt verk sem eru samin sérstaklega fyrir söng og hörpu,“ segir Þóra Einarsdóttir sópransöngkona, sem heldur tónleika í Salnum í Kópavogi í dag ásamt systur sinni Gunnhildi, sem er hörpuleikari.

Þær ætla að flytja verk eftir André Caplet, Gabriel Fauré, Marcel Tournier, Philip Cannon, Claude Debussy og Maurice Ravel, allt saman frönsk tónlist frá því um og eftir fyrri heimsstyrjöldina.

„Þetta er impressjónísk og róm-antískt tónlist frá þeim tíma þegar Frakkarnir voru að leitast við að móta sinn eigin stíl, sem þurfti að vera allt öðruvísi en þýski stíllinn. Frakkarnir vildu forðast reglufestu Djöðverjanna, voru meira fljótandi og það má alveg heyra einkenni þeirra í þessari tónlist, hvernig þetta flýtur allt í lausu lofti.“

Þær systurnar hafa ekki áður komið fram saman opinberlega og Þóra segir að þeim hafi ekki heldur gefist tími til þess að syngja og spila saman heima við, þrátt fyrir nán fjölskyldutengsl. „Við höfum alltaf verið í sitt hvoru landinu síðustu árin. Gunnhildur lærði í Hollandi og ég hef verið að syngja hér og þar, mest í Þýskalandi, þannig að við



FJÖLSKYLDUTRÍÓIÐ Systurnar Þóra Einarsdóttir söngkona og Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari halda tónleika í Salnum í dag. Ófæddur fjölskyldumeðlimur fær að vera með þeim á sviðinu.

höfum haft í nógu að snúast. En það er mjög gaman að fá þetta tækifæri til að koma saman.“

Auk þess að halda tónleikana í Salnum í kvöld hafa þær Þóra og Gunnhildur leikið fyrir alla nemendur á unglingsstigi í grunnskólum Kópavogs í tónleikaröðinni „Tónlist fyrir alla“.

Þær Þóra og Gunnhildur standa reyndar ekki alveg einar á sviðinu í

kvöld, því Þóra er kona ekki ein-sómul eins og ljóslega má sjá á ljós-myndinni hér að ofan.

„Þetta er eiginlega fjölskyldutrío,“ segir Þóra og bætir því við að það sé yndislegt að syngja í þessu ástandi. „Maður finnur að maður er ekki einn, það stendur einhver með manni og það er voða gaman. Það gefur þessu einhverja aukadýpt.“

VEGGFÓÐUR
MÁNUDAGA KL. 21.00



FASHION TV
MÁNUDAGA KL. 20.30



WEEDS
FIMMTUDAGA KL. 21.30



SIRKUS NÝ DAGSKRÁ Í OKTÓBER!

FYLGSTU MED.



THE CUT
MÁNUDAGA KL. 22.00



ÁSTARFLEYIÐ
BYRJAR FIMMTUDAGINN 20. OKTÓBER



Syngur á ljúfu nóttunum

„Ég er óttaleg aríukerling,“ segir Kristín R. Sigurðardóttir söngkona sem ætlar að syngja bæði íslensk lög og óperuaríur á tónleikum í Kópavogskirkju í dag. Með henni spilar Julian Hewlett á píano.

„Á þessum tónleikum ætla ég samt ekki að vera með neinar stórar flúrariur, heldur verður þetta á ljúfu nóttunum hjá okkur. Þetta eru allt saman mjög falleg lög,“ segir Kristín sem ætlar að bjóða upp á lög eftir Emil Thoroddsen, Pál Ísólffsson, Sigvalda Kaldalóns og fleiri helstu lagahöfundarinnar. Af aríunum má nefna aríu Mímíar og

aríu Rúsólku, sem allir óperuunnendur taka fagnandi í hvert sinn sem þær heyrast.

„En þetta eru fyrstu tónleikarnir mínir eftir að ég eignaðist strákinn minn,“ segir Kristín, sem ákvað að fara rólega af stað og hafa þessa tónleika á hefðbundnu nóttunum. „Ég hef ekkert gert voða mikið af því, meira verið í antikaríum og barokkinu, enda hentar það röddinni minni mjög vel.“

Kristín kennir söng í Nýja söngskólanum Hjartans mál og þar er Julian einnig í hópi kennara. Tónleikar þeirra hefjast klukkan 17 í Kópavogskirkju.



KÓPAVOGSKIRKJA Kristín og Julian flytja aríur og íslensk sönglög á tónleikum í dag.

HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Ána Ibsen


Í kvöld kl. 20 Örfá sæti
7. sýn fös 7 okt Örfá sæti
8. sýn lau 8 okt Örfá sæti
9. sýn fös 14 okt Örfá sæti
10. sýn lau 15 okt
11. sýn fös 21 okt
12. sýn lau 22 okt




Miðapantarnir í síma 555 2222 og á mid.is

NÝJAR BÆKUR

Bókafélagið Ugly hefur gefið út bókina **Kommúnisminn** eftir bandaríska sagnfræðinginn Richard Pipes. Höfundurinn gerir stuttlega grein fyrir fræðilegum grundvelli kommúnismans og rekur síðan sögu hans í Rússlandi og annars staðar.



Mál og menning hefur sent frá sér bókina **Ævintýri á meðan** eftir Roddy Doyle í þýðingu Hjörleifs Hjartarssonar. Þetta er þriðja barnasaga verðlaunahöfundarins sem kemur út í íslenskum búningi. Frásögnin er sprenglæðileg og full af óvæntum uppákomum.



Bókafélagið Bjartur hefur gefið út **Barndóm** eftir suður-afrísku rithöfundinn J.M. Coetzee. Þýðandi er Rúnar Helgi Vignisson. Í þessari rómúðu sjálfssævisögu vitjar Coetze upp-vaxtarára sinna í Suður-Afríku um og eftir 1950.



Bókafélagið Bjartur hefur gefið út í kilju söguna **Manntafl** eftir Stefan Zweig í íslenskri þýðingu Þórarins Stefánssonar. Nýlega frumsýndi Borgarleikhúsið leikrit byggt á sögunni.



Bókafélagið Bjartur hefur gefið út skáldsöguna **Í nafni kærleikans** eftir James Meek í íslenskri þýðingu Árna Óskarssonar. Bókin er þriðja skáldsaga Meeks og hefur sagan vakið mikla athygli og sterk viðbrögð. Meek var meðal gesta á Bókmenntahátíð í Reykjavík.



Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.

&
NÚMÉRÍÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Á vaxtalausum tilboði: kr. 276.500

NEW YORK þriggja sæta hægindasófi og tveir hægindastólar (3+1+1) með ekta THICK SHINY leðri.

Þökkum frábærar viðtökur og því verður
Önnur vaxtalaus vika
sem stendur frá 1. til 7. október.



Úrval af Chesterfield sófasettum, 3+1+1, og hornsófum. Eru til í hvítu og rauðbrúnu.

Mikið úrval af sófasettum á vaxalausum dögum í allt að 6 mánuði.

Við erum einnig með gott úrval af borðstofuhúsgögnum og gjafavörum.

Sjón er sögu ríkari!

Haukur Dór. Málverkasýning stendur yfir

Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallery Húsgögn

Opið alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16



Mikið úrval af borðstofusettum



Stofuborð. Listagripur úr kopar og gleri.



KRINGLUKRÁIN

Hljómsveitin
Upplýfting
í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill
fyrir leikhúsgesti
- Hópmatseðill

Borðapantanir í síma 568 0678 www.kringlukrain.is

*** af 5 mögulegum - DV
Frábær fjölskylduskemmtun! - Fréttablaðið



Annie

eftir Thomas MEEHAN,
Charles STROUSE &
Martin CHARNIN

Sun. 2/10 kl. 14

Sun. 16/10 kl. 14

Laug. 22/10 kl. 15

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá
kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI

www.annie.is
www.midi.is

Tökin hert THE TURN OF THE SCREW
EFFTIR
BENJAMIN
BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska Óperan v/Inglófstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400 ÍSLENSKA ÓPERAN

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

EDITH PIAF
Í kvöld lau. 1/10 uppselt, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10 örfá sæti laus. Sýningum lýkur í október.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 2/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00, sun. 23/10 nokkur sæti laus.

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumasýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Sun. 2/10 nokkur sæti laus, fim. 6/10, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10, sun. 16/10, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið. 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

KALLI Á PAKINU
e. Astrid Lindgren
Í dag kl. 14, Sun 2/10 kl. 14,
Sun 9/10 kl. 14, Sun 16/10 kl. 14

WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR
Frumasýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Miðaverð á forsýningar aðeins kr. 2.000,-
Í kvöld kl. 20 (sýning á ensku),
Fí 27/10 kl. 20.

HÍBÝLI VINDANNA
Örfáar aukasýningar í haust
Su 2/10 kl. 20, fö 7/10 kl. 20, Su 16/10 kl. 20

SALKA VALKA
fim 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánuðaga og þriðjudaga, 10-20
miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

FORBIST OKKUR
- NEMENDALEIKHÚSIÐ/COMMON NONSENSE
Höf. Hugleikur Dagsson
Í kvöld kl. 20 UPPSELT,
Su 2/10 kl. 20, Fí 6/10 kl. 20, Su 2/10 kl. 20,
Fö 7/10 kl. 20, Lau 8/10 kl. 20

MANNTAFL
Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20,

ALVEG BRILLJANT SKILNABUR
Í dag kl. 16 aukasýn, Lau 1/10 kl. 20 UPPSELT,
Fí 6/10 kl. 20 UPPSELT, Lau 8/10 kl. 16 Aukasýn
Lau 8/10 kl. 20 UPPSELT, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT,
Sun 16/10 kl. 20 AUKASÝNING

BELGÍSKA KONGÓ
Sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar
í kvöld kl. 20

LÍFSINS TRÉ
Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 22/10 kl. 20, Fí 27/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á
Híbýli vindanna og Lífsins tré
fæst sérstakur afsláttur



AGNAR OG KRISTJANA

Þau standa í stórræðum þessa dagana, hafa nýverið sent frá sér djassaðan disk með gömlum poppsmellum og taka auk þess þátt í stórum viðburðum á djasshátíðinni, sem lýkur á morgun.

Abba og Duran í djassbúningi

„Abba – hvað er nú það?“ sögðu djasskempurnar Drew Gress og John Hollenbeck við þau Kristjónu Stefánsdóttur söngkonu og Agnar Má Magnússon píanóleikara, sem brugðu sér til New York nýverið til þess að taka upp disk með nokkrum vel völdum popplögum í djössuðum útsetningum þeirra sjálfra.

Þar á meðal má nefna lög á borð við Abba-lagið Knowing Me Knowing You, Duran Duran-smellinn Save a Prayer og Owner Of a Lonely Heart sem hljómsveitin Yes flutti í eina tíð.

„Þeim fannst þetta allt saman frábær lög,“ segir Kristjana. „Ef skaplega eru þetta skemmtileg lög hjá ykkur krakkar, hvar tókst ykkur eiginlega að grafa þau upp?“

Diskurinn kom út núna seinni partinn í september og heitir Ég um þig. Titillagið er eftir Agnar

Má, en önnur lög á plötunni eru gamlir smellir sem allir voru í uppáhaldi hjá þeim Agnari og Kristjónu á sínum tíma. Óhætt er að segja að lögin birtast hlustendum í gjörsamlega nýjum búningi eftir að þau Kristjana og Agnar hafa farið höndum um þau.

„Þetta er búið að vera óskaplega skemmtilegt ferli og það kom í ljós að mörg þessara laga eru miklu ljóðrænni en maður hélt að þau væru. Það er svo gaman þegar maður strípar lögin niður þannig að eftir stendur bara laglínan og textinn. Svo setur maður undir bara eitthvað sem manni finnst fallegt.“

Kristjana hefur annars í nógu að snúast þessa dagana, því á morgun syngur hún einsöng með Kirkjukór Langholtskirkju og Stórsveit Reykjavíkur á tónleikum Djasshátíðar í Langholtskirkju.

„Þetta er útsett fyrir sjötíu

manna kór og stórsveit, og svo kemur hann Ole Kock Hansen frá Danmörku að stjórna okkur. Við ætlum að flytja helgisöngvana hans Duke Ellington. Þessi tónlist er ofsalega falleg og líka kraftmikil á köflum.“

Félagi hennar, píanóleikarinn Agnar Már, er sömuleiðis býsna upptekinn í tengslum við djasshátíðina, því á morgun leikur hann með oktett Ragnheiðar Gröndal á lokatónleikum djasshátíðar á Kaffi Reykjavík.

Þegar um hægist ætla þau að halda í tónleikaferð um landið með djassaða poppið sitt og enda síðan túrinn í Reykjavík 22. nóvember.

Þeir Drew Gress bassaleikari og John Hollenbeck trommari verða þó fjarri góðu gamni, en þeir hafa fullan hug á að koma til landsins á næstunni til þess að flytja þessi gömlu dægurlög með Kristjónu og Agnari. ■

■ ■ KVIKMYNDIR

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir Óskarsverðlaunamyndina **The Giant** frá árinu 1956 með **James Dean** og **Elizabeth Taylor** í aðalhlutverkunum.

■ ■ TÓNLEIKAR

15.00 **Markús B.** spilar á Kaffi Hljómalind, á horni Laugavegs og Klapparstígs.

16.00 Systurnar **Þóra Einarsdóttir** söpransöngkona og **Gunnhildur Einarsdóttir** hörpuleikari halda tónleika Salnum í TÍBRÁ tónleikaröð Kópavogs.

17.00 „Á ljúfum nótum“ er yfirskrift einsöngstónleika sem haldnir verða í Kópavogskirkju. **Kristín R. Sigurðardóttir** söpran og **Julian Hewlett** píanóleikari flytja óperuariar og íslensk sönglög.

17.00 **Anna Helga Björnsdóttir** leikur einleik með Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík á tónleikum í Nesirkirkju. Stjórnandi er **Gunnsteinn Ólafsson**.

20.00 **Krakkbot, Markús B., Hallvarður og Amelía** og **Isidor** spila á tónleikum á vegum Grandmothers Records á Kaffi Hljómalind við Laugaveg.

23.00 **Dikta** verður með tónleika á Grand Rokk.

Brain police spilar á Gauknum ásamt sænsku Hljómsveitinni **Subsonic Mind** og norsku Hljómsveitinni **Zensor**.

■ ■ OPNANIR

15.00 Sýning **Elínar Hansdóttur** verður opnuð í Gallerí BOX á Akureyri. Elín sýnir verkið SPOT sem hefur ekki verið sýnt á Íslandi fyrr. Sýningin stendur til 22. október.

15.00 Listvinafélagið **Skúli í túni** opnar vinnustofusýningu að Skúlatúni 4, þriðju hæð.

19.00 **Darri Lorensen** opnar sýningu í Bananananas, Laugavegi 80.

Sýning tuttugu og átta félagsmanna **Myndhöggvarfélagsins í Reykjavík** verður opnuð í Hafnarborg í Hafnarfirði.

■ ■ SKEMMTANIR

23.00 Hljómsveitin **Upplýfting** verður með dansleik á Kringlukránni.

Garðar Garðars spilar á Catalinu.

Danshljómsveit Friðjóns skemmtir í Vélsmiðjunni á Akureyri.

Hljómsveitin **Logar** frá Vestmannaeyjum með stórdansleik í Klúbbnum við Gullinbrú.

■ ■ ÚTIVIST

13.00 Gönguferð verður farin Þingvallasvæðið á vegum Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Gengið verður frá Gjábakka að Þjóðustumiðstöðinni á Leirum og farið yfir um þær gjár sem afmarka sigdældina Hrafnagjá að austanverðu og Almannagjá að vestan. Á leiðinni verður fjallað um sögu og náttúru Þingvallasvæðisins.

■ ■ FYRIRLESTRAR

14.00 **Björg Bjarnadóttir** sálfræðingur heldur fyrirlestur um drauma í Þjóðtrú Íslendinga í sal Zontaklúbbs Akureyrar, Aðalstræti 54.

14.00 **Viðar Guðmundsson**, prófessor í eðlisfræði við HÍ, fjallar um eðlisvísindin í tölvum í erindi sínu í fyrirlestraröðinni „Undur veraldar“ í Háskólabíói.

■ ■ SAMKOMUR

14.00 Fjölbreytt dagskrá verður á sviði í göngugötuinni í Mjódd í tilefni af **Breiðholtsdeginum**, sem efnt er til í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Avaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Birgitta
Gedde Gulrot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lifið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISÍÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avaxtakarfan.is

Djasshátíð í hámarki

Óvenju fjölbreytt dagskrá verður á Djasshátíð í dag, næstsíðasta dag hátíðarinnar í ár.

Þar ber ef til vill hæst tónleika bandaríska saxófónmeistarans Kenny Garrett, sem stígur á svið á Nasa klukkan 20.30 ásamt kvarterett sínum, sem er skipaður þeim Carlos McKinney á píanó, Ronald Bruner á trommur og Kristopher Funn á bassa.

Garrett er ein helsta saxófónstjarna djassstónlistarinnar í dag og þykir mikill hvalreki á fjörur djassunnenda hér á landi.

Hljómsveitin Póstberarnir stíga hins vegar á svið í Kaffi Reykjavík klukkan 20.30 og bera á borð tónlist úr smíðju Megasar,



KENNY GARRETT Einn af hápunktum djasshátíðar í ár eru stórtónleikar Kennys Garrett á Kaffi Reykjavík.

sem þeir hafa fært í djassaðan búning og flytja af mikilli list. Póstberarnir eru Ólafur

Stolzenwald bassaleikari, Agnar Már Magnússon píanóleikari, Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Eyjólfur Þorleifsson á tenór saxófón og Erik Qvick á trommur.

Fyrr um daginn kemur Stórsvetit Reykjavíkur fram á Nasa og flytur lög úr söngbók Duke Ellington undir stjórn danska píanóleikarans og stjórnandans Ole Koch Hansen.

Þeir sem vilja byrja daginn snemma geta brugðið sér á Hótel Borg í hádeginu þar sem Inga Eydal söngkona býður upp á „jazz brunch“ ásamt Gunnari Gunnarsyni, Jóni Rafnssyni og Benedikt Brynjólfssyni. ■

Carmen

LEIKKONUR
SÖNGKONUR

Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu auglýsir
áheyrnarprufu laugardaginn 8. október

Leitað er að leikkonu / söngkonu til að taka þátt í uppfærslu LR og Íd á CARMEN, leikriti með söngvum, sem byggir á óperu Bizets.

Æfingar hefjast í nóvember 2005 og frumsýnt verður í janúar 2006. Leikstjóri: Guðjón Pedersen. Danshöfundur: Steven Shropshire. Tónlistarstjóri: Agnar Már Magnússon.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Borgarleikhússins, í miðasölu og á heimasíðu. Umsækjendur verða valdir til þátttöku í prufunni.

Umsóknir, ásamt mynd, þurfa að hafa borist fimmtudaginn 6. október.

BORGARLEIKHÚSIÐ Nánari upplýsingar á www.borgarleikhus.is

ROKKVEISLA ALDARINNAR

Classic Rokk

Armúla 5

ROKKSVEIT RÚNARS JÚLIUSSONAR

Baldur P. Guðmundsson, Rúnar Júlíusson, Tryggvi Hubner, Júlíus F. Guðmundsson

Leika Klassískt Rock 'N Roll af hressara taginu eftir alla helstu frumkvöðla Rokksins
Chuck Berry, Little Richard, Rolling Stones, Rúnar Júl, Beatles, Flvis...

Helgina
30 Sept - 1 Okt

Aðgangseyrir
1000 kr

Sérstakur gestur
Ottar Felix Hauksson

“The Pretty Things” - Tribute, einnig lög eftir Bob Dylan o.fl.

EINSTAKT SIN CITY TILBOÐ AÐEINS Í NEXUS YFIR 40% AFSLÁTTUR AF SIN CITY MYNDASÖGUBÓK 1, 2 EÐA 3...

~~1.699 KR.~~ 999 KR. ~~1.699 KR.~~ 999 KR. ~~1.699 KR.~~ 999 KR.

...EF ÞÚ KAUPIR
SIN CITY
Á DVD
Í NEXUS

SIN CITY DVD Á
1.999 KR.
Í NEXUS

OOOH! I DO BELIEVE THE MAN IS LOOKING TO DO THE RODNEY!

NEXUS
HVERFIGATA 103
SÍMI 552 9011



> falleg áferð ...

Nýi farðinn frá Guerlain framkallar fallega og frísklega áferð.

Útlit



SMEKKURINN JÓN ATLI HELGASON HÁRGREIÐSLUMAÐUR Á GEL

Veikastur fyrir hressleika

Spáir þú mikið í tískuna? Já, óneitanlega geri ég það.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Ég klæði mig eins og mér líður hverju sinni.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Ég verð að segja að Aftur er uppáhaldsfatamerkið mitt.

Flottustu litirnir? Svartur, hvítur, blár og rauður.

Hvað finnst þér flottast í tískunni núna? Mér finnst bara flottast að vera graður og að þora.

Hverju ertu veikastur fyrir? Ég er veikastur fyrir hressleika.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Síðast keypti ég mér hatt í Spútnik.

Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn? Ég ætla að kaupa mér ógeðslega dýra og flotta úlpu. Eða hlýjan jakka, kannski Comme Des Garçons.

Uppáhaldsverslun? Það er „second hand design“-búð sem ég fór í þegar ég var í Moskvu.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Það er mjög misjafnt.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Ég gæti ekki verið án allra þröngu gallabuxnanna minna og alls ekki án Aftur hettupeysunnar minnar.

Uppáhaldsflík? Roberto Cavalli buxurnar mínar.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Ég myndi aldrei fara í verslunarferð, myndi bara versla þar sem ég væri.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Buffalo skór.



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Stundum ganga hlutirnir ekki eins og í sögu

Þrátt fyrir að háma í mig fullt af vítamínum þessa dagana sem eiga að bæta minnið og örva alla líkamsstarfsemi er gleyskan alveg að fara með mig. Þegar ég fer út á morgnana er alveg bókað að ég gleymi einhverju mikilvægu. Í vikunni fór ég í sund eftir vinnu. Ég kom reyndar við heima til að sækja sundbolinn minn. Þetta leit út fyrir að verða notaleg kvöldferð í Vesturbæjarlaugina, eða alveg þangað til ég fattaði að ég var bara með sundtoppinn minn, ekki buxurnar. Athyglisbresturinn hefur því verið í hámarki. Í stað þess að pirrast ógurlega og fara í fússi út úr klefanum, skokkaði ég ofurfallega niður og fékk leigðan einn ljótasta sundbol veraldar. Ég lét það ekki trufla mig, jafnvel þótt vinkona mín liti mun betur út en ég. Stundum verður maður að taka vellíðan fram yfir glæsilegt útlit. Þegar svona gerist, allt gengur á afturfótunum hjá manni, er bjartsýni það eina sem borgar sig. Þegar ég var í Ameríku um daginn kom ég auga á mjög falleg stígvél í Viktoríustíl. Þau voru svört, reimuð upp að hnám með fallegum hæl. Áður en ég mátaði þau var ég byrjuð að fantasera í hverju ég gæti verið við þau og hvað ég yrði mikil klassakona í vetur. Ég sá þetta alveg fyrir mér. Stemningin breyttist örlítið þegar búðakonan kom með kassann og byrjað að losa reimarnar. Eftir nokkrar tilraunir náði ég að koma mér í stígvélina en þá átti ég eftir að reima þau á mig. Það tók sirka átta mínútur að reima hvorn skó og þegar ég var kominn í bæði stígvélina var ég dauðuppgjefin. Ég áttaði mig á því að ég myndi aldrei hafa tíma fyrir þessa vitleysu. Þegar ég leit í spegilinn brá mér hins vegar mest. Ég var hræðileg í þessum skóm. Ég áttaði mig á því að reimar mjókka ekki beint legginn og þegar maður nær ekki 170 cm á hæð er vöðinn vis. Svona stígvél eru kannski aðeins flottari á háum og leggjálöngum. Þó þetta væru vonbrigði vissi ég í hjarta mér að heima fyrir myndi þetta gera stormandi lukku, maðurinn sem borgar vísareikninginn myndi gleðjast óendanlega.



TRICOT Þetta köflotta munstur er í miklu uppáhaldi hjá Rei Kawakubo en skyrta er einnig úr Tricot-línunni.

COMME DES GARÇONS Mismunandi efnum blandað saman.

SÆT PEYSA Þessi peysa var gerð fyrir Japansmarkað og er úr Tricot-línunni.

ÖVENJULEGUR JAKKI Flottur jakki sem kemur á óvart að neðan. Eftir hönnuðinn Junya Watanabe.

STONES Úr línu Comme Des Garçons þegar merki hljómsveitarinnar Rolling Stones var notað sem innblástur.

Skæruliðar við höfnina

Á Mýrargötu leynist nú sannkölluð skæruliðabúð eða Guerilla Store en í henni fást fót frá fatamerkinu Comme Des Garçons. Búðirnar hafa spröttið upp um allan heim og eru ýmsar reglur sem fylgja því að reka slíka búð. Meðal annars mega rekstraraðilar búðarinnar ekki auglýsa hana og hún má einungis vera rekin í eitt ár og þá skal hún annað hvort hverfa eða færa sig um set. Þjórar íslenskar stúlkur höfðu samband við ráðamenn Guerilla-búðanna hjá Comme Des Garçons og fengu leyfi til að opna búð hérlendis. Í búðinni fást ýmsar flíkur úr línunni Comme Des Garçons og þar á meðal hönnun Junya Watanabe. Einnig leynast þarna meðal annars flíkur og skór frá Fred Perry eftir samstarf þessara tveggja fyrirtækja. Af mörgu er því að taka í íslensku skæruliðabúðinni og ættu allir að leggja leið sína í þessa skemmtilegu og einstöku búð þar sem stelpurnar taka vingjarnlega á móti öllum sem leggja leið sína þangað.



MYNSTRAD SCHIFFON Fallegur bolur úr sjiffoni úr línu Comme Des Garçons.

KÖFLÓTTAR Gamaldags köflött munstur í nýtiskulegum litum.

Comme Des Garçons-fyrirtækið um leið og hann útskrifaðist úr háskóla. Þremur árum seinna hóf hann að hanna fyrir Tricot sem er undirlína Comme Des Garçons og heitir núna Comme Comme. Guerilla Store Iceland er opin alla virka daga frá tólf til sjö, á laugardögum frá tíu til fjögur en lokuð á sunnudögum.

hilda@frettabladid.is



POSTULÍN Svartur kjóll við beinhvítu brúðarslör.



JAKKAFÖT Úr smíðu Comme Des Garçons.



BUXNADRAGT Falleg og frumleg útgáfa af kvenlegri buxnadrägt.

SKÚLPTÚR? Þessi jakki minnir frekar á skulptúr en flík og er ekta hátískuvara.



Bylgjan 989

Gulli Helga

Laugardagsmorgna 9-13



RYKFRAKKI Daufur liturinn í frakkanum tónar fallega á móti kóngabláa litnum.

Hressandi hönnun

Max Mara sýndi línu sína fyrir sumarið 2006 á fimmtudaginn og ein-kennist línan af hressilegum litum, sólbrúnum fyrirsætum og framúr-stefnilegum sniðum. Hönnuðir Max Mara sóttu innblástur meðal annars í röndótt sjóliðaföt, stór snið, karlmannlegan stíl og avant garde ní-unda áratugarins. Litirnir voru dempaðir brúnir og gráir á móti skærum litum eins og kóngabláum, skærum laxableikum lit, grasgrænum og gulum. Lítið var um munstur en einstaka blómamunstur trítlaði yfir suma kjólana í skærum litum sem kom skemmtilega út á daufum lita-tönnum.

Sumar af klassískum flíkum Max Mara létu einnig sjá sig í nýju lín- unni og þar á meðal flíkur í safarí-stíl, rykfrakkar og víðar buxur með rykktu mitti sem minna á pappír- poka. Inn á milli voru svo flíkur sem sjást sjaldnar í hönnun Max Mara og þar á meðal litríkir sjiffon- kjólar, stórar peysur og kjólar með stórum hettum.

SUMAR 2006 Max Mara-herinn sýnir ný- ustu hönnunina.



FYRIR STRÖNDINA Falleg- ur bleikur bolur við afar klæðilegar röndóttar bikini- buxur.



LÉTTIR KJÓLAR Í línunni mátti meðal annars sjá fal- lega sumarkjóra eins og þessa í öllum litum.



KJÓLL MEÐ HETTU Séð aftan á sérstakan kjól í fal- lega gráum lit.



Sjampó í föstu formi

Þessi litli kubbur sem lítur helst út eins og einhvers konar ostur er í raun sjampó. Lush framleiðir sjampó meðal annars í föstu formi og eru þau afar vinsæl. Þetta sér- staka sjampó heitir Trichomania og ilmar af kókoshnetum. Sjampó- ið er sérlega nærandi fyrir hárið og er ætlað fyrir þurr há. Lush sjampóin í föstu formi duga afar lengi og skemmast ekki. Þegar sjampóin eru notuð er nóg að láta kubbinn leika á milli handanna til að búa til froðu, skella henni svo í hárið og útkoman er einstök.



Franskur koss

Franski kossinn er ein af fram- leiðsluvörum Lush sem hefur það markmið að lífga upp á baðferðir viðskiptavina. Þegar franska kossinum er bætt í baðið stígur upp lavender ilmur og vatnið freyðir, húðin verður mýkri og baðherbergið ilmar lengi á eftir. Það eina sem vantar þá upp á er róandi tónlist á fóninn og slökunin verður algjör.



FRÁ FRAMLEIÐANDA "SHREK 1 & 2"

WALT DISNEY

VALLANT

★★★★★
BLAÐIÐ

**"SUMAR DÚFUR ÉTA BRAUÐMYLSNUR...
AÐRAR SKAPA SÖGUNA"**

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

KOMIN Í BÍÓ
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFÖSS

FM 95.7 | SELFÖSS BÍÓ | Háskólabíó | SAMBÍÓIN

Matarmikið „gourmet“-teiti

Matartímaritið Gestgjafinn opnaði heimasíðu í vikunni. Af því til efni hélt ritstjórn Gestgjafans huggulegt teiti í Ásmundarsafni. Herra Ólafur Ragnar Grímsson heiðraði samkomuna með nærveru sinni en hann opnaði heimasíðuna formlega. Heimasíðan mun gagnast áskrifendum Gestgjafans vel enda hafa þeir aðgang að yfir 5.000 uppskriftum og öðrum spennandi hlutum sem allir matgæðingar ættu að geta nýtt sér. Björn Thoroddsen, Hans Kwakkernaat og Gunnar Hrafnsson spiluðu fallega tónlist. Þótt ritstjórn Gestgjafans sé sérlega lunkin við að matreiða var starfsfólk Skútunnar í Hafnarfirði fengið til að útbúa réttina. Lambakjöt var þemað og var það matreitt í ýmsum útgáfum. Einnig var boðið upp á sérretti fyrir grænmetisætur. Nanna Rögnvaldardóttir, matargúrú og ritstjóri vefsins, segir að teitið hafi heppnast gríðarlega vel.



FLOTT TEITI Sólveig Baldursdóttir, ritstjóri Gestgjafans, er hér ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni sem opnaði heimasíðuna www.gestgjafinn.is.



INNANHÚSSPÆJUR Elin Þorgeirsdóttir blaðamaður og Ólöf Jakóbína Ernudóttir, ritstjóri Húsa og hífýla, skörðuðu sínu fegursta.



BROSMILD Hreinn Hreinsson ljósmyndari ljómaði af gleði í Gestgjafateitinu. Hér er hann ásamt Marentzu Poulsen veitingakonu og Albert Eiríkssyni sælkersa.



Í GÓÐUM GÍR Stefán Hilmarsson endurskoðandi; Rósa Guðbjartsdóttir blaðamaður, Reynir Traustason ritstjóri og Páll Gíslason, framkvæmdastjóri Gutenberg, fylgdust spennit með þegar heimasíðan var opnuð.



GRÆNAR OG BROSMILDAR Gullveig Sæmundsdóttir, ritstjóri Nýs Lífs, og Hjördis Gísladóttir, á Grænum kosti, kynntu sér nýju heimasíðuna.



LEIKSTJÓRINN OG LEIKARINN Þau Þórhildur Þorleifsdóttir og Þór Tulinius létu ekki sitt eftir liggja og mættu.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin sett

Drátt fyrir vonskveður létu kvikmyndaunnendur það ekkert á sig fá heldur flykktust í Regnbogann á fimmtudagskvöldið. Þar fór fram setningarathöfn Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. Margir urðu frá að hverfa sem sýnir aukinn áhuga Íslendinga á sjálfstæðri kvikmyndagerð en það var Geir H. Haarde utanríkisráðherra sem setti hátíðina formlega.

Það var síðan uppselt á opnunarmyndina sem var Epli Adams eftir Anders Thomas Jensen. Hrönn Marínósdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar var feykilega ánægð með viðtökur en að lokinni sýningu var gestum boðið í Nýlistasafnið þar sem þeir gátu dreypt á léttum veitingum að hætti hússins.

MÁLIN RÆDD Þeir Ævar Kjartansson og Arnar Jónsson voru mættir og höfðu vafalaust margt að ræða um.



SAMPER-FJÖLSKYLDAN MÆTT Pau Kristjana, Mireya, Rebekka, Baltasar Darri og nafni hans Baltasar Samper mættu eftir velheppnaða opnun.



Orðin þreytt á athyglinni

Tara Reid er ósköp leið þessa dagana því hætt hefur verið framleiðslu á sjónvarpsþáttum hennar Paradise. Tara hefur verið það langt niðri undanfarið að blaðamenn sem hafa tekið viðtal við hana segja að það sjáist á henni hversu niðurdregin hún sé og í sumum tilvikum hafi hún svarað spurningum grátklökk. „Hvað ætla fjölmiðlar að leggja mig lengi í einelti? Það eru komnar nýjar slæmar stelpur, farið og angríð þær!“ sagði leikkonan síra sem hefur rek- ið umboðsmann sinn því henni finnst hann hafa ýtt undir slæma ímynd hennar.



TARA REID Hún er orðin leið á fjölmiðla- athyglinni og þráir að fá að djamma í fríði.

Hún er orðin leið á fjölmiðla- athyglinni og þráir að fá að djamma í fríði.



FJÖLSKYLDUSTEMNING Hjalti Nönnuson sem jafnan gengur undir nafninu efnafræðistudentinn mætti í Gestgjafabóðið ásamt Þorbjörgu Ágústsdóttur og systursyni sínum, Úlfi Árnasyni.

PUMA
SÉRVÆRSLUN
Full búð af nýjum vörum



PUMA
BÚÐIN

Laugavegur 42 - www.pumabudin.is
Sími 551 5599

Hin bráðskemmtilega og sprenglægilega Stuðmannamynd

Í TAKT VIÐ TÍMANN Á DVD Í SKÍFUNNI!



1.999kr

★★★

"...Séríslenskt
Fönn Fönn Fönn
SV - MBL

★★★★

"...bráðvelheppnuð
Skemmtun, grín og fjör..."
ÓHT - Rás 2

NÝTT!



1.699kr

**Þú færð geisladiskinn
og DVD saman á**

2.999kr



...skemmtir þér ;)

HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

RED EYE
FEAR THREE FLIGHT

RACHEL McADAMS CILLIAN MURPHY

★ ★ ★
-SV MBL

Bewitched
GÓLDROTT GAMANMYNDI

Nicole Kidman Will Ferrell

★ ★ ★
-SV MBL

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 2, 4, 6, 8 og 10

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.

Óbeint framhald af þáttaröðinni Jesú og Jósefína sem var sýnd við miklar vinsældir á Stöð 2 síðustu jóli.

Óskar & Jósefína

Sýnd kl. 2, 4 og 6 Miðaverð 450 kr. ÍSLENSKT TAL

DEUCE BIGALOW
EUROPEAN BIGGOL

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ára

LAVAGIGI 3D

Sýnd kl. 4 í Þrívidd

NIGHT WATCH

Sýnd kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ára

THE MAN

Sýnd kl. 2 og 4 ÍSLENSKT TAL

Dolby JDDJ IEX BÍÓ.is – allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

Bewitched
GÓLDROTT GAMANMYNDI

Nicole Kidman Will Ferrell

★ ★ ★
-SV MBL

NIGHT WATCH

Til að hafa stjórn á hrottum og illmennum er sett á laggirnar sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!

★ ★ ★
-HJ MBL
-OHT Rás 2

Sýnd kl. 3, 5.45, 8 og 10.15
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.

Óbeint framhald af þáttaröðinni Jesú og Jósefína sem var sýnd við miklar vinsældir á Stöð 2 síðustu jóli.

Óskar & Jósefína

Sýnd kl. 3 og 6 ÍSLENSKT TAL

FANTASTIC FOUR

Sýnd kl. 3 B.I. 10 ára

KVIKMYNDAHÁTÍÐ
29. september til 9. október

My Summer of Love / Sumarást Sýnd kl. 4
Café Transit / Landamerakaffi Sýnd kl. 6
Dreaming of Space / Geimdraumur Sýnd kl. 8
Porcelain Doll / Postulínsbrúða Sýnd kl. 8

Sýnd kl. 8, og 10.20

Borgarbíó

| | |
|------------------|----------------|
| Óskar & Jósefína | kl. 2 og 4 |
| Ævintýraferðin | kl. 2 |
| Bewitched | kl. 4, 6 og 8 |
| Red Eye | kl. 6, 8 og 10 |
| The Man | kl. 10 |

LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

- bara lúxus

RED EYE

RACHEL McADAMS CILLIAN MURPHY

POWER-SÝNING
KJALKALINGUM AF HLATHI

★ ★ ★
TOPPS.IS

THE 40 YEAR-OLD VIRGIN

STEVE CARRELL

BETRA SEINT EN ALDRÉ!

Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10-20 kl. 14

HÖRKU SPENNUTRYLLIR FRÁ WES CRAVEN LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDANNA

Óskar & Jósefína

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10-POWER kl. 14

THE MAN

Sýnd kl. 6, 8 og 10

